

skoðun 24

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Allt
Geðhjálp





LÚMSKUR ÓVINUR
Atvinnuleysi á Íslandi
Fréttaskýring 12


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
24. mars 2011
69. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




**Býr sig undir krefjandi hlutverk**

*María Birta setur sig í spor fíkils.*

fólk 46

**Bústaðakirkja 40 ára**

*Afmælinu fagnað með tónleikum.*

tímamót 28



**Háspenna í körfunni**

*Snæfell, Keflavík og Stjarnan tryggðu sér sæti í undanúrslitunum í gær.*

sport 48 & 50

**veðrið í dag**




**DÁLÍTIL ÚRKOMA** Í dag verða víðast austan 3-10 m/s. Dálítil úrkoma einkum síðdegis. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4


„Snilldarbók“
EGILL HELGASON / KILJAN




KOMIN Í KILJU
★★★★★
PBB / FT




**SUMARBLÓMIN SKJÓTA UPP KOLLINUM** Þótt snjóþunginn víða á landinu bendi til annars styttist í vorið og á gróðrarstöðvum eru sumarblómin farin að spretta upp úr moldinni. Hilmar Ómarsson á gróðrarstöðinni Mörk kannar hér sprettuna á stjúpunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Láta allt vera nema verðmæta skartgripi

**Hrina skartgripaþjófnaða gengur yfir sérbýlishúsahverfi á höfuðborgarsvæðinu. Innbrotsþjófarnir sækjast einkum eftir dýrum skartgripum og skilja ekki eftir sig verksummerki. Efla á nágrannavörslu og árvekni í hverfunum.**

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotsþjófar sem einkum eru á höttunum eftir dýrum skartgripum hafa á undanförnum vikum herjað á tiltekin hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Lögregla segir um faraldur að ræða. Meðal annars var dýrmætum ættargripum stolið frá konu sem Fréttablaðið ræddi við í gær.

Á undanförnum mánuði hafa um tuttugu innbrot verið framin í einbýlishúsahverfum í Hafnarfirði, Kópavogi og Grafarvogi. Hafa þjófarnir aðeins stolið dýrum skartgripum og ekki skilið eftir sig verksummerki, að skemmdum við innbrotin undanskildum.

Í sumum hverfanna þar sem fólk hefur orðið fyrir barðinu á innbrotsþjófum ætla íbúar að taka sig saman og koma á fót öflugri nágrannavörslu.

„Íbúar við götuna sem ég bý í ætla að efna til fundar með lögreglu og tryggingafyrirtækjum til að fá upplýsingar um viðbrögð við þessum innbrotum,“ segir Þorsteinn Vilhelmsson, íbúi í Kópavogi. Brotist var inn á heimili hans og eiginkonu hans um síðustu helgi. Brotist hefur verið inn á fimm heimili í hverfi þeirra.

Þorsteinn segir nauðsynlegt að lögregla sé í stakk búin að takast hratt og vel á við verkefni af þessu tagi.

Einar Ásbjörnsson, lögreglufulltrúi á höfuðborgarsvæðinu, segir mikilvægt að fólk hafi tiltekin atriði í huga til að verjast innbrotsþjófum. Gæta þurfi að því að allar krækjur á hurðum og gluggum séu í lagi. Fólk þurfi að vera vakandi fyrir umferð fólks sem ekki virðist eiga erindi inn í götur, taka niður bílnúmer og hika ekki við að láta lögreglu vita þyki eitthvað grunsamlegt á ferðinni. Hús í jaðri hverfa hafi verið útsettari fyrir innbrotum. Gjarnan sé farið inn baka til í skjóli trjáa, sólpalla og skjólveggja. Þetta þurfi að hafa í huga.

„Yfirleitt eru innbrot framin á hefðbundnum vinnutíma fólks,“ útskýrir Einar. „En í þessari hrinu nú hafa þjófarnir yfirleitt verið seinna á ferðinni, jafnvel fram undir klukkan átta á kvöldin. Bíræfnin er því töluverð.“ - jss

Íslensk skáldverk í BNA:

## Amazon gefur út verk Viktors og Vilborgar

**BÆKUR** Útgáfufyrirtækið Amazon Crossing, sem er í eigu bandaríska netrisans Amazon, hefur keypt útgáfurétt á þremur bókum eftir Viktor Arnar Ingólfsson og einni eftir Vilborgu Davíðsdóttur. „Þetta kom mér mjög á óvart,“ segir Viktor Arnar og bætir við að útgáfan ytra sé honum mikill heiður. „Maður hefur litið þannig á að Bandaríkjamarkaður væri óvinnandi vígi og það tæki því ekki að streða við að komast þangað.“

Flateyjargáta kemur út í Bandaríkjunum í haust, Engin spor í apríl á næsta ári og Afturelding í júlí sama ár. Amazon hefur einnig tryggt sér réttinn á Galdri, skáldsögu Vilborgar Davíðsdóttur.

Amazon hyggur á útgáfu yfir tíu íslenskra skáldverka í tilefni af heiðurssessi Íslands á bókamessunni í Frankfurt í ár. - fb / sjá síðu 54

Elizabeth Taylor látin:

## Umdeild en frábær listamaður

**FÓLK „Hún var stórbrotinn persónuleiki. Ég man að ég átti Elizabeth Taylor-dúkku sem fór hálfpartinn í skammarkrókinn þegar hún byrjaði með grínistanum Eddie Fischer enda var hann giftur maður,“ segir leikkonan Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, en stórleikkonan Elizabeth Taylor andaðist á sjúkrahúsi í Los Angeles í gær.**



LIZ TAYLOR

**Fjöldi fólks hefur vottað henni virðingu sína. Lilja Guðrún lék hlutverk Mörthu í Hver er hræddur við Virginiu Woolf en Elizabeth fór á kostum í því sama hlutverki á hvíta tjaldinu. „Ég sá reyndar ekki myndina fyrr en eftir frumsýningu en hún var náttúrlega upp á sitt besta á þeim tíma.“**

- fgg / sjá síðu 44


LYFJA – Lifið heil
Hjá okkur er opið alla daga
langt fram á kvöld
kl. 7-1 í Lágmúla kl. 8-24 á Smáratorgi
www.lyfja.is
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 52431 11/10

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is
Húsgögn fyrir hagsýna

## SPURNING DAGSINS



*Eva María, er Ísland þá hinsegin land?*

„Það er bæði öðruvísi og hýrt.“

Eva María Þórarinsdóttir Lange hefur ásamt kærustu sinni opnað ferðaskrifstofuna Pink Iceland sem sérhæfir sig í þjónustu við samkynhneigða. Eva María segir Ísland vel í stakk búið til að taka við hinsegin ferðamönnum enda sé réttindabaráttan hér langt á veg komin.

Eigandi Sjallans dæmdur til að greiða 400 þúsund krónur í sekt:

# Eldgleypir skemmti í brunagildru

**DÓMSMÁL** Eigandi skemmtistaðarins Sjallans á Akureyri, karlmaður nær sextugu, hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra til að greiða 400 þúsunda króna sekt í ríkissjóð fyrir brot gegn lögum um brunavarnir á staðnum.

Þegar slökkviliðsstjórinn á Akureyri skoðaði eldvarnir hússins að beiðni lögreglu aðfaranótt sunnudagsins 21. febrúar 2010 kom í ljós að allar flóttaleiðir voru ófærar. Meðal skemmtiatriða í húsinu umrætt kvöld var eldgleypir sem lék listir sínar fyrir gesti staðarins. Taldi dómurinn það ekki hafa minnkað alvarleika málsins.

Fram kom að umrædda nótt hafi Sjallinn verið opinn fyrir almennt skemmtanahald með brunavarnir á skemmtistaðnum í miklum ólestri. Við skoðun hafi komið í ljós þeir ágallar á brunavörnum að neyðarútgangur á suðausturhorni hússins hafi verið skrúfaður fastur og aðrar flóttaleiðir gesta ýmist bilaðar, eða hindraðar með stólum, bjórkútum, snjó og fleiru og slökkt hafði verið á brunavarnarkerfinu. Slökkviliðsstjóranum tókst ekki að sparka upp hurðinni á neyðarútganginum þótt hann reyndi það. Eigandinn játaði sök fyrir dómi. **- jss**




**SJALLINN Á AKUREYRI** Brunavarnir og eftirlit hafa verið stórlega bætt.

Tóbaksnotkun á Íslandi:

## Neftóbakssala tvöfaldaðist

**HEILBRIGÐISMÁL** Sala á neftóbaki rúmlega tvöfaldaðist á sjö ára bili frá 2003 til 2010, úr 11,7 tonnum upp í 25,5 tonn.

Þetta kom fram í svari Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra í gær við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tóbaksnotkun hér á landi síðustu sjö ár.

Þar kom líka fram að sífellt drægi úr reykingum þar sem rúm 14 prósent Íslendinga reyktu á síðasta ári og íþróttaiðkendur væru síður líklegir til að reykja. **- þj**



**EIN NEFND HVORT** Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir eru nú í einni fastanefnd alþingis hvort. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Atli og Lilja eftir úrsögn:

## Sitja hvort í sinni nefndinni

**ALÞINGI** Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason sitja hvort í sinni fastanefnd þingsins eftir nefndakosningar í gær.

Í kjölfar úrsagnar þeirra úr þingflokki Vinstri grænna misstu þau sæti sín í fastanefndum og var útlit fyrir að þau tækju ekki frekari þátt í nefndastörfum þingsins. Að tilstuðlan Margrétar Tryggvadóttur í Hreyfingunni varð að samkomulagi að Lilja tæki sæti í efnahags- og skattanefnd og Atli í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. **- þj**

Bretar búast til mótmæla:

## Lögregla boðar Twitter-notkun

**BRETLAND, AP Breska lögreglan býr sig nú undir fjölmennan mótmælafund, sem boðað hefur verið til í London á laugardag gegn efnahagsaðgerðum stjórnvalda, sem bitnað hafa harkalega á almenningi.**

**Talið er að mótmælin verði ein þau fjölmennustu sem efnt hefur verið til um árabil. Lögreglan hefur nú boðað að hún ætli að nota samskiptasíðuna Twitter til að ná eyrum mótmælenda jafnskjótt og eitthvað kemur upp á, meðal annars til að kveða niður orðróm, draga úr áhyggjum og koma viðvörunum á framfæri.** **- gb**

# Skólagarðar aflagðir en leigðir fjölskyldum

**Börn í Reykjavík munu ekki geta skráð sig í skólagarða eins og síðustu áratugi. Spara á 24 milljónir króna. Í staðinn á að leigja skikana í görðunum til fjölskyldna. Leigja á húsin við þrjá skólagarða undir starfsemi dagforeldra.**

**REYKJAVÍKURBORG** Engir skólagarðar verða í boði fyrir reykvísk börn næsta sumar. Garðarnir verða hins vegar boðnir til leigu undir matjurtagarða fyrir fjölskyldur.



**GUNNAR HERSVEINN**

„Ástæðan er sparnaður og hagræðing,“ segir Gunnar Hersveinn, upplýsingafulltrúi umhverfissviðs borgarinnar. Foreldrar hafa greitt þrjú þúsund krónur fyrir hvern skika sem börn hafa fengið í skólagörðunum. Innifalið í gjaldinu var bæði útsæði og starfsfólk sem aðstoðaði börnin. Að sögn Gunnars var kostnaður borgarinnar af skólagörðunum í fyrra 24 milljónir króna.

Til samanburðar eiga fjölskyldur að greiða 4.200 krónur fyrir sams konar skika sem er tuttugu fermetrar. Það eina sem fylgir er aðgangur að útikrana með köldu vatni. „Gert er ráð fyrir að Fjölskyldugarðar komi út á núllinu,“ segir Gunnar.

Að sögn Gunnars dalaði aðsókn í skólagarðana fram til ársins 2007. „Eftir hrunið jókst áhuginn aftur og það hefur verið eftirspurn eftir matjurtagörðum fyrir almenning,“ segir hann.

Hægt verður að leigja garða í Breiðholti, Árbæ, Vesturbæ, Fossvogi, Laugardal og Grafarvogi. Aðspurður segir Gunnar að úthlutunarreglurnar séu einfaldar. „Fólk er skráð þar til garðarnir eru orðnir fullir,“ upplýsir hann. Um sex hundruð skikar eru í boði. Þá stendur Reykvíkingum áfram til boða að leigja 100 fermetra garðland í Skammadal ofan við Mosfellsbæ fyrir 4.600 krónur.




**LIÐIN TÍÐ** Reykjavíkurborg er að spara og því verður starfsemi Skólagarðanna hætt. Komið verður til móts við eftirspurn með því að leigja skika í görðunum til almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hagræðingin á ekki eingöngu að felast í hækkaðri garðleigu og minni tilkostnaði vegna sumarstarfsfólks og útsæðis. Framkvæmda- og eignasvið borgarinnar hefur nú tekið yfir húsakostinn við skólagarðana og hyggst nýta hann til að afla tekna. Þannig hefur verið sótt um leyfi til að fá að leigja þrjú húsanna til dagforeldra. Þau hús eru við Logafold í Grafarvogi, við Bjarmaland í Fossvogi og við Holtaveg í Laugardal.

„Nú þegar eru dagforeldrar komnir með á leigu nokkur hús við gæsluvelli borgarinnar og hefur það komið vel út fyrir alla,“ segir eignasviðið í leyfisumsókn sinni. Við gæsluvellina leigi tveir dagforeldrar hvert hús saman og reiknað sé með því sama hvað skólagarðahúsin varðar.

gar@frettabladid.is

Textasamkeppni HÍ:

## Fréttablaðið birtir verðlaunatextana

**MENNING Fréttablaðið birtir næstu daga þrjá texta sem urðu hlutskarpastir í Áttu orð? – textasamkeppni hugvísindasviðs Háskóla Íslands.**

**Hugvísindasvið efndi til samkeppninnar í tilefni af aldarafmæli háskólans og var hún opin öllum nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum HÍ. Hátt í 200 textar bárust í keppnina.**

**Dómnefnd valdi úr 25 texta sem voru til sýnis í Kringlunni en 19. mars var tilkynnt hvað þrír textar dómnefnd þóttu skara fram úr. Fréttablaðið birtir í dag textann sem lenti í þriðja sæti: „Guðs dýrðar Kanaan“ eftir Þórdísi Eddu Jóhannesdóttur.** **- bs /** **sjá síðu 36**

Hræringar vegna skulda:

## Ríkisstjórnin í Portúgal fallin

**PORTÚGAL, AP** José Socrates sagði í gær af sér embætti forsætisráðherra Portúgals. Afsögnin kom eftir að stjórnarandstöðuflokkarnir tóku sig saman um að hafna frumvarpi hans um niðurskurði á ríkisútgjöldum.

Stjórnarandstöðunni fannst sem niðurskurðurinn gengi of langt og hafnaði því lögunum.

Socrates sagði í yfirlýsingu að höfnunin gerði honum ómögulegt að tryggja efnahagslega framtíð landsins, en skuldastaða Portúgals verður rædd á leiðtogafundi Evrópusambandsins í dag. **- þj**

### VÍKINGALOTTÓ

**490 milljónir til Noregs**

Tveir heppnir Norðmenn skiptu með sér fyrsta vinningnum í Víkingalottóinu í gær. Þeir fengu 245 milljónir króna hvor.




Landsdómur hafnar kröfum Geirs H. Haarde um að ákæru verði vísað frá:

# Saksóknarinn löglega kjörinn

**LANDSDÓMUR** Saksóknari Alþingis er löglega kjörinn þrátt fyrir að hann hafi ekki verið kjörinn á sama þingi og ákvað að ákæra skyldi Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir landsdómi.

Þetta kemur fram í dómi landsdóms, sem hafnar kröfu Geirs um að máli á hendur honum verði vísað frá.

Í lögum um landsdóm segir að þegar Alþingi ákveði að ákæra fyrir landsdómi skuli „jafnframt“ kjósa saksóknara til að sækja málið. Eftir að ákveðið var að ákæra Geir var þingi slitið og var því saksóknarinn kosinn á nýju þingi. Það taldi verjandi Geirs gera það að verkum að saksóknarinn væri ekki rétt kjörinn og því ætti að vísa málinu frá.

„Á kosningu saksóknara [...] urðu engar slíkar tafir að til réttarspjalla gætu horft gagnvart [Geir],“ segir í dómi Landsdóms.

Þar segir jafnframt að ekki sé hægt að líta svo á að ákvörðun um að ákæra og ákvörðun um saksóknara verði að koma fram í einu og sama þingmálinu. Kosning Alþingis á saksóknara sé því lögleg. **- bj**



**ÁKÆRÐUR** Kröfu Geirs H. Haarde um að ákæru á hendur honum fyrir landsdómi yrði vísað frá hefur verið hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Á MORGUN kl. 11.00
OPNUM VIÐ ANNAN
FJALLAKOFA
AÐ LAUGAVEGI 11
Vertu með þeim fyrstu til
að kíkja í nýja FJALLAKOFANN
FYRSTU 100 VIÐSKIPTAVINIRNIR
FÁ GÓÐAR GJAFIR!
25. mars. - 1.apríl.
Frábær opnunartilboð
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
við erum á
facebook
twitter
PETZL
Smartwool
JETBOIL
SILVA
SCARPA
Black Diamond
Marmot
DAKINE
*Tilboðin gilda í báðum verslunum Fjallakofans - í Reykjavík og Hafnarfirði
FJALLAKOFINN
Laugavegi 11 | Reykjavíkurvegi 64
Reykjavík
Hafnarfirði
s: 510 9505
www.fjallakofinn.is
Við vinnum með leiðsögumönnum
m.a.
arctic adventures
arctic RAFTING
GLACIER GUIDES

## GENGIÐ 23.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,65 | 114,19 |
| Sterlingspund | 185,16 | 186,06 |
| Evra | 161,39 | 162,29 |
| Dönsk króna | 21,639 | 21,765 |
| Norsk króna | 20,434 | 20,554 |
| Sænsk króna | 18,053 | 18,159 |
| Japanskt jen | 1,4038 | 1,4120 |
| SDR | 180,74 | 181,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,078

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstæðingar segja yfirlýsingu Jóhönnu vegna brota á jafnréttislögum „húmbúkk og yfirklór“:

# Staða Jóhönnu sögð neyðarleg og alvarleg

**ALÞINGI** Staða Jóhönnu Sigurðardóttur er neyðarleg og grafalvarleg, nú þegar kærunefnd jafnréttismála hefur úrskurðað að hún hafi sem forsætisráðherra brotið jafnréttislög við ráðningu skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu.

Þetta sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, á Alþingi í gær. Þorgerður sagði að yfirlýsing forsætisráðuneytisins vegna málsins væri „hrokafull og aumingjaleg“; „ekkert annað en húmbúkk og yfirklór.“ Lítið væri gert úr kærandanum í greinargerðinni.

Þorgerður sagði að enginn þingmaður hefði verið stóryrtari vegna brota á jafnréttislögum á árum áður en Jóhanna Sigurðardóttir og vitnaði til þess að hún hefði krafist afsagnar ráðherra þegar jafnréttislög voru brotin við skipan í embætti hæstaréttardómara.

Þorgerður spurði hvernig Samfylking og VG ætluðu nú að standa jafnréttisvaktina að fenginni þessari niðurstöðu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu, sagðist þeirrar skoðunar að málið væri grafalvarlegt og úrskurður kærunefndar væri vel rökstuddur og afdráttarlaus. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingu, sagði að þegar svo alvarlegur úrskurður lægi fyrir væri eðlilegt að forsætisráðherra veitti Alþingi skýringar. - pg



**JAFNRÉTTI** Sama dag og settar voru siðareglur um faglegar mannaráðningar féll úrskurður um brot forsætisráðherra á jafnréttislögum, sagði Þorgerður Katrín á Alþingi í gær.

Kærði á jafnréttisforsendum:

## Áfellisdómur yfir ráðuneyti

**JAFNRÉTTISMÁL** „Mér finnst þessi niðurstaða vera áfellisdómur yfir stjórnsýslu forsætisráðuneytisins,“ segir Anna Kristín Ólafsdóttir, sem kærði ráðningu forsætisráðuneytisins til kærunefndar jafnréttismála.



ANNA KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR

„Kærunefndin tekur undir öll þau atriði sem ég setti fram í minni kæru og setur stórt spurningarmerki við málsmeðferðina og það mat sem var unnið á umsækjendum,“ segir Anna. Hún segist ekki hafa ákveðið hvort hún ætli að krefja forsætisráðuneytið bóta en segir það vissulega möguleika.

„Mér fyndist það forkastanlegt ef ráðherra ætlaði sér að hundsa úrskurð kærunefndarinnar,“ segir Anna. „Ég tel að sá hroki sem kemur fram í yfirlýsingu forsætisráðuneytisins dæmi sig sjálfur.“

Anna segir það ánægjulegt að nefndin hafi úrskurðað sér í hag, það skipti miklu fyrir konur jafnt sem karla að úrræði á borð við þessi séu virk. - bj

Lögbannskrafa gegn DV:

## Láta ekki gögn

**FJÖLMIÐLAR DV ætlar ekki að fallast á kröfu sýslumanns um að blaðið skili gögnum um dótturfélag Landsbankans. Reynir Traustason, ritstjóri blaðsins, segir um svívirðilega aðför að heimildarmönnum að ræða.**

**Sýslumaðurinn samþykkti á þriðjudag lögbann á umfjöllun DV um fjárfestingarfélagið Horn, dótturfélag Landsbankans. Sýslumaður telur gögn sem blaðið hefur um félagið trúnaðargögn sem beri að skila. - kdk**

# Gengið framhjá hæfri konu

**Kærunefnd jafnréttismála telur að forsætisráðherra hafi brotið gegn jafnréttislögum við skipan í stöðu skrifstofustjóra. Ráðherra segist með hreina samvisku og segir kalrkyns umsækjanda hafa verið hæfari.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra braut jafnréttislög þegar hún gekk framhjá kvenkyns umsækjanda við ráðningu í stöðu skrifstofustjóra í ráðuneytinu samkvæmt úrskurði kærunefndar jafnréttismála.

Jóhanna skipaði Arnar Þór Másson í embætti skrifstofustjóra á skrifstofu stjórnsýslu- og samfélagsþróunar í ráðuneytinu í júní síðastliðnum. Anna Kristín Ólafsdóttir, sem einnig sótti um stöðuna, kærði niðurstöðuna til kærunefndar jafnréttismála.

Í úrskurði nefndarinnar segir að forsætisráðuneytið hafi ekki geta sýnt fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið að baki því að Arnar hafi fengið starfið en ekki Anna. Nefndin telur Arnar og Önnu í það minnsta jafn hæf til að gegna stöðunni, og gefur lítið fyrir ráðningarferli ráðuneytisins.

Í niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar segir að menntun Önnu hafi hentað betur en menntun Arnars, og að starfsreynsla þeirra hljóti að teljast jöfn. Þá kemur þar fram að Anna hafi vinninginn þegar komi að leiðtogahæfileikum, enda hafi hún haft mannaforráð í fyrri störfum, ólíkt Arnari.

Ráðuneytið fékk sjálfstætt starfandi sérfræðing til að koma að ráðningarferlinu. Ráðgjafinn tók viðtöl við þá umsækjendur sem taldir voru hæfastir, og gaf þeim stig í mismunandi flokkum eftir svörum þeirra í viðtölunum.

Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar segir að ekki liggi fyrir greinargóðar upplýsingar um svör umsækjenda, né hvernig svörin hafi verið metin. Því verði niðurstaða nefndarinnar ekki byggð á mati ráðgjafans á frammistöðu umsækjenda í viðtölum.



**RÁÐHERRA BROTLEGUR** Jóhanna Sigurðardóttir kallaði árið 2004 eftir afsögn þáverandi dómsmálaráðherra eftir að kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði að hann hefði brotið gegn jafnréttislögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Kallaði eftir afsögn ráðherra árið 2004

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kallaði eftir afsögn Björns Bjarnasonar, þáverandi dómsmálaráðherra, árið 2004 eftir að kærunefnd jafnréttismála úrskurðaði að ráðherrann hefði brotið gegn jafnréttislögum með skipan hæstaréttardómara.

„Hjá öðrum lýðræðisþjóðum hefði ráðherra sem brýtur svo gróflega lög og reglur verið látinn fjúka. En hér á landi er allt leyfilegt hjá ráðherrunum og þeir komast upp með allt,“ sagði Jóhanna á þingi árið 2004.

„Hæstvirtur ráðhera gerir ekkert með að hann er ekki einasta sekur um brot á jafnréttislögum heldur gengur hann á svig við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglur stjórnsýslulaga,“ sagði hún jafnframt.

„Hver er pólitísk ábyrgð ráðherrans? Er henni fullnægt að mati ráðherra með því að brotaþola verði dæmdar skaðabætur eða á ráðherra að segja af sér,“ sagði Jóhanna á þingi árið 2004.

Í yfirlýsingu sem forsætisráðuneytið sendi frá sér í gær segir að faglega hafi verið staðið að ráðningunni. Til stendur að boða Önnu til fundar í ráðuneytinu til að fara yfir málið.

„Það var samhljóma niðurstaða embættismanna og ráðgjafa, að sá sem skipaður var væri hæfastur til þess að gegna embættinu og var sú niðurstaða kynnt fyrir ráðherra,“ segir í yfirlýsingu ráðuneytisins.

„Einu afskipti ráðherra við undirbúning skipunar var að leggja áherslu á að hæfasti umsækjandinn væri skipaður og sérstaklega væri að því gætt að jafnréttislög væru í alla staði virt,“ segir þar enn fremur.

Samkvæmt yfirlýsingu ráðuneytisins var Anna fimmta í röðinni í hæfnismati sem gert var áður en skipað var í stöðuna en Arnar var í fyrsta sæti.

Jóhanna varð ekki við óskum Fréttablaðsins um að veita viðtal vegna málsins í gær. Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 sagðist hún vera með hreina samvisku, og að henni þætti miður hefðu jafnréttislög verið brotin.

Þá benti Jóhanna á að hún hefði eflaust hlotið mikla gagnrýni hefði hún ráðið Önnu. Hún hefði verið í fimmta sæti yfir umsækjendur, væri meðlimur í Samfylkingunni og fyrrverandi aðstoðarmaður Þórunnar Sveinbjarnardóttur í ráðherratíð Þórunnar í umhverfisráðuneytinu.

brjann@frettabladid.is

### Faglega staðið að ráðningu Arnars

Arndís Ósk Jónsdóttir mannauðsráðgjafi, sem kom að ráðningunni í starf skrifstofustjóra forsætisráðuneytisins, gagnrýnir vinnubrögð kærunefndar um jafnréttismál harðlega í greinargerð sem hún sendi ráðuneytinu í gær. Hún segir ráðningarferlið hafa verið faglegt.

„Þar til að kærunefnd jafnréttismála getur sýnt fram á hvaða fræðilegi bakgrunnur stendur að baki mati nefndarinnar má líta svo á að skilaboð hennar séu þau að á Íslandi eigi ekki að vinna faglega að undirbúningi ráðninga hjá hinu opinbera,“ segir í greinargerðinni.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**RÓLEGT VEÐUR**
Vorið mun loksins láta á sér kræla næstu daga og verður líklega víða orðið frostlaust á láglendi á morgun. Lítur út fyrir að hitinn um helgina verði á bilinu 3-10°C, mildast syðst. Veður verður almennt nokkuð þurrt og bjart og vindur hægur.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 16° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 6° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 10° |
| París | 18° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

TOYOTA

# Betri notaðir sparneytnir bílar

## Komdu á Nýbýlaveg eða Klettháls og skoðaðu frábært úrval af glæsilegum sparneytnum Toyota bílum

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2008 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.750.000 kr. Raðnr. 996954*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Árgerð: 2007 Ekinn: 64.000 km
Verð: 1.820.000 kr. Raðnr. 996377*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Auris Luxury**
1600 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 26.000 km
Verð: 3.090.000 kr. Raðnr. 996878*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Corolla Sol**
1600 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2007 Ekinn: 56.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 996940*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 63.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Raðnr. 996745*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Prius Hybrid**
1500 bensín/rafmagn sjálfsk.
Árgerð: 2002 Ekinn: 154.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Raðnr. 996872*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Aygo**
1000 bensín beinsk.
Árgerð: 2006 Ekinn: 55.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Raðnr. 996862*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Pruis Hybrid**
1500 bensín/rafmagn sjálfsk.
Árgerð: 2007 Ekinn: 91.000 km
Verð: 2.470.000 kr. Raðnr. 996088*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Aygo**
1000 bensín beinsk.
Árgerð: 2008 Ekinn: 67.000 km
Verð: 1.350.000 kr. Raðnr. 996848*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Auris Luxury**
1600 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2009 Ekinn: 17.000 km
Verð: 3.790.000 kr. Raðnr. 996736*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Corolla Sol**
1600 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2007 Ekinn: 54.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Raðnr. 996464*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI




**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk. MM
Árgerð: 2008 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.850.000 kr. Raðnr. 996927*

Eldsneytistölur eru uppgefnar frá framleiðanda og miðaðar við blandaðan akstur við bestu skilyrði á framleiðsludegi

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**BNB**-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570 5220**

**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 og lau 12.00 - 16.00**

**www.toyotakopavogi.is bnb@toyota.is - kletthals@toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota

## KJÖRKASSINN



*Óttast þú geislamengun frá Japan?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,7% |
| Nei | 80,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú ánægð(ur) með viðbrögð forsætisráðherra við úrskurði kærunefndar jafnréttismála?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Innanríkisráðuneytið spyr um 246 milljóna ábyrgð Mosfellsbæjar á láni verktaka:

# Hvernig samrýmist ábyrgðin lögum?

**SVEITARSTJÓRNIR** Innanríkisráðuneytið vill að Mosfellsbær skýri hvernig það geti samrýmst lögum að sveitarfélagið gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir 246 milljóna króna bankaláni fyrirtækisins Helgafellsbygginga hf.

Upptök lánsins sem Helgafellsbyggingar tóku hjá Landsbankanum var víxill sem félagið tók til að standa skil á greiðslum til bæjarins. Fulltrúi Íbúasamtakanna í bæjarstjórn gagnrýndi ábyrgð sveitarfélagsins á láninu sem greiða á upp næsta haust. Bæjarstjórnin fékk Lögmannsstofuna Lex til að meta málið. Lex segir ábyrgðina ekki samrýmast lögum.

Bæjaryfirvöld eru ósammála mati Lex. Það hafi bærinn traust veð „ef svo ólíklega vildi til að ábyrgðin félli á bæinn,“ eins og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri orðaði það í Fréttablaðinu 15. febrúar síðastliðinn.


Bæjarábyrgð fyrir verktaka ólögleg segir í lögfræðiáliti

Innanríkisráðuneytið gefur nú Mosfellsbæ frest til 31. mars til að útskýra hvernig ábyrgðin samræmist 6. málsgrein 73. greinar sveitarstjórnarlaga. Í greininni er meðal annars rætt um að sveitarstjórnir geti veitt sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sjálfs. - gar

Eyjafjarðarsveit um ofurlaun:

# Slítur viðskiptum við Arion

**EYJAFJÖRÐUR** Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt að hætta í bankaviðskiptum við Arion banka. Sveitin hefur átt í viðskiptum við Arion banka frá upphafi, en fregnir af launakjörum bankastjóra hafa orðið til þess að sveitarstjórnin vill ekki skipta lengur við bankann.

Í samþykkt sveitarstjórnarinnar segir að það sé algjörlega ólíðandi að á sama tíma og almenningur, fyrirtæki og stofnanir berjist við að ná endum saman skuli slíkar launagreiðslur tíðkast. - sv


Fundaröð upplýsingatæknifyrirtækja um markaðs- og sölumál

Markaðssetning á Netinu

**Íslandsstofa í samvinnu við SUT, heldur fund fyrir upplýsingatæknifyrirtæki um markaðssetningu á Netinu í dag, 24. mars, kl. 11.00–13.00 á Radisson BLU Hótel Sögu.**

Á fundinum verður rætt um mikilvægustu atriðin sem þarf að hafa í huga við markaðssetningu á Netinu auk þess sem sagðar verða reynslusögur nokkurra fyrirtækja.

Dagskrá:

- **Erindi** (Nordic eMarketing)
- **Reynslusögur** (FRISK Software, SecurStore og Hugvit)
- **Umræður** – spurningar og svör
- **Efling tenglsanets** – boðið verður upp á snarl að fundi loknum þar sem gert er ráð fyrir að menn spjalli saman og efli tengslanet sitt

Þeir sem hafa hug á að skrá sig á fundinn eru hvattir til að gera það sem fyrst í síma **511 4000** eða með tölvupósti, **islandsstofa@islandsstofa.is**.

Nánari upplýsingar veita Andri Marteinsson, **andri@islandsstofa.is** og Hermann Ottósson, **hermann@islandsstofa.is.**

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

Borgartún 35 | 105 Reykjavík

islandsstofa.is




**FORÐA SÉR UNDAN ÁRÁSUM** Uppreisnarmenn í austanverðu landinu forða sér undan árásum liðsmanna Gaddafís. NORDICPHOTOS/AFP

# Yfir 300 þúsund hafa flúið frá Líbíu

**Herskip frá NATO fylgjast með Líbíu úti fyrir ströndum landsins meðan herþotur gera loftárásir. Obama segir innrás á landi ekki koma til greina. Fulltrúi hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna með miklar áhyggjur af almenningi í Líbíu.**

**LÍBÍA, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti ítrekaði í gær að innrás á landi í Líbíu til að koma Múammar Gaddafí frá völdum kæmi ekki til greina.

Í gær, á fimmta degi loftárása Bandaríkjamanna, Frakka, Breta og fleiri þjóða, hafði engin lausn fengist á innbyrðis ágreiningi árásarríkjanna né heldur á ágreiningi þeirra við önnur ríki um markmið og skipulag aðgerðanna.

Þó er stefnt að því að NATO taki að sér yfirstjórn árásanna á næstu dögum.

Í næstu viku verður haldinn í London fundur fulltrúa frá Bandaríkjunum, Evrópuríkjum, arabaríkjum og Afríkuríkjum, þar sem rætt verður um ástandið í Líbíu og aðgerðir Vesturlanda. Tilgangurinn er að reyna að skapa samstöðu um aðgerðirnar.

Árásirnar hafa verið gagnrýndar fyrir að hafa kostað almenna borgara lífið, en varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna bar það til baka í gær og sagði engar sannanir fyrir því.

Í gær voru harðar árásir gerðar á borgina Misrata í vesturhluta landsins, skammt frá höfuðborginni Trípolí, þar sem Múammar Gaddafí er með höfuðstöðvar. Svo virtist sem árásirnar hefðu veikt herlið Gaddafís í Misrata verulega.

Meira en 300 þúsund manns hafa flúið frá Líbíu síðan átök hófust þar milli uppreisnarmanna og liðsmanna stjórnar Gaddafís.

„Ég hef miklar áhyggjur af áhrifum átakanna á almenning,“ sagði Rashid Khalikov, sem sér um skipulagningu hjálparstarfs á vegum Sameinuðu þjóðanna í Líbíu. Hann heimsótti Líbíu dagana 12. til 16. mars og sá miklar skemmdir á íbúðarhúsnæði, meðal annars í bænum Zawiya í vesturhluta landsins.

Sameinuðu þjóðirnar hafa kallað allt erlent starfsfólk sitt frá Líbíu og hafa hikað við að biðja innlent starfsfólk sitt um að ferðast um landið.

„Við erum ekki viss um að það sé óhætt fyrir það að gera nokkurn skapaðan hlut,“ sagði Khalikov.

gudsteinn@frettabladid.is


FJS

# Fjársýsla ríkisins flytur

**Fimmtudaginn 24. mars flyst starfsemi Fjársýslu ríkisins frá Sölvhólsgötu 7 í Vegmúla 3, Reykjavík.**

Beðist er velvirðingar á þeim truflunum sem kunna að verða af flutningunum.

Símanúmer er óbreytt, 545 7500 og er gert ráð fyrir að símsvörun á skiptiborði truflist ekki.

Einnig er bent á póstfang stofnunarinnar, postur@fjs.is.

Starfsemi FJS verður komin í fullan gang mánudaginn 28. mars.


Fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar gengur til annarrar umræðu á Alþingi:

# Ekki á að þrengja að fjölmiðlum

**ALÞINGI** Menntamálanefnd Alþingis hefur lokið fyrstu yfirferð frumvarps að heildarlögum um fjölmiðla. Önnur umræða fer fram á næstunni.

Að sögn Skúla Helgasonar, formanns menntamálanefndar, hefur fjölmiðlafrumvarpið tekið allnokkrum breytingum í meðförum nefndarinnar, en ákvæði í því hafa sætt harðri gagnrýni af hálfu fagfélaga blaða- og fréttamanna.

„Við höfum reynt að koma til móts við sjónarmið um að mikilvægt sé að skerða ekki tjáningarfrelsi miðlanna eða þrengja að þeim í sínum störfum,“ segir Skúli og kveður lagfæringar hafa verið gerðar á nokkuð mörgum stöðum í frumvarpinu. „Við höfum til dæmis dregið úr viðurlögum við ákveðnar greinar, eins og greininni um lýðræðislegar grundvallarreglur. Hún er nú meira í ætt við stefnulýsingu en að vera tengd tilteknum viðurlögum.“

Sömuleiðis segir Skúli nefndina hafa sett inn að ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði miðla, sem hann telji eitt mikilvægasta ákvæði laganna, þurfi að vinna í samstarfi við fagfélög blaða- og fréttamanna, en áður var kveðið á um að þau skyldu unnin með starfsmannafélögum.

Þá segir Skúli mikilvægt að sett hafi verið í lögin nýtt bráðabirgðaákvæði um endurskoðun þeirra innan þriggja ára frá gildistöku. „Það tryggir að menn eru viðbúnir að bregðast við ef upp koma einhverjar aðstæður sem við sjáum ekki fyrir í dag.“ - óká


MANNASIÐIR
GILLZ
KOMIN Á DVD
Í VERSLANIR HAGKAUPS!
ÁRITANIR
LAUGARDAGINN 26. MARS
Kringlunni kl. 14:00 - 15:45
Smáralind kl. 16:00 - 17:45
SUNNUDAGINN 27. MARS
Smáralind kl. 14:00 - 15:45
Kringlunni kl. 16:00 – 17:45
MANNASIÐIR
GILLZ
2.499
NÝ LEIKIN ÞÁTTARÖÐ BYGGÐ Á SAMNEFNDRI BÓK EFTIR EGIL „GILLZ" EINARSSON
SPILUM SAMAN
24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Í hvaða skák Fischers og Spasskís í einvígi aldarinnar voru taflmennirnir notaðir sem Guðmundur G. Þórarinsson á og ætlar að selja?*

**2** *Hvað heitir formaður Samtaka hernaðarandstæðinga?*

**3** *Hvað varð blússnillingurinn og Íslandsvinurinn Pinetop Perkins gamall?*

**SVÖR**

**1.** *Í þriðju skákinni.* **2.** *Stefán Pálsson.* **3.** *97 ára.*

Borgarbúar þurfa að leita til skipulagsráðs ef þörf er á að færa ruslatunnur:

# Fimmtán metra reglan tekur gildi 1. maí

**SKIPULAGSMÁL** Borgaryfirvöld hafa frestað um einn mánuð gildisstöku reglugerðar um að ruslatunnur megi ekki vera lengra frá sorphirðubíl en 15 metra. Reglan tekur gildi 1. maí en ekki 1. apríl eins og áður hafði verið stefnt að.

Reykvíkingar þurfa að leita ráða hjá skipulags- og byggingasviði áður en þeir færa ruslatunnur sínar nær götunni. Þetta kemur fram í minnisblaði sem byggingarfulltrúi og yfirlögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs lögðu fram á fundi skipulagsráðs í gær.

Eins og áður sagði hafa borgarbúar nú frest fram til 1. maí til þess að færa tunnurnar nær götunni eða borga árlega 4.800 króna auka sorphirðugjald á hverja tunnu.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, lagði fram fyrirspurn um málið á fundi borgarráðs fyrr í mánuðinum. Í minnisblaðinu segir Júlíus að nauðsynlegt sé að gera þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að þau vandi sín vinnubrögð þegar kemur að málum sem þessum. Nú hafi verið gefið til kynna að málið sé ekki eins einfalt og að flytja tunnurnar til og í mörgum tilfellum hreinlega rangt að halda slíku fram.

Fulltrúar sviðsins munu aðstoða við að leggja inn fyrirspurn um nýja staðsetningu. Í niðurlagi minnisblaðsins segir að ólíklegt teljist að margir lóðarhafar eigi möguleika á því að færa innbyggðar sorpgeymslur. En í þeim tilfellum þar sem möguleikinn er fyrir hendi er íbúum bent á að leita liðsinnis skipulags- og byggingarsviðs. **- sv**



**SORPHIRÐA** Eftir 1. apríl næstkomandi verður fjarlægð sorpíláta og bíls takmörkuð niður í 15 metra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Dýrt að þrífa glerhjúpin:

# Átta milljónir í þrif á Hörpu

**MENNINGARMÁL** Áætlaður kostnaður við árleg þrif á glerhjúp tónlistarhússins Hörpu er um átta milljónir króna. Gert er ráð fyrir að hjúpurinn verði hreinsaður nokkrum sinnum á ári.

Þetta kemur fram í svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar. Reynslan af vinnubúðum á lóðinni sem standa sjávarmegin við umferðargötur er sú að salt festist ekki á glugga og óhreinindi frá umferð eru engin á þeirri hlið sem snýr að sjó og varla merkjanleg á öðrum hliðum. Á glerhjúp hússins sjálfs hefur fallið gosaska í vissum veðrum og óhreinindi frá ófrágenginni lóð eru áberandi svo ekki er unnt að dæma þetta með sama hætti,“ segir í svarinu. **- eh**

Fá lán fyrir Búðarhálsvirkjun:

# Fjármögnunin langt komin

**VIRKJANAMÁL** **Landsvirkjun og Evrópski fjárfestingarbankinn (EIB) skrifuðu í gær undir nýjan lánasamning að fjárhæð 70 milljónir evra eða að jafnvirði um 11,3 milljarða króna.**

**Lokagjalddagi lánsins er á árinu 2031 og ber lánið millibankavexti auk hagstæðs álags. Í lánasamningnum er ákvæði um lágmarks lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Í tilkynningu segir að lánið sé mikilvægur áfangi í fjármögnun Búðarhálsvirkjunar en Landsvirkjun fékk lán frá Norræna fjárfestingarbankanum þann 16. mars síðast liðinn að fjárhæð 70 milljónir Bandaríkjadala.**

**Áfram er unnið að því að klára fjármögnun Búðarhálsvirkjunar og er gert ráð fyrir því að henni ljúki innan skamms.**

# Forvarnir og árvekni lykilatriði málsins

**Páll Bragi Kristjónsson glímdi við ristilkrabbamein, en vegna þess hve fljótt það greindist hefur hann náð fullum bata. Þakkar læknum og segir árvekni og forvarnir skipta öllu máli. Fagnar Mottumars-átaki Krabbameinsfélagsins.**

**FÓLK** Mottumars-átak Krabbameinsfélags Íslands, þar sem vakin er athygli á krabbameini í körlum, hefur gengið vel það sem af er mánuðinum.

Lykilatriði í átakinu eru forvarnir og árvekni þar sem greiningartími skiptir höfuðmáli.

Páll Bragi Kristjónsson, fyrrverandi útgefandi, er til vitnis um mikilvægi þess að greinast snemma því að hann hefur unnið bug á ristilkrabbameini.

„Ég hafði aldrei kennt mér meins en fór reglulega í læknisskoðun um árabil,“ segir Páll Bragi í samtali við Fréttablaðið.

„Svo var það fyrir tilviljun að ég tók þátt í heilsuverkefni í háskólanum sumarið 2009 þar sem tekin var blóðprufa. Prufan fer svo til heimilislæknisins míns, sem tekur eftir að blóðgildið hjá mér hefur fallið nokkuð.“

Páll Bragi segir það hafa komið sér á óvart þar sem hann hafi verið í góðu formi og leikið golf á hverjum degi þetta sumar.

„Læknirinn sendir mig þó í fjöldann allan af rannsóknum, en ekkert kom út úr þeim. Svo var það í einni skoðun sem ég minnist á ákveðið einkenni og við það kveikir hún á perunni og sendir mig í ristilspeglun.“

Þar kom í ljós að Páll Bragi var með fullburða krabbamein á tveimur stöðum í ristlinum og það þriðja á byrjunarstigi. Ristilkrabbamein er oft erfitt viðfangs.

„Ef læknirinn hefði ekki tekið svo vel á málinu og ekki látið rannsaka mig til þrautar, þótt ég fyndi ekki fyrir neinu, hefði meinið fengið að þróast áfram þar til það hefði komist á verra stig.“

Páll fór í aðgerð í lok árs 2009 þar sem allur ristillinn úr honum var fjarlægður, en svo vel vildi til að meinið hvarf alfarið við það og Páll þurfti ekki að gangast undir lyfjameðferð. Hann hefur nú náð sér að fullu.

„Ég varð samt mjög veikur í kjölfar aðgerðarinnar, en ákvað eftir áramótin að drífa mig í líkamsrækt og var kominn út á golfvöll í maí.“

Páll segir að vissulega séu svona alvarleg veikindi erfið lífsreynsla. Þó megi ekki leggja árar í bát þar sem lífið geti boðið upp á fleira.

Annar lærdómur, og ekki síðri, sem megi draga af hans sögu sé sá að árvekni og forvarnir skipta lykilmáli. Mottumars sé því nauðsynlegt átak til að undirstrika það.

„Eftir mína reynslu, er ég auðvitað þakklátur öllum þeim sem taka þátt í að leggja verkefninu lið og vekja á því athygli.“

**thorgils@frettabladid.is**



**NÁÐI FULLUM BATA** Páll Bragi Kristjónsson hefur náð sér að fullu eftir að hafa greinst með ristilkrabbamein árið 2009. Hann fagnar Mottumars-átakinu og segir forvarnir skipta öllu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ristilkrabbamein á Íslandi

- Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið hér á landi. Um 140 greinast með sjúkdóminn árlega, flestir yfir 50 ára, og um 50 manns deyja af völdum hans á hverju ári.
- Oft eru engin einkenni á sjúkdómnum fyrr en komið er á alvarlegt stig. Einkennum ristilkrabbameins má skipta annars vegar í meltingareinkenni, sem eru blóð í hægðum, hægðatregða eða niðurgangur, kviðverkir og uppþemba, og hins vegar almenn einkenni. Þau eru þreyta, þrekleysi, þyngdartap og megrun.
- Þeir sem eiga ættingja sem hafa glímt við ristilkrabbamein eru í áhættuhópi. Einnig þeir sem hafa greinst með sepa í ristli eða hafa glímt við langvinnar ristilbólgur.

*Heimild: Krabbameinsfélag Íslands*









Ungur maður dæmdur fyrir gróf kynferðisbrot gegn tveimur barnungum stúlkum:

# Játaði brotin og vill meðferð

**LÖGREGLUMÁL** Piltur á tvítugsaldri var dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum. Stúlkurnar voru sjö og átta ára gamlar þegar brotin voru framin. Hann hlaut skilorðsbundinn fangelsisdóm til þriggja ára.

Pilturinn káfaði meðal annars innanklæða á stúlkunum og bað þær um að snerta kynfæri sín. Hann játaði brot sín skýlaust.

Brotin áttu sér stað árin 2009 og 2010 og voru þau framin á Akureyri og nágrenni. Pilturinn var þá sextán ára.

Fram kemur í dómnum að pilturinn hafi leitað sér sálfræðiaðstoðar eftir að brotin voru framin og hafi hann til þessa farið í sautján viðtöl hjá sálfræðingi. Markmið meðferðarinnar er að vinna með kynferðislega, persónulega og félagslega þætti er tengdust brotum piltsins. Hann hefur lýst yfir eindregnum vilja sínum til þess að ljúka meðferðinni, sem áætlað er að verði nú í sumar.

Í ljósi ungs aldurs piltsins þótti ástæða til þess að skilorðsbinda dóminn. Einnig hafði áhrif á mildingu hans að pilturinn væri að leita sér hjálpar og hefði lýst yfir iðrun gjörða sinna. Hann mun þó sæta sérstakri umsjón tilsjónarmanns, sem Fangelsismálastofnun ríkisins mun útnefna þau þrjú ár sem hann er á skilorði. **- sv**

# Morgunmessa um mannauð og laun

**Skýrr heldur opinn morgunverðarfund um mannauðsmál, föstudaginn 25. mars, kl. 8–10**

**Skýrr heldur opinn morgunverðarfund fyrir atvinnulífið um mannauðs- og launamál í fyrramálið. Þar verður leitað svara við mikilvægum spurningum:**

- Hvaða áhrif hafa kreppan, lausir samningar og breytingar á vinnumarkaði á starfsfólk?
- Hvernig er hægt að haga eftirliti með þeim mikla kostnaði sem felst í launagreiðslum til starfsmanna?
- Er örugglega verið að ráða rétta aðilann í starfið og hvað kostar það fyrirtækið ef svo er ekki?
- Er hægt að nýta upplýsingakerfi til hagræðingar í mannauðsmálum?

**Skráning fer fram á skyrr.is.** Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir. Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 (gengið inn frá Háaleitisbraut).





8.00 *Húsið opnað*
Hollur og góður morgunverður að hætti Kalla kokks

8.30 *Skýrr 2011 býður góðan dag*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr





8.45 *Viðhorf starfsfólks til vinnuveitenda: Ólík áhrif kreppunnar á atvinnugreinar*
Dr. Ásta Bjarnadóttir, vinnusálfræðingur og forstöðumaður hjá Háskóla Íslands

9.05 *NAV Laun: Nýtt launakerfi fyrir Microsoft Dynamics NAV 2009*
Þórey Sigurbjörnsdóttir, ráðgjafi í Microsoft Dynamics NAV





9.20 *Nýttu tæknina til að bæta ráðningarferlið*
Starkaður Ö. Arnarson, sérfræðingur í mannauðslausnum

9.40 *Mannauður og upplýsingatækni fara vel saman*
Emma Á. Árnadóttir, mannauðsstjóri ÁTVR



*Fundarstjóri*
Magnús Ingi Stefánsson, forstöðumaður hjá viðskiptalausnum Skýrr


569 5100
skyrr@skyrr.is


SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA –11-0681




**GRÆNA FLJÓTIÐ Í PARÍS** Umhverfissinnar settu grænt litarefni út í Signu í gær til að minna á alþjóðlegan dag vatnsins. NORDICPHOTOS/AFP

Tvö tilvik til viðbótar sem fela í sér áreitni gegn börnum í Engjahverfi:

# Fróaði sér fyrir framan þrjár skólastúlkur

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár stúlkur úr tíunda bekk í Engjaskóla urðu fyrir því á heimleið úr skólanum á þriðjudagsmorgun að ungur maður sem þeir mættu á göngustíg hafði í frammi kynferðislega tilburði við þær. Maðurinn beraði kynfæri sín og fróaði sér fyrir framan þær. Ein stúlknanna greip þá til farsíma síns og þegar maðurinn sá það lét hann sig hverfa á brott.

Skólastjóri Engjaskóla, Jóhanna S. Vilbergsdóttir, sendi forráðamönnum barnanna í skólanum viðvörun vegna þessa atburðar í gær.

„Stúlkurnar voru á leið niður göngustíg norðan við skólann sem liggur niður að söluturni, þegar maðurinn varð fyrir þeim,“ útskýrir Jóhanna.

Stúlkurnar gátu lýst manninum, sem þær segja að sé um tvítugt, meðalmaður að hæð, klæddur grænni hettupeysu og svartri úlpu með mjög dökkar augnbrúnir.

„Við höfum komið málinu til lögreglu en biðjum ykkur um að ræða við börn ykkar um að hafa varann á í hvívetna og láta vita strax ef þau verða einhvers vör,“ segir í viðvörunarskeytinu.

Jóhanna segir fólk á varðbergi vegna manna sem virðist hafa stundað áreiti í grennd við skólann. Fyrir rúmri viku hafi tveir menn á svörtum bíl reynt að lokka tvo drengi upp í bílinn í Engjahverfi. Síðastliðinn föstudag hafi tveggja manna á dökkum bíl aftur orðið vart á bílastæði í hverfinu þar sem þeir reyndu að tæla lítinn dreng upp í bílinn með Playstation-3 tölvu. Auk þessa hafði áður verið tilkynnt þrisvar um menn á dökkum bíl sem reyndu að lokka börn upp í hann með gylliboðum. **- jss**



**ENGJASKÓLI** Þrjár stúlkur í tíunda bekk urðu fyrir ömurlegri reynslu í vikunni.



**OFANKOMA** Greining Íslandsbanka segir umskipti mikil á vinnumarkaði frá hruni, umtalsvert atvinnuleysi og tíðar hópuppsagnir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Launavísitalan hækkar:

# Kaupmáttur launa minnkar

**EFNAHAGSMÁL** Launavísitalan hækkaði um 0,2 prósent milli mánaða í febrúar um leið og kaupmáttur dróst saman um 1,0 prósent. Hagstofa Íslands birti í fyrrdag vístölur launa og kaupmáttar.

Hækkun launavísitölunar er í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka sögð vera í takti við þá þróun sem að jafnaði hafi verið síðasta árið að júní síðastliðnum undanskildum. Þá hækkaði vísitalan um rúm tvö prósent vegna kjarasamningsbundinna hækkana. 1,2 prósenta verðbólga milli janúar og febrúar varð til þess að kaupmáttur launa rýrnaði um 1,0 prósent. Er þetta í fyrsta sinn síðan í júní í fyrra sem kaupmáttur launa dregst saman á milli mánaða. **- óká**

Íbúar í Japan hafa áhyggjur af geislamengun í vatni:

# Fólk hamstrar vatn úr búðum í Tókýó

**JAPAN, AP** „Ég hef aldrei séð annað eins,“ sagði Toru Kikutaka, verslunarmaður í Tókýó, þar sem verslunarhillur með vatnsflöskum tæmdust nánast á augabragði eftir að borgarstjórinn sagði geislamengun hafa mælst í kranavatni borgarinnar.

Geislavirknin í vatninu er það mikil að ekki er óhætt að gefa það ungbörnum. Hins vegar er hún ekki svo mikil að eldri börn og fullorðið fólk geti ekki drukkið það sér að skaðlausu.

Geislamengunin hefur þegar haft áhrif á efnahagslíf Japans. Stjórnvöld í Hong Kong skýrðu í gær frá því að öllum innflutningi á matvælum frá fimm héruðum Japans, sem harðast urðu úti, verði hætt.

Bandaríkin hafa sömuleiðis hætt innflutningi á sumum vörutegundum.

Tala látinna vegna hamfaranna í Japan hefur hækkað jafnt og þétt nánast daglega undanfarið.

Lögreglan í Japan hafði í gær fengið staðfestar upplýsingar um nærri 9.500 dauðsföll af völdum hamfaranna í landinu. Að auki var nærri sextán þúsund manns saknað.

Reikna má með að þessar tölur skarist eitthvað því erfiðlega hefur gengið að bera kennsl á margar þeirra líkamsleifa sem fundist hafa.

Kjarnorkuslysið í Fukushima hefur strax haft nokkur áhrif á framtíð kjarnorkunýtingar á Vesturlöndum. Ítalir hafa frestað um eitt ár öllum áformum um að hefja á ný rekstur kjarnorkuvera, en þeir lögðu alla slíka starfsemi niður fyrir tuttugu árum vegna jarðskjálftahættu.

Þá hefur þýska stjórnin lýst því yfir að áformum um að leggja niður öll kjarnorkuver í landinu verði nú hraðað mjög, en áður hafði verið tekin ákvörðun um að leggja þau niður smám saman á næstu 25 árum. **- gb**



**BIÐJAST AFSÖKUNAR** Yfirmenn kjarnorkuversins í Fukushima hneigðu sig djúpt að japönskum sið þegar þeir heimsóttu fólk sem þurfti að rýma íbúðir sínar vegna geislavirkni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Geislavirkni í Japan

**Geislavirkni hefur mælst í matvælum og drykkjarvatni nálægt kjarnorkuverinu í Fukushima og allt suður til Tókýó. Sérfræðingar segja hættuna enn sem komið er litla, nema næst kjarnorkuverinu. Japönsk stjórnvöld reyna að koma í veg fyrir að mengaður matur berist til neytenda.**











**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Margir vilja kenna Sjálfstæðisflokknum um allt sem aflaga hefur farið en flokkurinn hefur aldrei stýrt Íbúðalánasjóði, sagði Sigurður Kári Kristjánsson,og bætti við að sjóðurinn væri skilgetið afkvæmi Jóhönnu Sigurðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekki enn ljóst hvað Íbúðalánasjóður þarf mikið fé:

# Heildarfjárþörfin allt að 48 milljarðar

**ALÞINGI** Það skýrist ekki fyrr en síðar á árinu hve mikið fé ríkið mun að leggja fram til að auka við eigið fé Íbúðalánasjóðs, sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra á Alþingi í gær.

Þegar hafa verið lagðir fram 33 milljarðar króna en það mun ekki duga að fullu, sagði ráðherrann og taldi líklegt að heildarfjárþörf sjóðsins gæti orðið allt að 48 milljarðar króna.

Sú tala kom fram hjá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins í umræðunni. 48 milljarðar miðast við að allt fari á versta hugsanlega veg. Miðað við sömu forsendur sé eðlilegt að gera ráð fyrir að kostnaður Íslendinga vegna Icesave yrði 2000 milljarðar, þ.e.a.s. allar skuldir þróist eins og verst má verða en eignir, sem standa á bak við skuldir, reynist einskis virði. Staðreyndin sé hins vegar sú að þótt Íbúðalánasjóður hefði vitaskuld orðið fyrir tapi af völdum efnahagshrunsins standi sjóðurinn sterkur eftir.

Guðbjartur sagði að áður en afskriftaþörfin lægi fyrir þurfi að fara yfir lánasafn sjóðsins og meta áhrif þeirra afskrifta sem ákveðið hefði verið að ráðast í samkvæmt svokallaðri 110% leið. **- pg**

# netto
Kræsingar og kostakjör



VÍNBER RAUÐ
500 G ASKJA

50% afsláttur

199 kr/pk.
áður 399 kr/pk.

# KRÆSINGAR OG **KOSTAKJÖR**



LAMBAKÓTELETTUR
OG LAMBASNITSEL
Í RASPI, FERSKT

1.499 kr/kg
Frábært verð



KALKÚNANAGGAR
800 G

FRYSTIVARA

50% afsláttur

749 kr/pk.
áður 1.498 kr/pk.



KLETTAGOS/VATN
2 LÍTRAR

NÝ Íslensk vara

179 kr/stk.
Frábært verð!



GRÍSASNITSEL
FERSKT

51% afsláttur

998 kr/kg
áður 2.049 kr/kg



HRÍSKÖKUR
M/DÖKKU SÚKKULAÐI
4 STK

249 kr/pk.
Frábært verð!



ORKUDRYKKUR
RED ROOSTER

20% afsláttur

79 kr/stk.
áður 99 kr/stk.



GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR

51% afsláttur

998 kr/kg
áður 2.049 kr/kg



HRÍSKÖKUR
M/LJÓSU SÚKKULAÐI
4 STK

219 kr/pk.
Frábært verð!



SOCCERADE
0,5 L
3 BRAGÐTEG.

179 kr/stk.
áður 219 kr/stk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 24. - 27. mars**
eða meðan birgðir endast

markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**FRÉTTASKÝRING:** Atvinnuleysi á Íslandi — 6. hluti




# Þolinmóður óvinur

**Atvinnuleysi hefur víðtæk áhrif á aðstæður fólks. Þau eru fyrst og síðast af félagslegum toga en heilsutengdur vandi er jafnframt vel þekktur og nær bæði til líkamlegrar og andlegrar heilsu.**

Atvinnumissir hefur víðtæk áhrif á líf allra sem fyrir slíku verða. Breytingar á félagslegum aðstæðum eru sjálfgefnar en færri hafa hugfast að atvinnuleysi getur haft alvarleg áhrif á heilsu fólks og leitt til minnkandi starfsgetu. Fjölgun örorkulífeyrisþega er ein af þeim hættum sem samfélag í kreppu getur þurft að takast á við.

Heilsufarsvandi vegna atvinnuleysis er lúmskur óvinur. Hingað til hefur ekki verið hægt að merkja með ótvíræðum hætti að ástand á atvinnumarkaði hafi haft áhrif á lýðheilsu. Þegar á hinn bóginn er litið til rannsókna í þeim löndum sem hafa tekist á við áþekk vandamál og steðja að íslensku samfélagi í dag er niðurstaða þeirra nær eintóna. Heilsufarsleg áhrif kreppu koma fram þótt síðar verði og því mikilvægt að hafa varann á og hlúa að einstaklingnum og þeirri grunnþjónustu sem byggð hefur verið upp á síðustu áratugum.

## Dauðans alvara

Lífslíkur hafa farið batnandi á Vesturlöndum undanfarna áratugi, meðal annars vegna minnkandi dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Þannig hefur náðst góður árangur hvað lýðheilsu varðar. Ein af forsendum þessa góða árangurs er batnandi efnahagur þjóðanna. Versnandi lífskjör sem fylgja atvinnuleysi geta því á sama hátt haft neikvæð áhrif á lýðheilsu sem stórar rannsóknir sýni ótvírætt. Eitt afgerandi dæmi er hvernig dánartíðni eykst í kjölfar atvinnuleysis og þá aðallega vegna hjarta- og æðasjúkdóma. Rannsóknir á örorku sýna jafnframt náin tengsl þarna á milli.

Sigurður Thorlacius, dósent við læknadeild Háskóla Íslands, hefur bent á þetta ótvíræða samhengi á milli atvinnuleysis og heilsu. „Þegar atvinnuleysi eykst þá fjölgar nýskráningum öryrkja og þegar dregur úr atvinnuleysinu aftur kemur það fram í fækkun nýskráninga á sama hátt. Þegar þetta er skoðað með tilliti til sjúkdómsgreininga þá eru sterkustu tengslin við hjarta- og æðasjúkdóma,“ segir Sigurður.

Sálfræðimóttaka var sett á stofn á vegum geðsviðs Landspítalans á gömlu heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg strax eftir hrun. „Þangað komu fáir en á sama tíma var fjórðungsaukning á innlögnum á hjartadeildinni,“ segir Sigurður.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var sálfræðimóttökunni lokað eftir sex mánuði þar sem engin þörf var talin fyrir þessa þjónustu. „Það var opnað fyrir þá þjónustu á vitlausum tíma, það væri mun meiri ástæða til þess að opna slíka móttöku núna til að hjálpa fólki vegna andlegra erfiðleika í tengslum við atvinnuleysi,“ segir Sigurður.

> Það verður ekki þessi forsætisráðherra sem les skýrsluna um hversu skaðleg kreppan var fyrir heilsu fólksins í þessu landi, heldur næsti eða þarnæsti.
>
> **KRISTINN TÓMASSON**
> YFIRLÆKNIR VINNUEFTIRLITSINS

## Almannaheill

Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu, segir í grein í Læknablaðinu árið 2008: „Það sem skiptir mestu máli til að viðhalda heilsu fólks er að það hafi trygga vinnu. Með tryggri vinnu helst regla á lífi fólks og fjölskyldna þeirra jafnframt sem þeim er tryggð afkoma. Það eru til margar rannsóknir sem undirstrika slæm áhrif atvinnuleysis á heilsu fólks, lífsgæði og ævilíkur. Þannig að það er forgangsverkefni að halda atvinnustigi háu. Það sem læknar og heilbrigðisyfirvöld verða að hugsa til þegar skórinn kreppir í fjármálum er að án heilbrigðra einstaklinga verður enginn hagvöxtur, velferð og velmegun.“

Kristinn segir að heilsufarsleg áhrif af efnahagslegu áfalli séu ekki líkleg til að skila sér fyrr en fimm til fimmtán árum eftir atburðinn. Ástæðan sé einföld. Samfélagið búi að þeirri góðu umgjörð sem komið hafi verið upp. „Enginn veikist daginn sem klippt er á vissa þjónustu eða dregið er úr henni. Það tekur síðan að halla á ógæfuhliðina hægt en örugglega eftir því sem líður frá því augnabliki að niðurskurðarhnífnum er beitt.“

## Forvarnir

Kristinn telur að á öllum tímum, bæði góðum og erfiðum, sé heilsugæslan, með virka heimilislækna í broddi fylkingar, án efa meðal brýnustu forvarna sem hægt er að kalla eftir. Eins verði allir sem að málaflokknum koma að hafa hugfast að meðferð sem sjúklingur hefur ekki efni á, virkar einfaldlega ekki og heilsufarseftirlit sem sjúklingur mætir ekki í vegna kostnaðar virkar ekki heldur.

Vilhjálmur Ari Arason, heilsugæslulæknir og dósent við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að heilsugæslan í landinu sé ekki undir það búin að taka við þeim vanda sem atvinnuleysinu fylgi. Vandamálið sé ekki síst félagslegs eðlis þó að tengslin við líkamlega og andlega sjúkdóma séu skýr. Hann segir að eitt af nýjum hlutverkum heilsugæslunnar í seinni tíð sé atvinnuheilsuvernd í þeim skilningi að viðhalda starfshæfni einstaklingsins og koma í veg fyrir ótímabæra örorku, ekki síst vegna geðraskana.

„Örorka er nútíma þjóðfélagi óhemju dýr, sér í lagi ef vaxandi fjöldi leitar eftir örorkumati af ástæðum sem hægt er að koma á móts við með öðrum hætti. Á tímum hópuppsagna er sérstaklega mikilvægt að gæta þess að rugla ekki saman félagslegum réttindum vegna atvinnumissis, og endurhæfingar- og örorkumati vegna heilsubrests til vinnu.“

Ekki þarf að fjölyrða um hversu alvarleg staða er hjá einstaklingi sem missir vinnuna án fyrirvara, oft eftir langa starfsævi hjá sama vinnuveitenda. Sérstaklega á þetta við um þá sem eiga við heilsubrest að stríða.

Vilhjálmur segir það skynsamlegast að verkalýðsfélögin og starfsmannasamböndin komi þessu fólki strax til hjálpar með boði um starfsendurhæfingu og mati sem byggist á fjölþátta endurhæfingu, sálfræðihjálp, félagsráðgjöf og sjúkraþjálfun. „Með slíku verkefni mætti komast hjá örorku vegna kvíða og þunglyndis í mörgum tilfellum sem virðast vera of algengar sjúkdómsgreiningar í dag. Þetta á ekki síður við um ómarkvissa og mikla notkun geðlyfja vegna utanaðkomandi erfiðleika.“

## Finnska reynslan

Mjög er horft til reynslu Finna af efnahagskreppunni sem þar reið yfir í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Eins og hér var staðan um nokkurra ára skeið grafalvarleg og atvinnuleysi í Finnlandi fór úr fimm prósentum árið 1990 í átján prósent þremur árum seinna. Varla er ofsagt að atburðarás og aðgerðir þarlendra stjórnvalda séu fyrirmynd Íslendinga. Sú nálgun hér á landi felst ekki síst í því að varast að endurtaka mistök þeirra.

Mistök Finna fólust í því að vanmeta félagslegar og ekki síst geðrænar afleiðingar hrunsins og skera niður framlög til geðheilbrigðisþjónustu. Niðurstaðan var holskefla geðrænna vandamála og átti það ekki síst við um ungt fólk þar sem öryrkjum vegna geðrænna vandamála fjölgaði um helming á sjö ára tímabili eftir aldamótin. Afleiðing finnsku kreppunnar til lengri tíma litið tengist fyrst og síðast vandamálum ungs fólks. Í dag takast Finnar á við djúpstæðan vanda sem tengist áfengis- og vímuefnavanda „týndu kynslóðarinnar“ svokölluðu. Það sem þeim svíður mest, og má sjá í ræðu og riti, er að hægur vandi hefði verið að stemma stigu við vandanum með réttum forvörnum.



**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

**Sjötti hluti af níu**
Næsta grein: Erlent vinnuafl og landflótti

## Atvinnumissir: Eðlileg viðbrögð og góð ráð

Geðlæknirinn **Kübler-Ross** rannsakaði um árabil reynslu og tilfinningar fólks sem greinst hafði með ólæknandi sjúkdóm. Hún greindi mismunandi stig í sorgarferlinu sem hægt er að heimfæra upp á aðrar aðstæður þegar vondar fréttir berast. **Stigin eru: afneitun, reiði, sorg og samþykki.**

**Fyrsta stigið:** afneitun
Fyrstu viðbrögð þess sem er sagt upp starfi geta oft verið að **horfast ekki í augu** við staðreyndirnar og afneita þeim. Þetta eru **varnarviðbrögð** sem hjálpa okkur að draga úr þeim sársauka sem skilaboðunum fylgja.

**Annað stigið:** reiði
Þegar við gerum okkur grein fyrir ástandinu koma oft aðrar tilfinningar eins og **gremja og reiði** sem geta beinst að **yfirmanninum**, **fyrirtækinu** eða hinu **ytra umhverfi.**

**Þriðja stigið:** sorg
Þegar okkur rennur reiðin beinast tilfinningarnar yfirleitt inn á við og sjást ekki eins augljóslega og þegar við erum reið. Við verðum **þögul, viðkvæm, döpur og niðurdregin** og að okkur sækja hugsanir eins og: **„Það er örugglega af því að ég er ekki nógu góður starfskraftur.“**

**Fjórða stigið:** samþykki
Þegar við erum komin á þetta stig höfum við **meðtekið** skilaboðin og á vissan hátt **sætt okkur við þau.** Þetta skref í sorgarferlinu einkennist oft af praktískum spurningum sem varða framtíðina: **„Hvað er hægt að gera í minni stöðu?“** Nú fyrst erum við tilbúin til að leita lausna og ræða framtíðina. Mikilvægt er að átta sig á því að þetta eru **eðlileg viðbrögð** við þeirri erfiðu reynslu sem starfsmissir er.

**Nokkur mikilvæg ráð:**



- **Hreyfing og slökun.** Það er afar mikilvægt að hreyfa sig reglulega og reyna að slaka vel á. Algengt er að þetta sé vanrækt þegar manni líður illa.
- Mjög mikilvægt er að tryggja nægan **svefn og hvíld.** Þá er einnig mikilvægt að huga vel að **mataræðinu** og gæta að **hollustunni** og **nærast** reglulega.



- **Æðruleysi.** Gott getur reynst að glöggva sig á hverju maður **getur breytt** og **setja stefnuna** á það. Það hefur lítið að segja að hafa áhyggjur af einhverju sem maður getur ekki haft **nein áhrif á.**
- Ræddu **opinskátt** við aðra um líðan þína og sæktu þér stuðning og eflingu hjá þeim sem þú **treystir best** til dæmis **fjölskyldu, vinum eða starfsfélaga. Það er óhollt að byrgja tilfinningar sínar inni.**



- **Takmarkaðu áreiti á þig** og heimilið ef það á við. Veldu þér einn eða tvo fjölmiðla og **ákveddu sjálf/-ur** hvenær þú hlustar á eða lest fréttirnar.
- **Farðu mjög varlega með áfengi.** Það er algengt að áfengisnotkun aukist með álagi og fólk reyni að draga úr kvíða og vanlíðan með því að fá sér í glas en uppsker enn meiri vanlíðan í kjölfarið.
- Mundu að **styðja og hvetja** aðra og sýna samkennd.

**Heimild:** Guðrún Guðmundsdóttir, Lýðheilsustöð




## SHISEIDO KYNNIR FLOTTUSTU FARÐANA 24.-29. MARS

### 20% AFSLÁTTUR AF SHISEIDO FÖRÐUM Á KYNNINGARDÖGUM

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum og Njarðvík

Leyfðu ráðgjafa frá Shiseido að aðstoða
þig við að finna farða sem hentar þér.

Ef keyptar eru vörur fyrir 6.000 eða meira þá fylgir
snyrtitaska sem inniheldur kremlínu sniðna að þínum
þörfum í gjafastærð.*



* Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**ÚT MARS MÁNUÐ**

Skorum á ríkisvaldið að endurskoða álagningu virðisaukaskatts á barnafatnaði.

*enn betra verð...*






**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24 Hagkaup

# LÆKKUM SKATT

SPILUM SAMAN

**á ÖLLUM barnafatnaði og barnaskóm um helming út marsmánuð***

*Lækkum VSK úr 25,5% í 12,75%. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.






HAGKAUP

Ein ferð betra verð

# neytendur
*hagur heimilanna*

**485** **KRÓNUR ER MEÐALKÍLÓVERÐIÐ Á KJÖTFARSI**
um þessar mundir. Það er um 50 krónum lægra en fyrir tveimur árum en svipað og það var árið 2005.

**NEYTANDINN:** FRIÐRIK SKÚLASON FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Áratug síðar er GPS-tækið enn ónotað*



Friðrik Skúlason, stofnandi og framkvæmdastjóri samnefnds upplýsingatæknifyrirtækis, er ekki í vafa um hver séu hans bestu kaup á ævinni. „Bestu kaupin eru skrifborðsstóllinn sem ég er búinn að eiga í um þrjátíu ár, allt frá því á unglingsárum,“ segir hann eftir ekki nema andartaksumhugsun. „Þetta er Brabert-stóll sem ég keypti í Pennanum á sínum tíma. Stólar þessir voru þvílík gæðavara að menn keyptu aldrei nema einn, en því miður hætti fyrirtækið að framleiða svona góða stóla,“ segir hann og býður í grun að ekki hafi verið gott fyrir vöruveltuna að stólarnir entust svona von úr viti. „Sem er náttúrlega skaði fyrir menn eins og mig sem eru tilbúnir að greiða aðeins meira fyrir gæðavöru.“ Stóllinn átti annars í samkeppni við steikarpönnuna sem enst hefur vel hjá Friðriki. „Hana keypti ég mér þegar ég flutti að heiman fyrir allt of mörgum árum.“

Lengri tíma tók Friðrik að rifja upp verstu kaupin, því alla jafna fer hann varlega í innkaupum og kveðst „íhaldssamur“ í þeim efnum. Margir hafa farið út af sporinu í bílakaupum, en það á ekki við um Friðrik. „Ég keyri á fimmtán ára gömlum bíl. Það eina sem skröltir í honum er klinkið í vasanum hjá mér.“

Akkillesarhæll Friðriks er hins vegar tækjadellan. „Flest tæki sem ég kaupi nota ég, en á því er ein undantekning. Tæki sem ég nota aldrei og hef ekki einu sinni tekið úr kassanum. Það er GPS-tækið sem ég fékk mér fyrir tíu árum og ætlaði að nota mikið þegar maður væri á þvælast um á ókunnum slóðum og annað slíkt.“ Friðrik segir tækið hafa verið fokdýrt, enda með þeim flottustu á markaðnum á sínum tíma. „En svo komst ég nefnilega að því að ég er ekkert að þvælast á stöðum sem ég þekki ekkert á. GPS-tæki þarf ég ekki hérna innanbæjar eða þegar maður er að skjótast í sumarbústaðinn og slíkt. Ég hef sumsé aldrei þurft að nota tækið og þar sem ég hef enga þörf haft fyrir það þá hef ég ekki talið ástæðu til að setja það í bílinn eða annars staðar. Þannig að tækið situr enn í sínum kassa, er örugglega í toppstandi og verður kannski safngripur eftir einhverja áratugi.“

- óká

■ **Eldsneyti**

### ESB vill bensínbílana burt

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill setja ströng markmið um að bensín- eða olíuknúnar bifreiðum verði fækkað um helming í borgum aðildarríkjanna fyrir árið 2030. Eftir það verði þeim enn fækkað jafnt og þétt til ársins 2050, þegar slík farartæki eiga ekki að sjást lengur í borgum aðildarríkjanna. Þetta kemur fram í skýrslu sem birt verður á mánudag.



**Á FERMINGARDAGINN** Að mörgu er að huga þegar kemur að fermingu barna og er sjálf athöfnin einungis lítill partur af því sem koma skal á fermingardaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Venjuleg veisla kostar 250.000

**Senn líður að fermingum þeirra barna sem fædd eru árið 1997. Fjölskyldur um land allt standa nú í ströngu við skipulagningu fjölmennra veisluhalda. En hvað kostar að halda fermingarveislur í dag?**

Viðburðaþjónustan Practical aðstoðaði Fréttablaðið við lauslega kostnaðaráætlun íslenskrar fermingarveislu.

Sé gert ráð fyrir því að þeir vinir og ættingjar sem koma í fermingarveisluna séu um 70, má gera ráð fyrir tæpum 300 þúsund krónum í heildarkostnað. Er þar miðað við að veisluhaldarar kaupi inn og lagi matinn sjálfir, fyrir utan eina aðkeypta fermingarköku.

Aníta Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Practical, segir að við skipulagningu stórs viðburðar sem þessa gerist það oft að fólk reikni dæmið ekki alveg til enda.

„Við göngum oft út frá því að það sé ódýrara að gera hlutina sjálf,“ segir Aníta. „En þá gleymist að áætla allt það hráefni sem þarf að kaupa inn auk tímans sem fer í undirbúning.“

Aníta segist hafa heyrt af vinahópum og saumaklúbbum sem hafa skipt verkefnum á milli sín þegar kemur að veislum barnanna. „Það er mjög sniðugt og þannig má að sjálfsögðu deila kostnaði og því álagi sem fylgir undirbúningi.“

Valmöguleikarnir sem fólk stendur frammi fyrir þegar skipuleggja á fermingarveislu eru ótalmargir. Hver og ein fjölskylda verður að meta hvernig hún vill verja tímanum sínum áður en veislan gengur í garð.

Í kostnaðaráætlun Fréttablaðsins og Practical er gert ráð fyrir 1.000 krónum í mat fyrir hvern gest.

sunna@frettabladid.is

**Lauslega áætlaður kostnaður fermingarfatnaðar**

| Stúlka | Kostnaður |
|---|---|
| Kjóll | 11.000 krónur |
| Sokkabuxur | 3.000 krónur |
| Skór | 10.000 krónur |
| **Fatnaður stúlku:** | **24.000 krónur** |

| Drengur | |
|---|---|
| Jakkaföt | 25.000 krónur |
| Skyrta | 6.000 krónur |
| Bindi | 3.000 krónur |
| Skór | 10.000 krónur |
| **Fatnaður drengs:** | **44.000 krónur** |

**Lauslega áætlaður kostnaður við fermingarveislu**

| Efni | Kostnaður | Miðað við |
|---|---|---|
| Salarleiga | 70.000 krónur | Sal fyrir 70 til 80 manns þar sem leyfilegt er að koma með veitingar með sér. |
| Matur | 70.000 krónur | Hráefniskostnað (tertur og drykkur) sem samsvarar 1.000 krónum á mann, heimatilbúinn matur. |
| Þjónusta í sal | 12.000 krónur | Einn starfsmaður í 4 klukkutíma |
| Kransakaka | 31.500 krónur | Miðað við 450 krónur á mann (aðkeypt) |
| Boðskort | 16.350 krónur | Hönnun, prent og umslög (50 stykki) og póstburðargjald. |
| Skreytingar | 35.000 krónur | Miðað við servíettur, kerti, gestabók og skreytingar á matarborð |
| **Alls kostnaður við veislu:** | | **234.850 krónur** |

*Athugið að ofangreint er einungis áætlaður meðalkostnaður við keypta þjónustu og vörur.*




**GÓÐ HÚSRÁÐ** Töfralyfið Alka-Seltzer

***til margra hluta nytsamlegt á heimilinu.***




Töfralyfið Alka-Seltzer er til margra hluta nytsamlegt og ekki bara til að sefa höfuðverk og magakvilla.

Virk efni í lyfinu eru nefnilega gagnleg þegar kemur að því að losna við erfið óhreinindi. Til dæmis er hægt að setja nokkrar töflur í kaffivél og láta hana ganga einn umgang. Eftir það er hún látin ganga öðru sinni með hreinu vatni og ætti hún eftir það að vera orðin hrein rétt eins og ný. Einnig má nýta Alka-Seltzer til að losa stíflur í vaski með því að setja þrjár töflur í stíflað niðurfall og hella bolla af ediki á eftir. Eftir nokkrar mínútur ætti blandan að vera búin að losa stífluna þannig að heitt vatn ætti að skola öllu burt.

# Þú...

## ... getur komið í viðskipti til okkar!

Suðurnesjakveðjur, Elsa, Jóna Björg, Magga og Ásdís Ýr




Dynamo Reykjavík

Suðurnesjamenn, velkomnir í viðskipti hjá okkur. Kynnið ykkur
þá þjónustu sem við höfum að bjóða á **byr.is**.
Höfum opnað útibú að Hafnargötu 90, Reykjanesbæ.

Komdu í heimsókn og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig.

Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is

BYR
REYKJANESBÆR

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

**2%** **STJÓRNENDA TELJA AÐSTÆÐUR GÓÐAR** Í nýlegri könnun Capacent kom í ljós að stjórnendur íslenskra stórfyrirtækja eru enn nokkuð svartsýnir á framtíðina. Í könnuninni svöruðu 80% stjórnenda því til að aðstæður í efnahagslífinu væru slæmar, 19% töldu þær hvorki góðar né slæmar. Útkoman er engu að síður jákvæðari en í síðustu könnun í desember, þegar nánast enginn stjórnandi taldi horfur góðar.

# Nýtt frumvarp um RÚV lagt fram á vormánuðum

**Ísland hefur ekki uppfyllt tilmæli ESA hvað varðar ríkisaðstoð við RÚV. ESA segir að skilja verði á milli samkeppnisreksturs og almannaþjónustu. Nefnd ráðherra býr til frumvarp sem tekur á ábendingum ESA.**

**UTANRÍKISMÁL** Stjórnvöld hafa farið fram á frest til aprílloka til að gera þær úrbætur á rekstar- og lagaumhverfi Ríkisútvarpsins (RÚV) sem ESA, eftirlitsstofnun EFTA fór fram á í síðasta mánuði. Beiðni stjórnvalda og skýringar á stöðu málsins voru sendar ESA í gær.

Í ákvörðun ESA frá 9. febrúar síðastliðnum er kveðið á um margvíslegar breytingar á lagaumhverfi og fjármögnun RÚV. Til að mynda er kveðið á um aðskilnað samkeppnisreksturs og almannaþjónustu í starfsemi RÚV. Þannig megi stofnunin ekki nota almannafé til þess að beita sér í samkeppnishamlandi aðgerðum á markaði.

Í frétt Fréttablaðsins um málið 11. febrúar sagði Páll Magnússon útvarpsstjóri tilmæli ESA engin áhrif hafa á rekstur RÚV. Þau sneru að stjórnvöldum en ekki stofnuninni. „Ef það eru einhverjir tæknilegir misbrestir hjá okkur verða þeir lagaðir, en þetta hefur ekkert með daglegan rekstur RÚV að gera,“ sagði hann þá.

Þegar hefur verið komið til móts við sumar athugasemdir ESA, svo sem með því að færa eignarhald RÚV frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytisins, sem í gær svaraði ákvörðun ESA.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer eftir sem áður með eftirlit með útsendingarstarfsemi, þótt skilið hafi verið á milli þess eftirlits og eignarhaldsins.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að í bréfinu til ESA stöðu málsins lýst. „Í raun og veru er sagt að við séum ekki búin að uppfylla tilmælin en vísað til þess að fjölmiðlafrumvarpið sé ennþá í umræðu,“ segir hún, en það var afgreitt úr menntamálanefnd þingsins á þriðjudag og verður fljótlega á dagskrá þingsins. „Í því er komið til móts við ákveðnar athugasemdir, svo sem með því að setja á laggirnar þessa fjölmiðlanefnd sem er á að hafa eftirlit með framkvæmd RÚV á útvarpsþjónustu í almannaþágu.“




**RÍKISÚTVARPIÐ** Í gær rann út frestur íslenskra stjórnvalda til að svara ESA vegna aðskilnaðar samkeppnisrekstrar og almannaþjónustu hjá RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auk þess segir Katrín í bréfinu vísað til nefndar sem hún stofnaði til að fara yfir lögin um Ríkisútvarpið ohf. og á að skila af sér frumvarpsdrögum í maí. Stefnt er að því að breyta lögunum á yfirstandandi þingi.„Í erindisbréfinu er sérstaklega kveðið á um að nefndin skoði þennan aðskilnað sem kveðið er á um milli samkeppnisreksturs og útvarpsreksturs í almannaþágu,“ segir hún, en nefndin var skipuð fyrir um hálfum mánuði.

**olikr@frettabladid.is**

---

Walmart hrifið af þorskinum:

## Viðurkennir ábyrgar veiðar

Walmart, stærsta verslunarkeðja Bandaríkjanna, hefur viðurkennt þorskveiðar Íslendinga sem ábyrgar. Þetta gæti aukið söluna á íslenskum fiskafurðum hjá Walmart.

Greint er frá þessu á vefsíðu Fiskifrétta. Þar segir að „Iceland Responsible Fisheries“ verkefnið hafi verið kynnt á sjávarútvegssýningunni í Boston sem haldin var dagana 20.-22. mars.

Ein mikilvægasta fréttin frá sýningunni var yfirlýsing Walmart um breytingu á innkaupastefnu sinni á sjávarafurðum, að því er segir í frétt frá Íslandsstofu.

Breytingarnar fela m.a. í sér að Walmart mun byggja kröfur sínar um innkaup á sjávarafurðum m.t.t. ábyrgra veiða á þeim viðmiðunum eða stöðlum sem settar eru í FAO-leiðbeiningum, en um er að ræða faggilta vottun þriðja aðila.

Þar með er sú vottun sem þorskveiðar Íslendinga hafa hlotið, tekin góð og gild hjá fyrirtækinu og greiðir það götu íslenskra fyrirtækja í sölu á sjávarafurðum.




# heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Heill, lokaður hornlisti • Sturtusett fylgir

TILBOÐ!




KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90




RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

til afgreiðslu af lager

# STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90




KANTAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90




Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



Við berjum niður

# verðið!

## LÆGRA VERÐ FYRIR VIÐHALDIÐ



**AUSTURÍSKT GÆÐAPARKET Í MIKLU ÚRVALI**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU WEITZER PARKETI**

Weitzer Parkett

PROSTRONG

VERÐDÆMI

**4.990kr/m²**

~~6.290kr/m²~~

**Eikarparket**
3ja stafa Structure.
146395



**Eikar plastparket**

**1.190kr/m²**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Eik 3ja stafa**
6 mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956

EGGER



**NÝTT**

**4 LITIR**

**Veggflís 25x40 cm**

**2.490kr/m²**

**Veggflís**
Saintes Moca.
25x40 cm, 4 litir.
8600632

Graniser



**10 ltr.**

**5.995,-**

~~7.495,-~~

**Jotaplast**
Gæða plastmálning á loft, gljástig 2.
7119808

JOTUN



**10 ltr.**

**6.995,-**

~~8.395,-~~

**Jotaproff**
Hágæða veggmálning, gljástig 7.
7119866-74

JOTUN



**4 LITIR**

**Gólf-/veggflís 10x10 cm**

**3.490kr/m²**

**Gólf/veggflís**
Saintes Antracite.
4 litir
8600641

**AÐEINS FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS**

**OPIÐ**
Í SKÚTUVOGI
**TIL 21:00**

SPILUM SAMAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


HANDVERKFÆRI
20%
AFSLÁTTUR*
Hamrar - hallamál - heflar
málbönd - sagir - skrúfjárn
sporjárn - tangir - lyklar
topplyklasett og margt fleira.
995,-
1.195,-
Rúllusett Anza
Bakki 25 cm.
7014822
9.995,-
11.995,-
Hleðsluborvél
B&D, 12V,
2 rafhlöður
5245999
BLACK & DECKER
NILFISK
14.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
Háþrýstidæla
NILFISK, 100 Bar.
100 Bar, 440 ltr/klst.
5254240
13.490,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
Sturtusett
Charisma
m/handbrúsu
8016115
Allt innifalið
36.990,-
Salerni
Vegghengt
salerni með öllu
8078415
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
Sturtuhorn
37.900,-
Sturtuhorn
Matt gler
90 cm hurð
og veggur
8028590
Botn fylgir
ekki með.
Látum
verkin tala!
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
*LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR
Tilboð gilda ekki af vörum
merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ætlar Jóhanna Sigurðardóttir að segja af sér vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála?

## Ráðherrar „komast upp með allt“

Eitt af því sem er svo óþægilegt í starfsumhverfi stjórnmálamanna er að þeir eru til skiptis í stjórn og stjórnarandstöðu, að minnsta kosti ef þeir sitja lengi á Alþingi. Afstaða þeirra í stjórnarandstöðu – sem iðulega er önnur og herskárri en þegar þeir eru í stjórn – kemur þess vegna oft og bítur þá í afturendann þegar þeir eru til dæmis komnir í ráðherraembætti. Þetta hefur gerzt oftar en nokkur maður hefur tölu á.

Það sem stjórnmálamenn ættu að vera búnir að læra af þessu er að gera ekki aðrar kröfur í stjórnarandstöðu til andstæðinga sinna í ráðherraembættum en þeir gera til sjálfra sín þegar þeir eru sjálfir setztir í ráðherrastólana. En eins og við vitum hafa þeir ekki lært það. Það gilda til dæmis alltaf önnur viðmið um afsagnir ráðherra hjá stjórn en hjá stjórnarandstöðu. Þetta er ein ástæða þess að almenningur ber jafnlítið traust til stjórnmálamanna og Alþingis og raun ber vitni.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nú er komið upp skólabókardæmi um þetta tvöfalda siðgæði. Kærunefnd jafnréttismála hefur úrskurðað að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafi brotið jafnréttislög þegar karlmaður var ráðinn í stöðu skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu. Kona sem sótti um starfið hafi verið að minnsta kosti jafnhæf og sá sem ráðinn var og af því að konur séu í minnihluta í skrifstofustjórastöðum í stjórnarráðinu hafi samkvæmt jafnréttislögum átt að ráða konuna.

Þetta mál setur Jóhönnu Sigurðardóttur í erfiða stöðu. Fyrir sjö árum kom upp mál sem er að langflestu leyti sambærilegt. Sama kærunefnd úrskurðaði að Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, hefði brotið jafnréttislög með því að ráða karlmann í stöðu hæstaréttardómara. Kona sem sótti um embættið hefði verið ívið hæfari en sá sem skipaður var og í ljósi þess að konur væru í minnihluta í Hæstarétti hefði hún átt að hljóta embættið.

Við þetta tækifæri lét Jóhanna Sigurðardóttir mörg stór orð falla á Alþingi. Þar á meðal þessi: „Hjá öðrum lýðræðisþjóðum hefði ráðherra sem brýtur svo gróflega lög og reglur verið látinn fjúka. En hér á landi er allt leyfilegt hjá ráðherrum og þeir komast upp með allt.“

Þessi orð Jóhönnu vísuðu ekki til umdeildra viðbragða Björns Bjarnasonar við úrskurðinum, þegar hann sagði meðal annars jafnréttislögin „barn síns tíma“. Þau vísuðu eingöngu til þess að lögskipuð nefnd hafði komizt að þeirri niðurstöðu að ráðherra hafði brotið lög – eins og nú hefur gerzt. Hér skal ekkert mat lagt á rökstuðning kærunefndarinnar í hvort skipti, en niðurstaðan er sú sama.

Jóhanna segir í yfirlýsingu í gær að jafnréttislögin hafi bara alls ekki verið brotin. Sama sagði Björn 2004 og viðbrögð Jóhönnu voru þau að segja að ráðherrann léti „eins og engill með geislabaug og segist ekkert hafa gert af sér“. Einmitt.

Jóhanna spurði fyrir sjö árum: „Hver er pólitísk ábyrgð ráðherrans? Er henni fullnægt að mati ráðherra með því að brotaþola verði dæmdar skaðabætur eða á ráðherra að segja af sér?“

Nú hefur Jóhanna Sigurðardóttir tækifæri til að svara sjálf þessum spurningum. Það hefur hún enn ekki gert.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn er spurt

Siv Friðleifsdóttir hefur lagt fyrir velferðarráðherra fyrirspurn í tveimur liðum um byggingu nýs Landspítala. Fyrri hlutinn er ágætur: „Hver er staða undirbúnings byggingar nýs Landspítala?“ Fróðlegt verður að heyra hvað ráðherrann hefur að segja um það. Síðari hlutinn er hins vegar svona: „Hve mörg störf er áætlað að skapist á byggingartímanum, sundurgreint eftir árum?“ Þetta er sérstök fyrirspurn í ljósi þess að eftir tveggja mínútna leit á vefnum liggur svarið fyrir. Mannaflaþörfin er 80 manns í ár, 359 á næsta ári, 756 árin 2013 og 2014, 636 árið 2015 og 23 árið 2016.



### Efndir

Vigdís Hauksdóttir hefur margoft sýnt að hún situr ekki við orðin tóm. Nýjasta dæmið leit dagsins ljós í gær. Í umræðum um mál fjölskyldunnar sem nýtti sér þjónustu staðgöngumóður á Indlandi boðaði hún frumvarp um breytingar á lögum um veitingu ríkisborgararéttar. Það var lagt fram í gær. Vigdís vill að felld verði úr lögum heimild Alþingis til að veita fólki ríkisborgararétt. Forvitnilegt verður að sjá hvort aðrir þingmenn séu sammála henni um að draga beri úr völdum þingsins að þessu leytinu til.



### Kvennamál

Kvennahreyfing Samfylkingarinnar heldur ársþing sitt á morgun. Spjallað verður fram eftir degi og drukkið og snætt um kvöldið undir skemmtiatriðum. Sérstakar pallborðsumræður verða á þinginu undir yfirskriftinni „Stjórnmál eru kvennamál – Við náum ekki árangri ef við tökum ekki þátt“. Nokkrir skörungar taka til máls sem munu eflaust lýsa skoðunum sínum á broti foringja síns, Jóhönnu Sigurðardóttur, á jafnréttislögunum.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Börn hefja ekki stríðsátök

Líbía



Stefán Ingi Stefánsson
frkv.stj. UNICEF á Íslandi

Það eru ekki börn sem hefja stríðsátök. Það eru heldur ekki börn sem varpa flugskeytum, stjórna starfi uppreisnarmanna eða stunda kúgun þegna sinna. Hins vegar eru börn ævinlega þau sem eru mest berskjölduð á átakasvæðum.

Börnin eru þau fyrstu til að finna fyrir afleiðingum þess þegar daglegt líf fer úr skorðum og innviðir samfélagsins bresta. Börn eru viðkvæmari en fullorðnir ef þau veikjast. Útbreiðsla farsótta kemur iðulega verst niður á þeim yngstu. Börn eru þau fyrstu til að falla þegar næring er af skornum skammti. Þegar upplausn ríkir eru börn auk þess enn útsettari en ella fyrir misnotkun og ofbeldi – sérstaklega ungar stúlkur.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, hefur þungar áhyggjur af lífi og velferð barna í Líbíu nú þegar röskun hefur orðið á öllu daglegu lífi þar í landi. Yfir 300.000 manns hafa flúið yfir landamærin og í hópnum er fjöldi barna. Þeim þarf að hlúa að. Heima við í Líbíu bíða hundruð þúsunda barna þess sem verða vill – hvort sem er í borgum sem andstæðingar líbískra ráðamanna ráða nú yfir, bæjum þar sem nánast allar verslanir eru lokaðar og erfitt er að nálgast vistir, eða stöðum sem gætu verið í grennd við skilgreind skotmörk og orðið fyrir árásum.

> Stöndum þétt að baki börnum í Líbíu.

UNICEF vinnur að því að aðstoða þessi börn. Mikilvægt er að vera til staðar bæði nú og á komandi mánuðum. Alls óvíst er hvað loftárásir munu standa lengi og hvað tekur við í framhaldinu. Verkefnin eru ærin: Barnavernd, menntun barna, sálræn aðstoð eftir það sem á undan er gengið, bólusetningar, aðgangur að heilsugæslu og hreinu vatni – listinn er langur. Á þessari stundu vinnur UNICEF m.a. að því að koma upp barnvænum svæðum í flóttamannabúðum við landamæri Líbíu. Þar geta börn leikið sér og reynt að halda í venjulegt líf í óvenjulegum aðstæðum.

Til að geta unnið starf sitt í Líbíu þarf UNICEF á aðstoð að halda. Íslendingar geta lagt sitt af mörkum. UNICEF á Íslandi hefur hafið neyðarsöfnun sem fræðast má um á www.unicef.is. Stöndum þétt að baki börnum í Líbíu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skömm og heiður

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Ósiðir leggjast jafnan af um síðir. Þrælahald var víða bannað með lögum um miðja 19. öld. Bretar riðu á vaðið, þegar þeir afnámu þrælahald í nýlendum sínum 1833. Bandaríkjamenn hurfu frá þrælahaldi að loknu borgarastríði 1865. Sádi-Arabía og Jemen bönnuðu þrælahald ekki fyrr en 1962 og Máritanía 1981, sumir segja 2007. Þrælahald er nú alls staðar bannað með lögum, en það tíðkast þó sums staðar enn í reynd, til dæmis í Afganistan. Einvígi tíðkuðust í þúsund ár, en þau lögðust endanlega af á 20. öld. Alexander Hamilton, fyrrum fjármálaráðherra Bandaríkjanna (mynd hans prýðir tíu dala seðilinn), féll í einvígi fyrir sitjandi varaforseta Bandaríkjanna 1804. Púskín, höfuðskáld Rússa, féll í einvígi 1837, löngu fyrir fertugt. Kínverjar reyrðu fætur stúlkubarna í þúsund ár. Reyrðir fætur voru fastur liður í kerfisbundinni kúgun kvenna og ollu sárum kvölum, bæklun og sýkingum. Siðurinn lagðist ekki af fyrr en með lögbanni 1912. Enn eru til kínverskar konur með örsmáa fætur. Sjálfur hef ég hitt gamla Evrópumenn með djúp einvígisör yfir þvert andlitið.

### Óttinn við vansæmd

Hvers vegna lögðust þessir ósiðir af? Létu þrælahaldarar, einvígisseggir og kínverskir foreldrar sér segjast? Tóku þeir rökum? Varð þeim smám saman ljóst, að þrælar, einvígi og reyrðir fætur stríða gegn góðum siðum? Ekki telur Kwame Anthony Appiah svo vera. Hann fæddist á Englandi, ólst upp í Gönu, er prófessor í heimspeki í Princetonháskóla í Bandaríkjunum og hefur skrifað bók um málið (The Honor Code, 2010). Þar færir hann rök að því, að greinarmunur góðs og ills, skilningur á muninum á réttu og röngu, hafi ekki skipt sköpum.

Margir menn börðust lengi gegn þrælahaldi. Einna kunnastur meðal Bandaríkjamanna í þeim hópi var rithöfundurinn og háðfuglinn Mark Twain. Margar bækur og greinar voru með líku lagi birtar gegn einvígjum sem fráleitri sóun á mannslífum og gegn því að reyra fætur sem grimmilegri meðferð á varnarlausum börnum. Ekkert af þessu hreif eitt sér, segir Appiah. Það, sem hreif, var á endanum óttinn við álit annarra: óttinn við vansæmd. Það, sem hreif, var óttinn við, að mansal kallaði vansæmd yfir þrælahaldara í augum annarra. Það, sem hreif, var óttinn við, að vansæmdin, sem hlytist af móðgun, teldist minni en vansæmdin, sem fylgir því að hefna móðgunar með manndrápi. Það, sem hreif, var óttinn við, að Kínverjar myndu kalla vansæmd yfir sig í augum umheimsins, héldu þeir áfram að reyra fætur stúlkubarna.

### Hvað er sæmd?

Appiah skilgreinir sæmd sem réttmætt tilkall til virðingar. Bankaþjófur eða eiturlyfjasali getur notið virðingar um skeið og jafnvel vafið heilu samfélagi um fingur sér, en hann á ekki tilkall til virðingar. Þrá eftir virðingu er fánýt, þótt hún sé algeng. Réttmætt tilkall til virðingar er annað mál. Vansæmd vekur ótta, þar eð hún sviptir menn tilkalli til virðingar.

> Það, sem hreif, var á endanum óttinn við álit annarra: óttinn við vansæmd. Það, sem hreif, var óttinn við, að mansal kallaði vansæmd yfir þrælahaldara í augum annarra.

### Sæmdarmorð

Appiah tekur nýlegt dæmi til að skýra málið. Fyrir tíu árum vildi ung kona í Pakistan, laganemi, skilja við mann sinn. Eiginmaðurinn var læknir eins og móðir konunnar, og faðir hennar var formaður viðskiptaráðs á staðnum. Einn góðan veðurdag, þegar konan unga sat á fundi á með lögfræðingi sínum, einum helzta mannréttindafrömuði landsins, ruddist móðir konunnar inn á skrifstofu lögfræðingsins með vopnuðum manni, sem gerði sér lítið fyrir og skaut ungu konuna til ólífis fyrir framan lögfræðinginn. Móðurinni þótt það bersýnilega engin vansæmd að láta myrða varnarlausa dóttur sína fyrir það eitt, að hún vildi skilja við mann sinn. Foreldrar konunnar töldu sig þvert á móti vera að verja heiður fjölskyldunnar. Sæmdarmorð eru framin hundruðum saman í Pakistan á hverju ári líkt og á Ítalíu fyrir hundrað árum og hér heima á þjóðveldisöld. Morð eru að vísu ólögleg meðal múslíma ekki síður en meðal kristinna manna, en það dugir ekki til. Sumu fólki þykir nauðsynlegt að fremja morð, ef aðrir heimta morð. Það telur heiður sinn í húfi. Þess vegna þarf að snúa öðrum, stundum jafnvel almenningsálitinu, svo að fleira fólk megi sjá og skilja, að því fylgir engin sæmd að myrða varnarlausa konu fyrir það eitt, að hún vill skilja við manninn sinn, heldur vansæmd.

Þessi hugsun nær yfir marga aðra ósiði samtímans, svo sem nautaat, pyntingar, umskurð og mannréttindabrotin í kvótakerfinu samkvæmt áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2007.

# Niðurlægjandi ákvæði

Icesave

Átta hæstaréttarlögmenn
skrifa um Icesave-lögin

Í nýju samningunum við Breta og Hollendinga mun vera kveðið á um að flytja varnarþing deilunnar við þessar þjóðir frá Íslandi og til þeirra! Það er ótrúlegt að samningamenn Íslendinga skuli semja um þetta.

Hvers vegna er það gert? Er það vegna þess að kröfuþjóðirnar treysta ekki íslenskum dómstólum? Hvernig dettur íslenskum samningamönnum í hug að fallast á slík sjónarmið? Voru þeir fulltrúar fullvalda ríkis við samningsgerðina eða hvað?

Svo er íslenska þjóðin beðin um að samþykkja þessa niðurlægingu við þjóðaratkvæðagreiðsluna! Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Sveinn Snorrason hrl.*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI UMRÆÐA
vísir


# FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA MEÐ BROS Á VÖR




**Ráðstefna Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunar og þjónustu.**
**Grand Hótel Reykjavík - Gullteig, föstudaginn 25. mars kl. 8.00-10.00.**

Fjórði hver Íslendingur á hinum almenna vinnumarkaði starfar við verslun og þjónustu. Á ráðstefnunni mun André Wiringa frá ráðgjafafyrirtækinu Performance Solutions m.a. fjalla um það hvernig veita megi framúrskarandi þjónustu með því að beita FISH! hugmyndafræðinni sem vakið hefur heimsathygli.

Á ráðstefnunni verður besta þjónustufyrirtæki ársins á Íslandi verðlaunað.


André Wiringa

**Dagskrá:**

**08.00** Húsið opnað – skráning og morgunverður
**08.30** Setning – Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ
**08.35** Fundarstjóri Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir
**08.40** Fish! Philosophy – André Wiringa, Performance Solutions
**09.50** Verðlaunaafhending og slit


Pike Place Fish í Seattle

**Verð aðeins 3.500 kr. með morgunverði.**
**Skráning á www.sa.is og www.svth.is**

FISH!

FISH! hugmyndafræðin hefur orðið mörgum innblástur til að auka vinnugleði og bæta starfsárangur. Hún varð til hjá fisksölunum í Pike Place Fish í Seattle í Bandaríkjunum sem eru nú orðnir heimsfrægir fyrir rekstur sinn og jákvætt viðhorf til lífsins. Metsölubók um FISH! hefur komið út í íslenskri þýðingu hjá Sölku forlagi undir heitinu Fiskur!

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Eigið fé, vanskil og lausafjárstýring Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður

Guðmundur Bjarnason
fyrrv. framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs



Málefni Íbúðalánasjóðs hafa verið nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum undanfarna daga. Eru þar þrjú atriði mest áberandi, áætlað framlag til sjóðsins til að styrkja eiginfjárstöðu hans, vanskil lántakenda við sjóðinn um þessar mundir og loks 6 ára gamalt mál er varðar ráðstöfun þess lausafjár er sjóðurinn sat uppi með eftir að bankar og sparisjóðir hófu að veita íbúðalán í stórum stíl.

**Eiginfjárhlutfallið**

Varðandi lausafjárstöðu sjóðsins er rétt að leiðrétta þá fullyrðingu að lög geri ráð fyrir því að eigið fé sjóðsins eða svo kallað CAD hlutfall skuli vera 5%. Hlutfallið er ekki lögbundið heldur ákvörðun stjórnvalda á hverjum tíma. Sjálfsagt er nauðsynlegt að styrkja eiginfjárhlutfallið eitthvað miðað við það ástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu en rétt er að benda á að þeir útreikningar sem nú er stuðst við þegar fjárþörfin er áætluð eru miðaðir við verstu hugsanlega innheimtu útlána á næstu árum. Ég tel fulla ástæðu til að skoða þessi mál vel og vanda allan útreikning og áætlanagerð en þróun efnahagsog atvinnumála á næstu misserum eiga eftir að leiða í ljós hver hin raunverulega þörf verður. Og það er ekki nauðsynlegt að binda sig við að CAD hlutfallið sé 5% þegar allar skuldbindingar sjóðsins eru með ríkisábyrgð.

**Vanskilin eru 4 milljarðar, 0,6% af útlánum**

Í sjónvarpsfréttum s.l. sunnudagskvöld var því slegið upp að vanskil lánþega við sjóðinn næmu nú um 75 milljörðum kr. Þessa fullyrðingu er rétt að skoða nánar. Ef lántakandi hefur lent í vanskilum með afborganir af 20 millj. kr. láni sínu, t.d. í þrjá mánuði kr. 50 þús. í hvert sinn eru vanskilin samtals kr. 150 þús. en ekki 20 milljónir! Þegar talan 75 milljarðar er nefnd er átt við höfuðstól allra þeirra lána sem vanskil hafa myndast á. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið námu raunveruleg vanskil við sjóðinn, 3ja mánaða og eldri, um s.l. mánaðamót 4,1 milljarði kr. eða tæpum 0,6% af heildarútlánum sem nú eru samtals 722 milljarðar kr. Þessi upphæð er vissulega há og hefur því miður farið hækkandi undanfarin ár allt frá hruni. Á árum áður og út árið 2008 voru þessi vanskil um 0,05-0,07%. Á árinu 2009 hækkuðu vanskilin upp í 0,25% og voru 0,4% um mitt sl. ár er ég lét af störfum hjá sjóðnum. Ástæða þessara auknu vanskila er því fyrst og fremst hinu efnahagslega hruni að kenna en ekki óábyrgri útlánastefnu sjóðsins enda hefur í því sambandi alltaf verið farið að lögum og reglum sem gilt hafa hverju sinni. Hlutverk sjóðsins er lögum samkvæmt „að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum“. Ávallt hefur verið reynt að gæta jafnræðis milli lánþega, að allir eigi sama rétt óháð búsetu og efnahag, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og loks hefur það verið stefna stjórnvalda að undanförnu að leggja aukna áherslu á framboð lána til leiguíbúða og íbúða fyrir námsmenn. Hefur hvað þau útlán varðar verið fylgt ítarlegum reglum sem samþykktar hafa verið af stjórn sjóðsins, auk laga- og reglugerðarákvæða.

> Fjármunirnir höfðu farið jafnt til bankanna til útlána þó að Íbúðalánasjóður hefði geymt þá í Seðlabankanum. Það sýndi sig þann skamma tíma sem sjóðurinn átti fjármuni þar, þeir runnu samdægurs til bankanna.

**Ráðstöfun lausafjár vegna uppgreiðslna**

Loks skal einu sinni enn fjallað um það ástand sem skapaðist hjá Íbúðalánasjóði í kjölfar þess að bankar og sparisjóðir hófu að lána íbúðalán í stórum stíl um mitt ár 2004. Nokkur hluti þeirra lánveitinga var nýttur til að greiða upp lán við Íbúðalánasjóð sem fljótt leiddi til þess að sjóðurinn sat uppi með mikla fjármuni sem varð að koma í ávöxtun með einhverjum hætti. Bankarnir höfðu á örfáum mánuðum lánað um 200 milljarða. Um áramótin 2004-2005 var Íbúðalánasjóður með um 100 milljarða kr. vegna þessara uppgreiðslna. Um tíma var hluti þessa fjár varðveittur í Seðlabankanum en ljóst var að sú ráðstöfun fjár samræmdist ekki fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins sem samþykkt er af stjórn sjóðsins í samráði við Fjármálaeftirlitið. Þar er kveðið á um að lánveitingar annars vegar og lántökur hins vegar þurfi að vera til álíka langs tíma. Og þar sem lántökur sjóðsins eru allar verðtryggðar varð sjóðurinn einnig að leita verðtryggingar á þessu fé. Hvorugt þessara skilyrða gat Seðlabankinn uppfyllt, aðeins tekið féð til skammtímavörslu og á óverðtryggðum kjörum. Þar að auki voru vextir Seðlabankans af lágir að mati stjórnenda sjóðsins. Var því leitað annarra leiða. Var að lokum talið heppilegast, m.a. til að ná framangreindum markmiðum, að fá bönkum og sparisjóðum þetta fé til varðveislu og ávöxtunar. Og tryggingarnar sem þar fengust voru einnig þær bestu sem fáanlegar voru, fjárstreymi þeirra skuldabréfa sem bankarnir höfðu þegar veitt sínum viðskiptavinum með veði í íbúðarhúsnæði. Með því móti var hægt að fullnægja öllum framangreindum skilyrðum, lánveitingar til lengri tíma, verðtryggð lán og vextir betri en vextir Seðlabankans. Munar þar líklega 10-15 milljörðum króna í hærri tekjum sem koma sér vel nú þegar harðnar í ári hjá sjóðnum. Fullyrðingar um að með þessu hafi Íbúðalánasjóður ýtt undir þensluna og fasteignabóluna styðjast ekki við nein rök þar sem fjármunirnir höfðu farið jafnt til bankanna til útlána þó að Íbúðalánasjóður hefði geymt þá í Seðlabankanum. Það sýndi sig þann skamma tíma sem sjóðurinn átti fjármuni þar, þeir runnu samdægurs til bankanna, þar eru engar „læstar hirslur“ og fjármunirnir leita sér að farvegi. Það ætti engum að vera betur ljóst en lektorum við Viðskiptadeild Háskóla Íslands. Á þessum tíma datt engum í hug fall bankanna innan fárra ára en nú er a.m.k. ljóst að tryggingar þær sem sjóðurinn tók, í verðtryggðum íbúðalánum bankanna, þrátt fyrir einhver vanskil, reyndust margfalt betri en þó bankarnir hefðu gefið út skuldabréf í eigin nafni sem nú væru trúlega verðlítil eða verðlaus. Rétt er að taka fram í lokin að Fjármálaeftirlitinu var gerð grein fyrir þessum samningum öllum meðan þeir voru í undirbúningi og vinnslu og síðar var Ríkisendurskoðun falið að gera úttekt á ferlinu og féllst hún á að rétt hafi verið staðið að málum og að sjóðnum hafi með þessum hætti tekist að verja sig fjárhagslegum áföllum.

# Grunnskólar – litlir eða stórir

Skólamál

Gunnlaugur Sigurðsson og Haraldur Finnsson
fyrrverandi skólastjórar Garðaskóla og Réttarholtsskóla





Miklar umræður hafa verið undanfarið vegna fyrirhugaðra breytinga stjórnvalda í Reykjavík á stjórnun og skipan leik- og grunnskóla í Reykjavík. Því miður virðast viðbrögð við tillögunum einkennast af andstöðu við allar breytingar en ekki faglegum rökum. Ein af fyrirhuguðum aðgerðum er að flytja til unglingadeildir og hafa þær færri og stærri.

Undirritaðir eyddu starfsævi sinni við kennslu og stjórnun í unglingaskólum og teljum okkur því þekkja nokkuð til þeirra mála. Um árabil einkenndist uppbygging grunnskóla í Reykjavík af heildstæðum skólum með 1.-10. bekk. Eftir stóðu þrír skólar sem eingöngu voru með unglingadeildir.

Í nýbyggðum hverfum er gjarnan mikill barnafjöldi fyrstu árin en síðan fækkar mjög, þó mismunandi eftir samsetningu íbúða í hverfunum. Undanfarin ár hefur fækkað mjög í mörgum þessara heildstæðu skóla, árgangar farið niður í einn til tvo bekki. Slíkar einingar eru erfiðar og dýrar í rekstri. Á barnastigi hefur víða verið þróuð samkennsla árganga til hagræðingar og reynst vel. Á unglingastigi er slíkt erfiðara. Ætlast er til að unglingar eigi kost á verulegu vali í námi eftir áhuga og vilja. Í litlum unglingadeildum er nánast ómögulegt að bjóða upp á fjölbreytt val og alls ekki nema með verulegum kostnaði. Þá eru mjög að aukast kröfur um að duglegir nemendur geti hafið nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi þegar í efstu bekkjum grunnskólans og geti þannig flýtt fyrir sér í framhaldsskólanum. Í umræðum um styttingu framhaldsskólans hefur verið rætt um að flytja hluta námsefnis framhaldsskólans niður í grunnskólann.

> Á unglingastigi verður að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni í námi. Til að slíkt sé gerlegt þarf nokkra bekki í hvern árgang og sérhæfða kennara í hinum ýmsu námsgreinum.

Á unglingastigi verður að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni í námi. Til að slíkt sé gerlegt þarf nokkra bekki í hvern árgang og sérhæfða kennara í hinum ýmsu námsgreinum. Kennara sem hafa bæði fagkunnáttu og áhuga á námsefninu til að kveikja áhuga meðal nemendanna. Einnig er mikilvægt að geta boðið upp á fjölbreytta sérfræðiþjónustu sem miðuð er við unglingsárin og umbrotin sem þeim fylgja. Mikla námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, sérkennslu fyrir þá sem þess þurfa, fjölbreytt úrval list- og verkgreina og ekki síst öflugt og fjölbreytt félagslíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Til að koma til móts við þessar kröfur allar er ljóst að sæmilega stórar einingar á unglingastigi eru mjög hagkvæmar, bæði fjárhagslega og ekki síður faglega. Í fámennum byggðarlögum verður ekki hjá því komist að búa við fámennar unglingadeildir en í þéttbýlinu hér er það óþarfi. Undanfarið hafa komið fram áhyggjur af að drengir virðast þrífast verr en stúlkur í grunnskólanum, ekki síst á unglingastiginu. Stórir unglingaskólar geta boðið upp á mikla fjölbreytni í valgreinum og einnig í námsaðgreiningu eftir stöðu nemandans í hverri námsgrein. Einhæfni í tilboðum skólans á unglingsaldrinum hlýtur að koma sér illa. Kannanir sýna að raddir um að meiri hætta sé á einelti og áhættuhegðun í stórum unglingadeildum eiga ekki við rök að styðjast. Dæmi eru um að einelti mælist mun minna í slíkum skólum en öðrum. Þá sýna niðurstöður í samræmdum prófum og í Písakönnuninni ótvírætt góðan árangur nemenda í unglingaskólum og stórum unglingadeildum.

Nú þegar öllum ætti að vera ljóst að fyllstu hagkvæmni þarf að beita í rekstri ætti ekki að vera erfitt að samþykkja breytingar sem jafnframt benda til faglegra ávinninga.

Hluthafafundur Exista ehf.
1. apríl 2011

EXISTA

Hluthafafundur Exista ehf. verður haldinn föstudaginn 1. apríl 2011 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl.10:30.

Dagskrá:
1. Kosning stjórnar.
2. Önnur mál.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til félagsins fyrir upphaf hluthafafundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og lögheimilis, upplýsingar um hlutafjáreign í félaginu og félögum innan samstæðu.

Tillögur frá hluthöfum sem bera skal upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Fundargögn verða afhent á fundardegi frá kl. 10:00 á fundarstað.

Reykjavík, 24. mars 2011
Stjórn Exista ehf.

EXISTA ehf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600

# Þjóðfundur VR

VR

Lúðvík Lúðvíksson
frambjóðandi til formennsku í VR



Vantraust ríkir á milli stjórnar og hins almenna félagsmanns. Hagsmunafélag sem hefur það hlutverk að gæta 28.500 félagsmanna verður að einbeita sér að markmiði sínu. Tímabil uppbyggingar gæti hafist um leið og félagsmenn og stjórnarmenn sameinuðust um lausn málsins og horft verði til framtíðar.

Lausnin er einföld. Það eina sem þarf að gera er að fara að vilja félagsmanna.

Heiti ég því að stofnað verði til Þjóðfundar til þess að komast að því hvað hinn almenni félagsmaður vill. Kanna óskir hans og áherslur. Hvernig starfshætti hann vilji sjá innan félagsins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Þjóðfundur hefur í íslensku máli haft tvíþætta merkingu. Ýmist hefur þjóðfundur merkt samkomu sem skipuð er kjörnum fulltrúum eða hann hefur verið notaður yfir almenna fundi eða samkomur um mikilvæg mál. Þjóðfundirnir þeir sem haldnir voru í Reykjavík 2009 og 2010 heppnuðust sérstaklega vel en þar voru rædd grundvallargildi samfélagsins og leið þjóðarinnar til sóknar og samstöðu. Vandamálið er einungis það að ekkert hefur verið farið eftir niðurstöðum nefndra þjóðfunda af stjórnvöldum.

Þjóðfundurinn myndi byggja á svipaðri grasrótar hugsun, en umræðuefnið þrengt og myndi snúast um VR og Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þess er vænst að um sexhundruð gestir, valdir af handahófi úr félagaskrá, taki þátt í fundinum. Þannig er honum ætlað að endurspegla vilja félagsmanna.

1. Fulltrúar valdir með tilviljunarúrtaki úr félagaskrá.
2. Úrtakið endurspegli kynjahlutföll og búsetu.

Fundinum yrði skipt í verkþætti sem dýpkuðu sífellt umræðu um viðfangsefni fundarins. Í fyrstu yrði fjallað um þau gildi sem fundarmenn vilja að lögð séu til grundvallar nýjum starfsháttum innan VR og lífeyrissjóðsins. Þátttakendur greiddu síðan atkvæði annars vegar að þeim þáttum sem þeim finnst mestu skipta og hins vegar þeim þáttum sem þeim finnast fela í sér nýjungar. Niðurstöður fundarins verða lagðar fyrir aðalfundi.

Ég legg til að við förum þessa leið. Sameinumst um að lægja öldurnar innan okkar raða, finnum út hvað hinn almenni félagsmaður vill sjá gert og framkvæmum það. Undirritaður er í framboði til formanns, ef ég næ kjöri mun ég halda Þjóðfund VR ekki seinna en næsta sumar.

HP Compaq Pro

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

# FJÓRAR FRÁBÆRAR VÉLAR Á FÁRÁNLEGA GÓÐU VERÐI



Vörunr.: WT092EA

## HP 620

**119.900 kr.**

- Intel Core Duo T4500 2,3 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 4 GB
- 320 GB SATA 3,0 Gb/s með DriveGuard
- Microsoft Windows 7 Home Premium



Vörunr.: WU262EA

## HP PRO 3125 MT

**79.900 kr.**

- AMD Athlon II X2 250 3,0 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 8 GB
- 320 GB SATA 3,0 Gb/s 7200 rpm
- Microsoft Windows 7 Professional
- Styður tvo skjái samtímis



Vörunr.: WU184EA

## HP PRO 3120 SFF

**89.900 kr.**

- Intel Dual Core E5500 2,8 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 8 GB
- 320 GB SATA 3,0 Gb/s 7200 rpm
- Microsoft Windows 7 Professional
- Styður tvo skjái samtímis



Vörunr.: AT496AV

## HP Compaq 6005 Pro SFF

**99.900 kr.**

- AMD Athlon II X2 B24 3,0 GHz
- 2 GB DDR3 1333 MHz, mest stækkanleg í 16 GB
- 250 GB SATA 3,0 Gb/s 7200 rpm
- Microsoft Windows Vista Home Basic
- Styður tvo skjái samtímis

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

* Skv. Gartner

VERT

# Virðum réttindi

Lífeyrismál


Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB


Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður BHM


Eiríkur Jónsson
formaður KÍ

Um nokkurt skeið hefur verið starfræktur vinnuhópur á grundvelli stöðugleikasáttmála, með það að markmiði að þróa nýtt, sameiginlegt lífeyriskerfi fyrir landsmenn. Þar hafa átt sæti fulltrúar launafólks jafnt á almennum sem opinberum vinnumarkaði, atvinnurekendur, stjórnvöld og sveitarfélög. Starf hópsins hefur gengið vel og svo virðist sem aðilar séu í fyrsta skipti tilbúnir til viðræðna um framtíðarkerfi. Slíkar viðræður geta þó aðeins snúist um framtíðina, ekki áunnin kjarasamningsbundin réttindi.

Opinberir starfsmenn hafa tekið þátt í þessu starfi af heilindum, virt réttindi annarra og ekki unnið að kröfugerð um málið á öðrum vettvangi. Hið sama verður ekki sagt um framgöngu Alþýðusambands Íslands, samherja BSRB, BHM og KÍ í réttindavörslu fyrir hönd launafólks. Það sást best á sameiginlegu minnisblaði sem ASÍ og SA lögðu fram 25. febrúar 2011 en sáu ekki ástæðu til að láta opinbera starfsmenn vita af fyrr en nokkrum vikum síðar.

Í umræddu minnisblaði kveður við allt annan tón en í vinnuhópnum. ASÍ og SA krefjast þess að réttindi opinberra starfsmanna verði skert og lífeyriskerfi þeirra breytt. Það er alvarlegt að ASÍ skuli taka sér stöðu við hlið atvinnurekenda í kröfum sínum, ekki við hlið annarra félaga sinna í baráttu fyrir bættum réttindum launafólks. Raunar er umhugsunarefni hve samhljómur í málflutningi ASÍ og SA er orðinn ríkur, en það er önnur saga.

> Það er ólíðandi að samtök launafólks gangi fram með kröfu um skerðingu réttinda félaga í öðrum samtökum.

Það er ólíðandi að samtök launafólks gangi fram með kröfu um skerðingu réttinda félaga í öðrum samtökum og forystu ASÍ væri sæmra að beina kröftum sínum að því að bæta réttindi eigin félagsmanna en að rýra réttindi annarra. Það er umhugsunarefni á hvaða vegferð kjarabaráttan er þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð. Höfuðverkefni og skylda launþegahreyfingarinnar er að gera kjarasamninga, umbjóðendum sínum til hagsbóta, ekki að höggva í áunnin réttindi annarra.

Opinberir starfsmenn hafa verið tilbúnir til viðræðna um nýtt lífeyrissjóðskerfi, en það er hins vegar forkastanlegt að þurfa að verjast árásum á réttindi sem eru afrakstur kjarabaráttu liðinna áratuga. Lífeyrissjóðskerfi opinberra starfsmanna hefur löngum verið notað til að réttlæta lakari laun en á almennum vinnumarkaði. Að sjálfsögðu vilja opinberir starfsmenn að allir njóti sem sambærilegasta lífeyriskjara, en sú eðlilega krafa hlýtur þá einnig að gilda um launakjör. Jöfn lífeyrisréttindi og jöfn launakjör hlýtur þá að vera sameiginleg krafa alls launafólks.

Margt hefur verið rætt og ritað um stöðu lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Þar er hins vegar rétt að minna á að ástæða þess að safnast hafa upp byrðar fyrir ríkissjóð er sú að stjórnvöld sinntu ekki þeirri skyldu sinni að greiða inn í sjóðinn. Stjórnvöld nýttu það fjármagn sem eðlilegt hefði verið að nýta til greiðslu í lífeyrissjóðinn í önnur verkefni. Það var val stjórnmálamanna að greiða ekki jafnt og þétt inn í sjóðinn, ekki opinberra starfsmanna.

Á stundum þar sem öll spjót standa á launafólki, niðurskurður og kaupmáttarrýrnun herjar á almenning, er nauðsyn á samstöðu launafólks. Umrætt minnisblað grefur undan þeirri samstöðu.

# Fjölskyldan þarf rými

Kjarasamningar


Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
viðskiptafræðingur

Launafólk hefur kjarasamningsbundinn rétt til tíu daga á launum vegna veikinda barna sem þeir hafa á framfæri sínu. Ekki þarf að fjölyrða um að þeir hafi komið sér vel, þó að við vildum helst ekki nýta þá, ef við hefðum val.

Eftir því sem börn okkar eldast minnkar þörf okkar á þessum samningsbundna rétti. Hver skyldi ástæðan vera fyrir því, að verkalýðshreyfingin hafi ekki samið þannig að réttur okkar hverfi ekki, heldur hafi launafólk möguleika á að aðstoða þá sem okkur standa næst, t.d. maka eða foreldra?

Það að launafólk sem ekki er með börn á framfæri þurfi að taka sér launalaust leyfi til að sinna foreldrum eða maka í veikindum þeirra er samfélagslega óhagkvæmt og yfirstandandi kjarasamningar verða að taka á málefnum fjölskyldunnar í heild. Það er mín krafa!


## Vertu ekki með þessa stæla!




Örráðstefna **fimmtudaginn 24. mars 2011** kl. 16:30-18:00 í húsi Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8.

| | |
|---|---|
| 16:30-16:35 | *Ráðstefnan sett.* **Ragnheiður Haraldsdóttir** forstjóri Krabbameinsfélags Íslands. |
| 16:35-16:50 | *Hvað get ég gert til að fyrirbyggja krabbamein?* **Helgi Sigurðsson** prófessor og yfirlæknir í krabbameinslækningum fjallar m.a. um mataræði og krabbamein. |
| 16:50-17:05 | *Hvað ertu að kúldrast karl?* **Hafrún Kristjánsdóttir** sálfræðingur talar um nauðsyn þess að tala opinskátt um krabbamein og tilfinningar. |
| 17:05-17:20 | *Lífsreynsla íslensks karlmanns.* **Kristján Björn Tryggvason** sem greindist með heilaæxli talar um sína reynslu. |
| 17:20–17:35 | *Mjólk - hollusta eða krabbameinsvaldur?* **Laufey Steingrímsdóttir** prófessor fjallar um samband mjólkurneyslu og krabbameins. |
| 17:35-17:50 | *Streita og krabbamein.* Dr. **Hróbjartur Darri Karlsson** ræðir um áhrif streitu á krabbamein og almenna heilsu. |
| 17:50-17:55 | *Ráðgjöf, spurningar og svör.* **Ásdís Káradóttir** hjúkrunarfræðingur segir frá starfi Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, stuðningshópum félagsins og svæðafélögum. |

**Allir velkomnir jafnt karlar sem konur**
**Aðgangur ókeypis**

Krabbameinsfélagið
Sókn í sextíu ár • 1951-2011

Sími 540 1900
www.krabb.is
krabb@krabb.is


# Samráðsleysi stjórnar og ráðherra

Vatnajökulsþjóðgarður

Forsvarsmenn níu félagasamtaka
skrifa um Vatnajökulsþjóðgarð

Mánudagurinn 28. febrúar var svartur dagur fyrir útivistarfélög og ferðaþjónustu á Íslandi en þá staðfesti umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Við stofnun þjóðgarðsins voru gefin loforð frá aðilum í stjórnsýslunni um að engin skerðing yrði á hefðbundinni notkun garðsins, s.s. veiðum og umferð. Á þessu loforði var síðan sérstaklega tekið í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð eins og kemur fram í 3. mgr. 12 gr. laga um þjóðgarðinn:

„Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Við gerð verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.“

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og svæðisráðin höfðu því tækifæri til að hafa gott samráð um stofnun þjóðgarðsins og leggja grunn að víðtækri sátt um þetta verkefni. Þetta leit vel út þegar svæðisráðin byrjuðu að vinna og virtist stefna í opið og gegnsætt samráðsumhverfi. Hinsvegar bar fljótt á pukruskap og feluleikjum og aðeins hægt að nálgast upplýsingar eftir krókaleiðum. Eina raunverulega aðkoma margra stærstu útivistarhópa og ferðaþjónustuaðila var síðan í gegnum lögboðið athugasemdaferli.

Það voru sendar inn mörg þúsund athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina frá einstaklingum, útivistarhópum og ferðaþjónustuaðilum, þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina og undirbúningsvinnu við hana. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs svaraði öllum þessum athugasemdum með stöðluðu dreifibréfi, þar sem einungis var svarað hluta af þeim athugasemdum sem lagðar höfðu verið fram. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs sendi síðan stjórnunar- og verndaráætlunina til staðfestingar hjá umhverfisráðherra haustið 2010, nánast án þess að taka nokkurt tillit til athugasemda varðandi veiðar og umferð innan þjóðgarðsins.

Margir útivistarhópar fóru á fund umhverfisráðherra og hún kallaði fulltrúa margra félagasamtaka á sinn fund. Þar lýsti hún yfir vilja til að ná sáttum og bað um vinnufrið til að ná því fram. Þegar stjórnar- og verndaráætlunin var síðan staðfest af umhverfisráðherra án nokkurra breytinga og ljóst að ekkert tillit væri tekið til þeirra athugasemda sem bárust, kom í ljós að sáttavilji ráðherra var bara fyrirsláttur til að tefja málið. Mistökin sem gerð voru í samráðs- og athugasemdaferlinu við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafa skaðað mjög allt traust á milli stjórnvalda og útivistarhópa og ferðaþjónustuaðila hér á landi. Eftir stendur yfirgangur og tillitsleysi stjórnvalda gagnvart flestum hagsmunaaðilum sem að málinu koma.

Það verður fróðlegt að sjá hvernig stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs í umboði umhverfisráðherra ætlar að haga eftirliti með því að ferðafólk og ferðaþjónustuaðilar aki ekki lokaðar leiðir í þjóðgarðinum eða veiði ekki á lokuðum svæðum. Líklega verður sett upp sérstök hálendislögregla og ferðamenn settir í varðhald og kærðir.

Framundan eru ný náttúruverndarlög, stækkun friðlands í Þjórsárverum, landnýtingaráætlun, Geo Park vísindagarðar, endurskoðun villidýralaga og fjöldi friðlýsinga í nýrri náttúruverndaráætlun. Það er nokkuð ljóst að í þessum málum munu útivistarhópar og ferðaþjónustuaðilar haga sínum málum öðruvísi, taka vara á öllum aðgerðum stjórnvalda til samráðs og stunda öflug árásarsamskipti til að ná sínum fram.

Skynsamlegast hefði verið að vinna stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs í betra samstarfi við þá hagsmunahópa sem hlut eiga að máli, en þessir hópar hafa margsinnis boðið stjórnvöldum, stjórn þjóðgarðsins og svæðisráðum samstarf og samvinnu í málefnum sem tengjast hálendi Íslands, en mætt hroka og yfirgangi. Það stefnir því í stríð sem stjórnvöld munu tapa, en því miður líklega eftir að hafa eitt miklum fjármunum í eftirlit, handtökur og kærur á ferðafólk á hálendi Íslands.

Við undirritaðir aðilar skorum á umhverfisráðherra og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að hætta strax þessum skollaleik sem boðið hefur verið upp á síðustu ár við stofnun þjóðgarðsins, tryggja raunverulegt samráð strax í dag og hleypa okkur sem hagsmunaaðilum að borðinu og hlusta á okkar sjónarmið. Gerum Vatnajökulsþjóðgarð að stað þar sem Íslendingar eru velkomnir, hvort sem þeir eru hestafólk, sleðafólk, hjólafólk, jeppafólk, göngufólk, veiðimenn eða annað ferðafólk.

*Landssamband hestamanna – Þorvarður Helgason, stjórnarmaður*
*Landssamband vélsleðamanna – Birkir Sigurðsson, forseti*
*Landssamtökin Ferðafrelsi – Sigmar B. Hauksson, formaður*
*Vélhjólaíþróttaklúbburinn Vík – Hrafnkell Sigtryggsson, formaður*
*Ferðaklúbburinn 4x4 – Sveinbjörn Halldórsson, formaður*
*Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir – Jakob Þór Guðbjartsson, formaður*
*Skotvís – Kristján Sturlaugsson, varaformaður*
*Skotreyn – Friðrik Rúnar Garðarsson, formaður*
*Jeppavinir – Þorvarður Ingi Þorbjörnsson, formaður*

# Icesave í erlendum fjölmiðlum

Icesave


Sveinn Valfells
hagfræðingur og eðlisfræðingur

Bless the Icelandic people“ skrifaði Financial Times í desember á síðasta ári og dáðist að því að Íslendingar hefðu hafnað Icesave II.

Ríkisábyrgð á innistæðum umfram tryggingar Tryggingasjóðs væri lagalega hæpin og alls ekki sanngjörn. Bresk og hollensk yfirvöld myndu sjálf aldrei viðurkenna kröfur erlendra innlána á allt að þriðjungi árlegrar þjóðarframleiðslu ef þarlendur banki færi í þrot.

Financial Times sagði að Íslendingar hefðu sætt „einelti“ og fullyrti að afstaða Íslendinga hefði varpað ljósi á óþægileg sannindi: að stjórnvöldum þjóða væri ekki stætt á því að láta almenning borga fyrir tap einkabanka, að innstæðutryggingakerfi ESB væri ófullnægjandi, og að skiptameðferð alþjóðlegra banka væri ábótavant. Í febrúar á þessu ári skrifar Financial Times aftur um Icesave og hvetur fólk um heim allan til að fylgjast með Icesave, himinninn hafi ekki hrunið þó að íslenska þjóðin hafi neitað að borga fyrir mistök bankamanna.

Síðar í febrúar fjallar Wall Street Journal einnig um Icesave. Wall Street Journal segir að Bretar og Hollendingar hafi að eigin frumkvæði ákveðið að bæta borgurum sínum skaða vegna taps á innistæðum þeirra í Landsbanka, en það sé algerlega óljóst hvers vegna Íslendingum beri að endurgreiða Bretum og Hollendingum það fé. Skiljanlegt sé ef Íslendingum finnist auðveldast að ljúka málinu núna en það réttlæti engan veginn rúmlega tveggja ára rógsherferð Breta og Hollendinga gagnvart Íslandi.

Tvö helstu dagblöð alþjóðafjármála, Financial Times og Wall Street Journal, hafa bæði lýst miklum efasemdum um framkomu Breta og Hollendinga og lögmæti krafna þeirra. Vonandi hafnar íslenska þjóðin Icesave hinn 9. apríl.




## NINTENDO 3DS Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA

Upplifðu að spila tölvuleiki í **ÞRÍVÍDD** án þess að nota gleraugu.
Hægt að tengjast þráðlaust á Internetið, spila þráðlaust við aðrar Nintendo DS leikjatölvur, taka ljósmyndir í 3 vídd og margt, margt fleira.



Þú stjórnar því með einum takka hversu mikla dýpt þú vilt í skjáinn.



Innbyggður hreyfi-skynjari gerir þér kleift að stjórna leiknum með því að halla vélinni.



Innbyggðar 3 víddar myndavélar. Alls eru 3 myndavélar í Nintendo 3DS leikjatölvunni.



Innbyggður MP3 spilari er í Nintendo 3DS leikjatölvunni.

## *Fyrstir koma – fyrstir sjá!*

OPIÐ: Föstudag frá kl. 10–18 og laugardag frá kl. 11–15.

**ORMSSON** LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

**BT**

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **LÁGMÚLA 8** | **KEFLAVÍK** | **MODEL-AKRANESI** | **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** | **AKUREYRI** | **HÚSAVÍK** | **VÍK-EGILSSTÖÐUM** | **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 480 1160 |

/ Skeifunni 11 · Reykjavík
/ Glerártorg · Akureyri

KVIKA

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**60 TOMMY HILFIGER TÍSKUHÖNNUÐUR** er 60 ára í dag.

*„Ég vissi upp á hár hvað ég vildi gera: Ég vildi hanna fatnað sem endurspeglaði smekk minn og lífsstíl.“*

## Merkisatburðir

**1401** Timur Lenk, höfðingi Mongóla, leggur undir sig Damaskus.
**1548** Gissur Einarsson biskup í Skálholti andast. Hann var fyrsti lútherski biskupinn á Íslandi.
**1603** Jakob 6. Skotakonungur verður jafnframt Jakob 1. Englandskonungur. Er þar með komið á konungssambandi á milli landanna tveggja.
**1931** Fluglínutæki notuð í fyrsta skipti til björgunar á Íslandi. Slysavarnadeildin Þorbjörn bjargar 38 manna áhöfn franska togarans Cap Fagnet frá Fécamp þegar hann strandar í slæmu veðri við bæinn Hraun austan Grindavíkur aðfaranótt 24. mars.
**1958** Saud, konungur Sádí-Arabíu, veitir Faisal bróður sínum aukin völd til þess að stemma stigu við versnandi afkomu ríkisins.
**1959** Reglugerð sett um stefnuljós á bifreiðum og önnur um umferðarmerki.
**1973** Kjarvalsstaðir á Miklatúni í Reykjavík formlega opnaðir með stórri sýningu á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara.
**1974** Varðskipið Týr kemur til landsins.
**1976** Argentínski herinn steypir Ísabellu Perón af stóli.
**1999** NATO varpar sprengjum á skotmörk í Júgóslavíu.

**ÞETTA GERÐIST:** 24. MARS ÁRIÐ 1976

## *Hátíðnitæki bönnuð*



Á þessum degi árið 1976 sendi dómsmálaráðuneytið öllum lögreglu- og fangelsisstjórum landsins bréf þar sem tilgreint var að notkun á hljóðtækjum til að róa fanga væri bönnuð. Ábending hafði borist stjórn Íslenskrar réttarverndar um að sérstök hátíðnihljóðtæki væru notuð í fangelsum hér á landi. Samkvæmt lýsingu voru tækin tengd hátalarakerfi inn í fangaklefana og átti hljóðið að róa fanga sem væru með óspektir og hávaða. Fullyrt var að um pyntingartæki væri að ræða.

Í kjölfarið sendi stjórn félagsins menn á sínum snærum í heimsókn í þau tvö fangelsi sem tiltekin voru í bréfinu og staðfestu að tækin væru til staðar en ekki hafði verið veitt heimild fyrir notkun þeirra. Annað tækið hafði verið smíðað hér á landi en hitt tækið hafði verið pantað erlendis frá. Að sögn Baldurs Möllers, þáverandi ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu, voru tækin taltæki sem sónn var hafður á.

KÓR BÚSTAÐAKIRKJU MEÐ TÓNLEIKA: Á FERTUGASTA AFMÆLISÁRI KIRKJUNNAR

# SUNGIÐ INN Í AFMÆLISÁRIÐ

Kór Bústaðakirkju, ásamt einsöngvurum og Jónasi Þóri organista, heldur svokallaða Ave Maríu tónleika í Bústaðakirkju í kvöld klukkan 20, á sjáfum Boðunardegi Maríu. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í röð tónleika sem haldnir verða á fertugasta afmælisári kirkjunnar.

„Á þessum fyrstu tónleikum afmælisársins verða nokkur af fallegustu Ave Mariu lögum, eftir íslensk og erlend tónskáld, flutt af einsöngvurum kórsins,“ segir Jóhann Friðgeir Valdimarsson sem jafnframt er formaður kórsins.

Þeir einsöngvarar sem fram koma eru Anna Sigríður Helgadóttir, Edda Austmann, Gréta Hergils Valdimarsdóttir, Sibylle Köll, Svanur Valgeirsson, Svava Kristín Ingólfsdóttir og Sæberg Sigurðsson. Þorsteinn Reynisson spilar á harmonikku og Örnólfur Kristjánsson á selló.

„Við vorum með svipaða tónleika í fyrra í Kristskirkju og vorum þá hálfgerðir frumkvöðlar í því að halda Ave Mariu tónleika eftir áralangt hlé á slíkum tónleikum. Ave Maria tónleikar nutu mikilla vinsælda hér á árum áður,“ segir Jóhann og bætir við að á tónleikunum í fyrra hafi kirkjan troðfyllst. „Við ákváðum því að endurtaka leikinn en við munum halda þónokkra tónleika á árinu, vortónleikar og kirkjustarfið allt verður mjög fyrirferðarmikið á árinu.“

Jóhann Friðgeir segir að nær hvert einasta tónskáld hafi samið lag tileinkað heilagri Maríu. „Þessi lög, eins og allir vita, bræða mann og við eigum okkar íslensku tónskáld sem hafa þar samið ótrúlega falleg lög. Það má ekki gleyma að nú hefur einn helsti píanó- og orgelsnillingur þjóðarinnar, Jónas Þórir, tekið við framstíðarstarfi sem organisti Bústaðakirkju.” Jóhann Friðgeir bætir því við að Jónas Þórir hefur komið því á koppinn að kórinn heldur nú í júní til Kanada og syngur á 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar.”

Tónleikarnir hefjast eins og áður sagði klukkan 20 og á sama tíma opnar sýning á mósaíkmyndum af Maríu guðsmóður eftir Fannýju Jómundsdóttur í anddyri kirkjunnar. Þá les séra Pálmi Matthíasson ritningarorð.

juliam@frettabladid.is



**SKEMMTILEGT AFMÆLISÁR** Jóhann Friðgeir Valdimarsson formaður Kórs Bústaðakirkju lofar skemmtilegu afmælisári. Jónas Þórir er nýr stjórnandi kórsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi*

**Þorsteinn Pálmi Guðmundsson**
Steini spil
Furugrund 8, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Fossheimum föstudaginn 18. mars. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 25. mars kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á Vinafélag Fossheima og Ljósheima.

**Unnur G. Jónasdóttir**
**Soffía G. Þorsteinsdóttir** **Eiður Steingrímsson**
**Guðmundur Þorsteinsson** **Dröfn Sigurðardóttir**
**Silja S. Þorsteinsdóttir** **Lúðvíg Þorfinnsson**
**barnabörn.**



†

*Elskulegur sonur minn, bróðir og mágur*

**Steindór Gunnarsson**

varð bráðkvaddur á Kanaríeyjum 19. mars.
Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Sigbjörnsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Gunnar Kristinsson**
**Gunnar Gunnarsson**
**Guðbjörg Þorvaldsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Guðfinnu Óskarsdóttur.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk D-deildar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

**Guðmundur Óskar Ívarsson**
**Magnús Guðmundsson** **Hulda Halldórsdóttir**
**Margeir Óskar Guðmundsson** **Marisa S. Sicat**
**María Guðmundsdóttir** **Unnar Ragnarsson**
**Guðný Guðmundsdóttir** **Hersir Sigurgeirsson**
**Bragi Guðmundsson** **Valgerður Þorvaldsdóttir**
**Þórdís Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðlaug Hallbjörnsdóttir**

lést á Landakotsspítala aðfaranótt miðvikudagsins 23. mars. Útför verður auglýst síðar.

**Hallbjörn Sævars** **Hrönn Þormarsdóttir**
**Magnús Þór Vilbergsson** **Harpa Sæþórsdóttir**
**Sigurður Hallbjörnsson** **Guðrún Andrésdóttir**
**Hilmar Kári Hallbjörnsson** **Sjöfn Finnbjörnsdóttir**
**Guðlaug E. Hallbjörnsdóttir**
**og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Helga Kristjánsdóttir**
Þorláksgeisla 1, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 15. mars. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Þorsteinn Sigurðsson**
**Kristján Helgason**
**Sigurður Þórir Þorsteinsson** **Hildur Hrönn Oddsdóttir**
**Halldór Örn Þorsteinsson** **Lilja Björg Sigurjónsdóttir**
**barnabörn**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**HönnunarMars** hefst í dag og munu hinir ýmsu hönnuðir kynna verk sín á yfir fimmtíu stöðum úti um alla borg næstu fjóra daga. Hátíðin fer fram í tómum vöruhúsum, verslunum, galleríum, veitingastöðum og á götum úti.




**Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



ÞESSI FRÁBÆRI HALDARI NÚ Í NÝJUM LIT



teg 11001 - kom í hvítu líka í C,D,E skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Eirberg

AIR-O-SWISS rakatækin

- Bæta rakastig og vinna gegn
- Slappleika og þreytu
- Höfuðverkjum
- Augnþurrki
- Astma

Auka vellíðan og afköst



reddot award

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Skósprengja!

20%

afsláttur af öllum skóm og stígvélum



hjá Hafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


Gríma Kristinsdóttir, eigandi hárstofunnar Grímu, er upprennandi sjónvarpsstjarna í nýrri þáttaröð:



# Hefur ekki tölu á stuttbuxunum

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gríma Kristinsdóttir hefur nú þegar vakið mikla athygli fyrir afgerandi fatastíl í sjónvarpsþáttunum Hamingjan sanna sem sýndir eru á Stöð 2 en annar þátturinn var sýndur í gærkvöldi. Gríma, sem rekið hefur samnefnda hársnyrtistofu í fimmtán ár, segist alla tíð hafa sankað að sér fötum á flóamörkuðum og í verslunum sem selja notuð föt og blandi þeim svo saman við nýtt.

„Ég hef allt frá því að ég var tvítug gengið í stuttbuxum og sokkabuxum við. Ég hef ekki tölu á þeim fjölda stuttbuxna sem ég á en þessar fékk ég á sænskum flóamarkaði,“ segir Gríma, sem er allra ánægðust með leðurjakkann sem hún keypti sér í Danmörku, en hún hafði þá í mörg ár leitað sér að fjólubláum leðurjakka. „Ég hafði beðið fjölskyldu og vini að láta mig vita ef þeir sæju einhvers staðar fjólubláan leðurjakka og þegar ég rakst á hann sjálf var ekki aftur snúið þótt hann kostaði sitt. Ég fékk einfaldlega að borga inn á hann og greiddi svo afganginn síðar.“

*julia@frettabladid.is*




Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



SAGA

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |



IQ-CARE

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 120x200 | 164.900 kr. |

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Tískuvikurnar fjórar** (The Big Four eins og þær eru nefndar) í New York, London, Mílanó og París fara alltaf fram í fyrrgreindri röð, það er fyrst í New York, svo í London, næst Mílanó og síðast í París. Yfir fjörutíu tískuvikur eru haldnar ár hvert um allan heim en þessar eru stærstar.






Spennandi efni eru Elísabetu hugleikin.



Elísabet sýndi átta alklæðnaði á sýningunni. MYNDIR/DAVID GALLO

# Hlaut verðlaun fyrir söluhæfustu flíkurnar

**Elísabet Inga Kristófersdóttir útskrifast sem fatahönnuður frá The Art Institute of Seattle í júní. Námið hefur gengið framar vonum. Hún útskrifast af heiðurslista og nýlega hlaut hún eftirsótt verðlaun.**

„Þetta opnar mér margar dyr," segir Elísabet Inga Kristófersdóttir, nemi í fatahönnun við The Art Institute of Seattle. Hún tók nýlega þátt í einni stærstu skólasýningu í Washington-ríki, Fashion Roulette – AIS Fashion Show 2011, og hlaut verðlaunin „the most marketable collection" fyrir söluhæfustu fatalínuna.



Elísabet Inga Kristófersdóttir

Elísabet valdi sér þemað arkitektúr og mínimalismi til að vinna út frá á sýningunni. „Ég sýndi átta alklæðnaði, mest buxur og jakka en líka kjól," segir Elísabet, sem vinnur helst með mynstruð og margbrotin efni og leiðist látlaus efni. Hún vann að sýningunni hörðum höndum frá jólum en verðlaunin komu henni þægilega á óvart. „Keppt var í fimm flokkum, frumlegasta flíkin, besta rauðadregilsflíkin í karla- og kvennaflokki, besta fatalínan og svo verðlaunin sem ég hlaut," segir Elísabet ánægð. Hún segir verðlaunin fyrst og fremst felast í heiðrinum. „Þetta er frábært á ferilskrána en auk þess hef ég fengið fullt af tilboðum," upplýsir hún. Henni hefur til dæmis verið boðið að taka þátt í tískusýningu í Bellevue Art Museum í Seattle í vikunni og svo annarri sýningu í byrjun apríl.



Elísabet hefur fullan hug á að markaðssetja flíkurnar úr línunni. Fötin eru óvenjuleg að mörgu leyti en samt klæðileg. „Til dæmis er ég með skálmar yfir buxur með keðjum," segir Elísabet, sem mun útskrifast af heiðurslista skólans í júní. Framtíðin er enn óráðin. Hugurinn stefnir þó til Los Angeles en Elísabet hefur verið að hanna fyrir íslensku stelpurnar í The Charlies.

*solveig@frettabladid.is*



Föt frá árunum 1920 til 1960 má flokka sem vintage en föt sem voru framleidd eftir 1960 eru retro. Það var upp úr 1960 sem farið var að líta á gömul föt sem tískufyrirbæri enda þá farið að fjöldaframleiða í meiri mæli en áður og eftirsóknarvert að vera ekki eins og allir aðrir.

**Heimlid: vintagevixen.com**












**Tuzzi**
Kringlunni



18.900 kr.



21.900 kr.



29.800 kr.



19.900 kr.

**Belladonna**
Skeifunni 8



Sybel kjóll
verð 17.980
fleyri mynstur til



stærðir 8-20
verð 23.900 kr.

**Laura Ashley**
Faxafeni 14

**Basicplus**
Háholt 13-15 Mos.

DESIGUAL



26.990 kr.



18.990 kr.

**Möst c**
Suðurlandsbraut 50



7.900 kr.



19.900 kr.



8.990 kr.



7.450 kr.









Andersen & Lauth

# Hljómur úr hönnun

**Sound of Fashion eða hljómur úr hönnun er yfirskrift viðburðar á vegum tveggja fatahönnunarfyrirtækja á HönnunarMars.**

Andersen & Lauth og Farmers Market munu, í samstarfi við kvikmyndagerðar- og tónlistarmenn, standa að viðburði í porti Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á föstudagskvöld klukkan hálf níu.

Búa á til litla ástarsögu úr Reykjavík og freista þess að fá hjörtu gesta til að slá sem eitt í takt við lifandi tónlist sem spunnin verður út frá þema sýningarinnar. Hið fágaða og ævintýralega yfirbragð sem einkennir Andersen & Lauth verður fléttað saman við sveitarómantíkina sem svífur yfir vötnum hjá Farmers Market.

Um tónlistina sjá Jóel Pálsson, Ómar Guðjónsson og Helgi S. Helgason.



Farmers Market

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Kjarnorkuógn og stríð hafa áhrif á tísku

Árið 2011 átti að vera ár nýrra hæða í hagnaði stóru frönsku tískurisanna. Í byrjun ársins kepptust tískusamsteypur eins og LVMH (Dior, Vuitton), PPR (YSL, Gucci) og önnur tískuhús eins og Hermès og Chanel um hver hefði skilað mestum hagnaði á síðasta ári. Lúxusiðnaðurinn hefur aldrei borið sig betur og er löngu kominn yfir efnahagskreppuna. Hlutabréf þeirra fyrirtækja sem eru á verðbréfamarkaði hafa aldrei hækkað eins mikið í verði og á árinu 2010 og árið sem nú er á sínum þriðja mánuði átti að verða enn betra.



Heimurinn er þorp er stundum sagt hér í landi. Þetta á við um fjármálamarkaðinn, verslun og viðskipti og fleira mætti telja. Um heim allan hefur almenningur verið límdur við sjónvarpið undanfarið til að fylgjast með gangi mála í Japan vegna jarðskjálfta og kjarnorkuógnar og einnig átaka í Líbíu. Þó auðvitað sé margt mikilvægara en hvort hægt sé að framleiða iPhone eða hvort kona kaupi dýra handtösku er það staðreynd að viðskiptahlið tískunnar hefur sömuleiðis fengið yfir sig öldur undanfarna daga og ekki er sérlega bjart yfir. Þetta má til dæmis sjá á hlutabréfum tískufyrirtækjanna fyrrnefndu sem hafa verið í frjálsu falli síðustu vikur. Skýringin er meðal annarra sú að Japanar eru mikilvægir viðskiptavinir lúxusfyrirtækjanna enda Japan þriðja stærsta efnahagsveldi heims og Japanar kaupa ellefu prósent af lúxusframleiðslunni í heiminum. Eins og gefur að skilja er dauft yfir viðskiptavinunum þar og salan ekki mikil, ef búðirnar eru ekki hreinlega lokaðar.

En almenningur er víðar uggandi yfir heimsviðburðunum. Í París eru tilboð víða í verslunum í lok mars, til dæmis í stóru verslunarhúsunum eins og Printemps Haussmann. Það væri synd að segja að mikið kaupæði einkenndi almenning um þessar mundir sem að einhverju leyti má skýra af ástandi mála í heiminum. Ólíklegt er að mikið sé um Japana í búðum og víst er að frá upphafi árs er lítið um viðskiptavini frá Austurlöndum nær og fjær þar sem ólga hefur verið mikil og ekki sér fyrir endann á. Það er helst að Brasilíumenn og Rússar bjargi málunum hvað varðar sölutölur hjá tískuhúsunum, enn sem komið er. Hins vegar veit enginn hvað morgundagurinn ber í skauti sér og það á við í tískuheiminum þessa dagana sem hefur svo sannarlega fundið fyrir þessum ófyrirsjáanlegu atburðum, einmitt nú meðan japanska kjarnorkuskýið fer yfir Parísarbúa.

*bergb75@free.fr*







# Svalir krossar

**Gling Gló frumsýnir nýju línuna ICON eftir Olgu Nielsen á HönnunarMars en þar eru krossar í aðalhlutverki.**

„Línan er hönnuð út frá trúartákni kristinna manna og ætlar Karl Sigurbjörnsson biskup að blessa eitt menið í línunni. Henni er ætlað að gefa krossinum nútímalegt og svalt yfirbragð í þeirri von að hann höfði til yngra fólks,“ segir í tilkynningu. Menið sem verður blessað er samansett úr sjö krossum, einum fyrir hvern dag vikunnar, og verður síðar selt til styrktar styrktarfélaginu Líf.

Olga og Bergrós Kjartansdóttir, eigendur Gling Gló, sýna nýju línuna ásamt öðrum vörum á verkstæði sínu að Bankastræti 2 á meðan á HönnunarMars stendur en skartið er allt til sölu hjá Kornelíusi sem er á fyrstu hæð í sama húsi.



Línunni er ætlað að gefa krossinum nútímalegt yfirbragð með von um að hann höfði til yngra fólks.



GEÐHJÁLP

FIMMTUDAGUR 24. MARS 2011



**BEINUM FÓLKI Á RÉTTA BRAUT**

Ráðgjafar Geðhjálpar veita fræðslu og ráðgjöf.

*Síða 2*



**NÝTT OG BETRA LÍF**

Geðfatlaðir geta lifað lífinu til fulls í búsetukjörnum.

*Síða 5*



**HREINSKILNI BEST**

Foreldrar drengs með geðhvarfasýki segja sögu sína.

*Síða 6*



**GÓÐUR ÁRANGUR**

Reykjavíkurborg hefur bætt þjónustuna við geðfatlaða.

*síða 7*



**Jóhanna Ómarsdóttir með hænuna Módettu. Ásamt því að stunda nám í Tónlistarskóla Stykkishólms og fjarnám frá VMA er Jóhanna frístundabóndi og fóstra. Hún greindist með geðklofa fyrir nokkrum árum.**

# Geðklofi er sjúkdómur sem hægt er að lifa með

**Jóhanna Ómarsdóttir er 28 ára gömul, nemi í Tónlistarskóla Stykkishólms og í fjarnámi á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri. Hún vinnur jafnframt á leikskóla og er frístundabóndi. Jóhanna lifir líka með sjúkdómi sem oft er talinn vera einn sá erfiðasti í heimi geðsjúkdóma; geðklofa.**

„Ég greindist með geðklofa árið 2008. Þá hafði ég verið mjög veik af þunglyndi síðustu tvö árin á undan, en sjúkdómurinn ágerðist hægt og stígandi á þeim tíma," segir Jóhanna Ómarsdóttir. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir vefsíðu sem hún heldur úti þar sem hún skrifar opinskátt um sjúkdóminn og sitt daglega líf.

„Ég var í tónlistarnámi í Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónskóla Þjóðkirkjunnar, þar sem ég mætti á hverjum degi og lærði heima þess á milli, þegar ég veikist alvarlega, en ég er frá Stykkishólmi þar sem mamma, afi, amma og fjölskyldan búa. Ég átti þó líka fjölskyldu í borginni þar sem pabbi minn og bróðir búa. Síðustu árin á undan hafði ég fundið fyrir smá þunglyndi, sem ágerðist, og ég smám saman fann hvernig ég átti orðið erfitt með að vera innan um annað fólk og það var meiriháttar átak að fara út í búð. Ég fór að tala um það við fjölskylduna að mig langaði að deyja og ég fann fyrir þeirri löngun oft á dag. Vegna þessarar vanlíðanar var ég byrjuð í meðferð hjá sálfræðingi þegar ég fór svo að heyra raddir."

Verulegar áhyggjur kviknuðu hjá nánustu fjölskyldu Jóhönnu þegar hún fór að segja þeim að hún heyrði raddir fólks sem væri að baktala sig í hverju horni. Þá var hún flutt til Stykkishólms, þar sem móðir Jóhönnu studdi hana vel, og hún átti góðan stuðning frá föður sínum í gegnum símtöl. Frá sálfræðingi var Jóhönnu vísað áfram til geðlæknis en í upphafi, þegar raddirnar voru ekki orðnar áberandi einkenni, voru vangaveltur uppi hjá lækninum hvort Jóhanna gæti verið með geðhvörf, sem lýsa sér í geðhæðum og lægðum til skiptis. Jóhanna hafði nefnilega upplifað þriggja vikna skeið af oflæti eða maníu sem hún hefur þó aldrei upplifað eftir það. „Þrátt fyrir að geðhvörf og geðklofi séu sinn hvor sjúkdómurinn eru mörg svipuð einkenni með þeim báðum þannig að það þarf að skoða sjúklingana mjög vel til að komast að réttri niðurstöðu. Vegna maníunnar sem ég upplifði fór ég því í byrjun á lyf við geðhvörfum. Þegar raddirnar gerðu ekkert nema ágerast og fóru að heltaka mína tilveru gerði það útslagið með greiningunni og ljóst var að ég var með geðklofa."

„Það var sumarið 2007 sem raddirnar tóku yfirhöndina. Þá var ég hætt að geta sofið fyrir þeim. Raddirnar voru eiginlega eins og úr öðrum heimi – kannski eins og maður getur ímyndað sér að heyra ef maður lendir í miðri hryllingsmynd, og mér leið þannig. Ég reyndi

**Framhald á síðu 4**



Auður Styrkársdóttir

# Bloggað til skilnings

Bloggið hefur tekið Íslendinga með trompi og er nú varla nokkur maður með mönnum nema halda úti bloggsíðu – eða kíkja reglulega á bloggsíður annarra. Umræðuefnið í kaffitímum landsmanna er oft um það hvað einhver bloggaði og hver „kommentin“ voru. Bloggsíður eru vissulega margvíslegar og ekki allar jafn gáfulegar eða skemmtilegar. Um margar má jafnvel segja að þær séu skrifara ekki til sóma. Sumir halda því fram að bloggið hafi ekki reynst lýðræðinu sú lyftistöng sem búist var við; þvert á móti hafi það snúist upp í andhverfu sína og kalli fram það versta í mannlegum samskiptum.

Á hinn bóginn má segja blogginu til varnar að það hefur hjálpað einstaklingum til tjáningar sem annars hefðu litla eða jafnvel enga möguleika haft á að gera slíkt. Margir þeir sem kljást við geðrænar raskanir og sjúkdóma nýta sér bloggið sem hvert annað tæki til að koma reiðu á hugsanir sínar og miðla öðrum af reynslu sinni af baráttu við sjúkdóminn og hvernig gangi að bregðast við honum. Þessar bloggsíður ljúka upp nýjum heimi fyrir þeim sem búa við góða geðheilsu. Þær geta þannig stuðlað að meiri skilningi á högum og kjörum geðsjúkra og eytt fordómum í þeirra garð. Forsíðuviðtalið að þessu sinni er við einn úr þessum hópi. Jóhanna Ómarsdóttir er ung að árum og hefur glímt við sjúkdóminn geðklofa um nokkurt skeið. Hún heldur úti bloggsíðunni omarsdottir.bloggar.is. Síðla í febrúar skrifaði hún þetta: „Ég finn það svo vel í dag að ef ég hefði ekki veikst af geðklofa hefði ég aldrei getað ímyndað mér hvernig það væri að vera með slíkan sjúkdóm.“ Ætli það eigi ekki við um okkur öll? Raddir geðsjúkra eru orðnar sterkari í samfélaginu og bloggsíður þeirra eru gulls ígildi. Við segjum því: Áfram bloggarar!

# Um samtökin Geðhjálp

Landssamtökin Geðhjálp er hagsmunasamtök sem stofnuð voru þann 9. október 1979. Þeim er ætlað að gæta hagsmuna þeirra sem þurfa eða hafa þurft aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig geðheilbrigðismál varða. Tilgangur félagsins er að bæta hag þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða svo og aðstandenda þeirra. Að því er unnið meðal annars með því að:

- Sjá til þess að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé virt og þeim mannréttindasáttmálum sem Ísland á aðild að sé framfylgt.
- Að efla alla forvarnarvinnu og umbætur á sviði geðheilbrigðismála með fræðslu og vitundarvakningu og stuðla meðal annars þannig að því að draga úr fordómum.
- Að stuðla að endurbótum í þjónustu við geðsjúka og þá sem eru með geðræn vandamál, innan og utan stofnana.
- Að gera tillögur í þessum efnum og skapa umræðu um þau í samfélaginu.
- Að efla gagnrýna og málefnalega umræðu um geðheilbrigðisþjónustu og þann grundvöll sem hún hvílir á.



Geðhjálp er með aðsetur á Túngötu 7.

- Að stuðla að því að þeim sem eru með geðræn vandamál verði búin skilyrði til að njóta hæfileika sinna, menntunar og starfsorku.
- Að hafa samvinnu við önnur félagasamtök og hópa er vinna að sömu eða svipuðum markmiðum, eða gerast aðili að þeim.
- Að berjast fyrir aukinni þjónustu við geðfatlaða utan stofnana í formi persónulegrar liðveislu og nútímalegra búsetuúrræða.

Geðhjálp er með aðsetur á Túngötu 7 í Reykjavík. Dagleg starfsemi hússins miðar að því að gefa gestum tækifæri til að rjúfa félagslega einangrun, þroska hæfileika sína og njóta fræðslu og stuðnings af ýmsu tagi.

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Geðhjálpar verður haldinn laugardaginn 16. apríl næstkomandi og hefst hann klukkan 14. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, þar á meðal stjórnarkjör og kosning formanns. Athugið að einungis skuldlausir félagsmenn hafa kosningarétt.

**Útgefandi:** Geðhjálp | **Heimilisfang:** Túngata 7, 101 Reykjavík | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Auður Styrkársdóttir | **Vefsíða:** www.gedhjalp.is | **Sími:** 570 1700



„Það koma alls kyns mál inn á okkar borð,“ segir Kristín Tómasdóttir, ráðgjafi hjá Geðhjálp. MYND/VALLI

# Sjálfshjálparhópar, ráðgjöf og fræðslufundir

**Sjálfshjálparhópar, fræðslufundir, viðtöl, símtöl og tölvupóstráðgjöf, námskeið um ástarsorg og hamingjufundir eru meðal verkefna ráðgjafanna tveggja sem starfa hjá Geðhjálp.**

„Við erum fyrst og fremst ráðgjafarþjónusta fyrir fólk sem hefur þurft að nýta sér geðheilbrigðisþjónustu,“ segir Kristín Tómasdóttir, annar tveggja ráðgjafa hjá Geðhjálp. „Bæði reynum við að beina fólki á þá staði þar sem það á rétt á þjónustu og fylgjum því svo eftir ef það fær ekki þá þjónustu sem það á rétt á. Svo erum við líka að sinna almennri fræðslu og ráðgjöf, erum til dæmis að fá hingað nemendahópa og hingað kemur fólk sem er að velta því fyrir sér hvort það sé kannski veikt eða hvort vanlíðanin stafi af einhverju öðru. Það koma alls kyns mál inn á okkar borð og við höfum séð mikla aukningu núna eftir áramótin, í janúar, febrúar og mars. Við bæði svörum fólki í tölvupósti og síma og bjóðum fólki í viðtöl. Ég vil endilega undirstrika það að fólk úti á landi getur leitað til okkar í gegnum tölvupóst og síma. Fólk getur alltaf hringt í síma 570-1700 á virkum dögum milli 9 og 16 og við hringjum til baka.“

Ráðgjafarþjónustan er í húsi Geðhjálpar við Túngötu í Reykjavík og auk viðtalanna er boðið upp á alls kyns hópavinnu. „Við erum að fara af stað með sjálfshjálparhópa fyrir aðstandendur og opna fundi fyrir fólk í ástarsorg,“ segir Kristín. „Fólk sem hefur áhuga á að taka þátt í slíkum hópum getur skráð sig hjá okkur. Á dagskránni er fræðslufundur fyrir aðstandendur barna með geðræn vandamál þar sem við ætlum að taka á fordómum sem gjarnan fylgja því að eiga börn með geðræn vandamál.“

„Ástarsorgarverkefnið er fyrirbyggjandi geðræktarverkefni,“ segir Kristín. „Það hefur sýnt sig að ástarsorg getur verið rót ýmissa geðrænna vandamála og þegar maður fer að kafa aðeins ofan í málin eru margir sem benda á að upphaflega hafi vandinn tengst ástarsorg. Þannig að ef unnið er aðeins með ástarsorgina og hún tekin alvarlega ætti að vera hægt að fyrirbyggja geðræna erfiðleika síðar meir.“

Á hverjum mánudegi standa ráðgjafar Geðhjálpar fyrir hamingjuhópi í húsnæði félagsins. Fundirnir eru opnir og allir velkomnir að koma og ræða hamingjuna út frá alls kyns sjónarhornum. Þetta er frábær vettvangur til þess að einblína á hið jákvæða í lífinu og styrkja það sem gott er. Að öðru leyti erum við mjög opnar fyrir nýjum hugmyndum, tökum gjarnan þátt í samstarfsverkefnum og bætum þjónustu okkar eftir áherslum skjólstæðinga okkar.“

# Viljum leggja okkar af mörkum

„Ýmsar hugmyndir komu upp um hvar við ættum að láta til okkur taka, en ástæðan fyrir því að Geðhjálp varð fyrir valinu er sú að við vildum sýna að það á enginn að vera feiminn að ræða um geðheilsu. Því raunin er sú að enginn veit hvenær þessi heilsa bregst og þá viljum við að samtök eins og Geðhjálp séu til staðar,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri KPMG.

Félagið ákvað í árslok 2009 að styrkja samtökin með myndarlegum styrk en hafði áður komið að ýmsum minni verkefnum á vegum Geðhjálpar og annarra samtaka.

Spurður hvers vegna fyrirtækið hafi ákveðið að leggja sitt á vogarskálarnar í starfi Geðhjálpar, segir Sigurðar félagið hafa unnið ötullega að fræðslu um geðheilbrigðismál og unnið gegn fordómum og þeirri þögn sem oft ríkir um geðræna kvilla. „Þetta er stórt samfélagslegt vandamál sem Geðhjálp hefur haft forystu um að bregðast við og leysa.“

En er rekin sérstök stefna um geðheilbrigðismál innan KPMG? „Þótt kjörorðið heilbrigð sál í hraustum líkama sé gamalt á það enn við,“ svarar Sigurður. „Við hvetjum einstaklinga og hópa innan



„Þótt orðatiltækið heilbrigð sál í hraustum líkama sé gamalt á það enn við,“ segir Sigurður Jónsson, forstjóri KPMG, sem hefur lagt Geðhjálp liðsinni með ýmsum hætti. MYND/GVA

félagsins til hollrar hreyfingar jafnframt því sem við leggjum áherslu á opin og einlæg samskipti og virðingu hvert fyrir öðru. Er það í samræmi við alþjóðleg gildi KPMG.“

Hann segir það hafa verið KPMG lærdómsríkt að vinna með Geðhjálp undanfarin misseri. „Við vonum að stuðningur okkar hafi nýst skjólstæðingum þess vel og óskum félaginu velfarnaðar í sínum mikilvægu störfum.“


Decubal húðvörur
fyrir þurra og viðkvæma húð
• Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
• Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
• Vörurnar henta bæði börnum og fullorðnum.
Decubal húðvörurnar fást í apótekum
DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ
Án:
• parabena
• ilmefna
• litarefna
DECUBAL
BODY CREAM
DECUBAL
ORIGINAL CLINIC CREAM



Hallarekstur hefur verið á félaginu undanfarin ár en reksturinn er nú kominn í betra horf. MYND/VALLI

# Hefur náð góðum tökum á rekstrinum

Höskuldur Sæmundsson tók við sem framkvæmdastjóri Geðhjálpar í maí á síðasta ári. „Ég var beðinn um að taka þetta að mér tímabundið en nú hefur verið gert samkomulag um að ég haldi áfram enda líkar mér mjög vel og stjórninni virðist líka mín störf,“ segir Höskuldur, sem hefur lengi verið viðloðandi rekstur á félagasamtökum. Hann segir að hallarekstur hafi verið á félaginu undanfarin ár en að þegar hafi náðst góður árangur og að reksturinn sé í betra horfi.

„Við höfum þurft að taka fjármálin í gegn og höfum meðal annars fækkað þeim dögum sem er boðið upp á mat í þrjá í viku. Þá höfum við lækkað starfshlutfall allra starfsmanna og lokum nú eftir hádegi á föstudögum. Eins höfum við alveg lokað fyrsta föstudag í mánuði.“ Höskuldur segir skjólstæðingana hafa sýnt þessu skilning og að starfsemin sé á fullu þrátt fyrir breytingar.

„Takmarkið er að ástandið í samfélaginu sé þannig að samtök eins og Geðhjálp séu óþörf og því eiginlega vasamarkmið hjá mér að hægt verði að leggja þau niður. En það er auðvitað fjarlægur draumur og samtökin verða til staðar hér eftir sem endranær. Það er mikil barátta fram undan og nógu að sinna.“

# Geðteymi heim

Velferðarsvið Reykjavíkur og Geðsvið Landspítalans gerðu með sér samstarfssamning um rekstur vettvangsgeðteymis árið 2010.

Samningurinn, sem er tilraunaverkefni til tveggja ára, kveður á um að vettvangsgeðteymið muni veita geðheilbrigðisþjónustu íbúum búsetukjarna, búsetuendurhæfingarheimila og annarra sértækra búsetuúrræða á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Þá mun teymið einnig veita stjórnendum og starfsfólki búsetukjarna, búsetuendurhæfingarheimila og annarra sértækra búsetuúrræða á vegum Velferðarsviðs, stuðning og ráðgjöf um fræðslu og handleiðslu. Geðteymið er til húsa að Reynimel 55.

Markmið samningsins er að veita fólki með alvarlegar geðraskanir þverfaglega og einstaklingsmiðaða geðheilbrigðisþjónustu. Vonin er sú að það dragi úr komum og/eða stytti innlagningartíma á geðdeild með góðum stuðningi og eftirfylgd teymisins. Þjónustan miðar að því að tryggja samfellu í þjónustu sem og að auka lífsgæði og færni þeirra til að takast á við eigið líf.

## Framhald af forsíðu

að sofna á kvöldin með því að setja á mig heyrnartól og hlusta á tónlist. Um leið og slokknaði á tónlistinni heyrði ég í röddunum og vaknaði.“ Raddirnar ýttu undir ranghugmyndir. Jóhanna upplifði að allir væru að fylgjast með henni og jafnvel að verið væri að njósna um hana.

Jóhanna var sett á rétt lyf þar sem byrjað var á litlum skammti og ljóst var að þau virkuðu því Jóhanna fann strax mun. „Læknirinn gerði mér samt strax ljóst að ég yrði ekki læknuð á einum degi – ég var búin að vera langvarandi veik lengi og það hafði tekið sinn toll, jafnt andlega sem líkamlega. Þar sem ég er næm fyrir aukaverkunum var lyfjaskammturinn smátt og smátt stækkaður. Raddirnar og ranghugmyndirnar fóru minnkandi þótt það gerðist hægt og í dag heyri ég smá óm – það verður allt mitt líf. Það truflar mig samt ekki, ég er sama manneskja og ég var og ég get átt eðlilegt líf – bara með sjúkdóminn geðklofa, sem er sjúkdómur sem getur skotið sér niður hvar sem er, líka hjá venjulega fólkinu þar sem engin fjölskyldusaga er um geðklofa.“

Sigurinn er stór fyrir Jóhönnu. Hún getur sinnt vinnu, stundað nám og lagt rækt við sín hugðarefni auk þess sem hún forðast ekki samneyti við fólk heldur nýtur þess að vera í góðum tengslum við ástvini sína.

„Það gefur manni rosalega mikið að geta sagt öðrum að það er hvorki dauðadómur að greinast með geðklofa né þýðir það að gott líf sé útilokað. Ég gleðst yfir að hafa fengið tækifæri til þess og mér finnst mikilvægt að fólk viti hvernig þetta er. Þrátt fyrir að líkamlegir sjúkdómar geti verið mjög erfiðir á fólk yfirleitt hugsun sína í friði en geðklofar eru sviptir því að hafa vald yfir huga sínum,“ segir Jóhanna. „Heilbrigt líferni skiptir líka öllu máli, nægur svefn og að borða reglulega. Ég leyfi mér ekki að hlaupa út og sleppa morgunmat til dæmis. Einnig er mikilvægt að sjúklingar með geðklofa drekki alls ekki og ég er heppin hvað það varðar – að ég hef aldrei smakkað vín.“

Jóhanna segist ætla að halda áfram að skrifa um sjúkdóm sinn meðan hún hefur frá einhverju að segja. „Kannski verð ég einn daginn búin að tjá mig um þetta. Nú nýt ég þess að stunda söngnám hér í Stykkishólmi og vinna fjóra tíma á dag í leikskólanum. Ég hef yndi af búskapnum og dýrunum og er auk þess að taka utanskólanám á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri.“ *-jma*

# Jóhanna heldur úti vefsíðunni

omarsdottir.bloggar.is

## BLOGGAÐ Á SUNNUDEGI

**27. febrúar 2011 klukkan 20:27**

Geðveikin, þessi undarlegi heimur, heimur sem ég þoli ekki og á erfitt með að sætta mig við en þykir jafnframt örlítið vænt um. Hann er litríkur eins og maður getur ímyndað sér himnaríki og dökkur sem helvíti. Hann er jú hluti af mér og verður alltaf, hann hefur markað mig og gert mig sterka og sært mig óendanlega mikið.

Raddir sem segja mér hverju ég á að trúa um mig og veröldina okkar ráðskast með mig og hafa á mér ógnvekjandi heljartak. Geta ekki sofið í 6 mánuði vegna þeirra eða fá hausverk sem enginn skilur hversvegna er í meira en mánuð og geta ekki sofið. Vill einhver prófa?

Að vera sagt fyrir verkum, gera eitthvað sem mig langar ekki til að gera, hugsað eitthvað sem mig langar ekki til að hugsa en það er þarna samt, samanofið huga mínum og stjórnar mér.

Af hverju kom þetta fyrir mig? Hvað gerði ég til að verðskulda þetta? Ég sem hef aldrei gert neitt rangt, ég hef ekki smakkað áfengi, ég hef aldrei farið illa með neinn, aldrei beitt ofbeldi. Ég var og er alltaf litla góða stelpan…

En ég hef lært með því að lesa blogg eftir aðra og greinar, að það skiptir engu máli hver þú ert, hvernig þú lítur út, hvort þú átt fullkomnustu fjölskyldu í heimi, hvort þú ert klár eða heimskur, það skiptir engu máli hver þú ert þetta bara gerist.

En þegar þér batnar geturðu ráðið hvort þú vilt lifa góðu lífi og leggja allt á þig til að ná eins góðum bata og þú vilt. Það er ein besta ákvörðun sem ég hef tekið og stendur enn.

## THE PAIN!

**31. maí 2010 klukkan 08:50**

Var alveg hreint frábær dagur í gær, við smábændurnir í nýræktinni vorum með opinn dag fyrir alla og kom hellingur af fólki. Ekki spillti fyrir veðrið og staðsetningin sem er hreint æðisleg. Á svona dögum þakka ég mínum sæla fyrir að vera komin á réttu lyfin svo ég geti verið með.

Svona dagar fá mig líka til að hugsa og mér finnst ég vera heppin.

En hvað um það, þegar sjúkdómurinn er ekki að trufla mig, nýt ég þess að vera innan um fólk, mér gengur vel að læra og sinni því af áhuga sem einkunnirnar mínar á bilinu 7-9 segja vel til um og ég mæti í vinnu þegar ég á að mæta. Mér finnst gaman að ferðast og ég sinni áhugamálunum mínum alltaf þegar færi gefst. Ég hef ferðast talsvert bæði innanlands og utan, ég elska að koma á hálendið og vera úti í náttúrunni.

Þegar ég er ekki veik, geri ég hluti eins og að fara ein til Grænlands og í málaskóla til Ítalíu, prófa Jet-ski, sprungusig og að ganga langar gönguferðir. Mig langar ekkert annað en að vera þessi manneskja, en það er ekkert alltaf sem það er hægt. Í svona veikindabaráttu missir maður líka niður líkamlegt þrek en ekki bara það andlega, eins og nóvembermánuður 2006 sagði til dæmis til um.


# Við þökkum stuðninginn

**Reyðarfjörður**
Alcoa-Fjarðaál sf Hrauni 1
Launafl ehf Hrauni 3
Skólaskrifstofa Austurlands Búðareyri 4

**Eskifjörður**
Fjarðaþrif ehf Kirkjustíg 2

**Neskaupstaður**
Rafgeisli Tómas R Zoëga ehf Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, útgerð Hafnarbraut 6

**Fáskrúðsfjörður**
Loðnuvinnslan hf Skólavegi 59

**Höfn í Hornafirði**
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsýslu Nýheimum

Heilbrigðisstofnun Suðausturlands Víkurbraut 31
Sambýlið Hólabrekka Hólabrekku

**Bakkafjörður**
Hraungerði ehf Hraunstíg 1

**Breiðdalsvík**
Héraðsdsýralæknir Austurlands Ásvegi 31

**Selfoss**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf Hrísmýri 3
Búnaðarfélag Grafningshrepps Villingavatni
Dýralæknaþjónusta Suðurlands sími 482-3060 Stuðlum
Flóahreppur Þingborg
Jeppasmiðjan ehf Ljónsstöðum
Kjarna-bókhald ehf Austurvegi 6
Kvenfélag Hraungerðishrepps

Sjúkraþjálfun Selfoss ehf Austurvegi 9
Veitingastaðurinn Menam Eyrarvegi 8
Þjónustumiðstöðin Þingvöllum

**Þorlákshöfn**
Fiskmark ehf Hafnarskeiði 21
Járnkarlinn ehf Unubakka 25

**Flúðir**
Hrunamannahreppur
Hrunaprestakall Hruna

**Hvolsvöllur**
Búaðföng, Hvolsvelli Bakkakoti 1
Kvenfélagið Freyja Skíðbakka 1

**Vík**
Kvenfélag Hvammshrepps

**Kirkjubæjarklaustur**
Hjúkrunar og dvalarheimilið Klausturhólar

**Vestmannaeyjar**
Frár ehf Hásteinsvegi 49
Ísfélag Vestmannaeyja hf Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun Ofanleitisvegi 15-19
Vélaverkstæðið Þór ehf Norðursundi 9
Vinnslustöðin hf Hafnargötu 2
Vöruval ehf Vesturvegi 18

HS ORKA HF · Lilly · init · Arion banki · mentis cura · PROMENS · Hringsjá · ÖSSUR



Í sófanum situr Ingibjörg Briem, forstöðukona búsetukjarna geðfatlaðra við Austurbrún og Dalbraut. Standandi er Kristján Á. Njarðarson íbúi á Dalbraut, en alls eru fimmtán búsetukjarnar fyrir geðfatlaða í Reykjavík og mikill og skemmtilegur samgangur á milli, að sögn Ingibjargar. MYND/STEFÁN

# Kraftaverk á hverjum degi

**Í búsetukjörnum geðfatlaðra fá geðklofa einstaklingar tækifæri til eðlilegs lífs.**

„Mig langar stundum að koma á fót stefnumótaþjónustu fyrir mína menn, því marga langar í kærustur, en sjúkdómurinn dregur þá til baka. Við ræðum oft hvernig það sé að eiga kærustu og sumir áttu unnustu áður en þeir urðu veikir. Því þrá þeir ástina eins og aðrir. Margir eru gífurlegir sjarmar, en stundum með öðruvísi hugmyndir um lífið og það er í góðu lagi því það er ekki víst að okkar hugmyndir séu réttari," segir Ingibjörg Briem, forstöðukona búsetukjarna geðfatlaðra við Austurbrún og Dalbraut. Þar búa nú níu einstaklingar á aldrinum 37 til 64 ára, flestir með geðklofagreiningu.

„Geðklofi er einn alvarlegasti geðsjúkdómur sem til er og hefur á sér ansi vondan stimpil úr bíómyndum og umtali, en þetta er fólk eins og við, með sína lækna og lyf," segir Ingibjörg. „Stór hluti sjúkdómsins er vanvirkni og hindrun til þátttöku, en við hjálpum þeim framhjá því með VSL-hugmyndafræðinni og sýnir sig að þeim líður miklum mun betur ef þeir komast yfir þessar hindranir."

VSL stendur fyrir „virkjum, styðjum, leysum". Helstu markmið eru aukinn bati og aukin ábyrgð á lífi og sjúkdómi einstaklingsins, en aðstæður íbúa búsetukjarnans hafa breyst verulega frá árum áður þegar margir þeirra dvöldu í lengri tíma inni á stofnunum.

„Hér einblínum við á það jákvæða, með stuðningi og hvatningu til ákvarðanatöku á lýðræðislegum grunni. Við lítum á íbúana sem manneskjur með sjúkdóm í stað þess að horfa á greininguna fyrst og svo manneskjuna. Þá komum við fram við alla á jafningjagrunni sem byggir á virðingu, trausti og umburðarlyndi, og því að fagfólk er hvorki heilagt né veit alltaf betur," segir Ingibjörg.

**STOLTIR AF SÉR OG SÍNU**

Íbúð í búsetukjarna er oft fyrsta eigið heimili íbúanna, en þaðan fara þeir allra sinna ferða frjálsir í strætó, hvort sem það er í innkaupaleiðangur, á kaffihús, í heimsóknir, keilu eða bara á barinn, eins og heilbrigt fólk gerir.

„Áður lifðu margir þeirra lífinu á herbergjum Klepps eða Arnarholts og vanir því að hlutirnir væru gerðir fyrir þá, en hér lifa þeir venjulegu heimilislífi og fá þjónustu eftir þörfum til húsverka, eldamennsku og annars. Fyrsta árið fer gjarnan í að vinda ofan af gömlum vana og virkja þá til að laga sér til dæmis kaffibolla sjálfir í stað þess að færa þeim hann," segir Ingibjörg um valdeflingu sem byggist á því að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft og gefa því val á milli hluta og aðstæðna.

„Að þessu leyti erum við eins konar sölumenn lífsins og seljum þeim hugmyndir um betra líf, en það byggir á jafnvægi og er sífelldur línudans milli forræðishyggju og afskiptaleysis."

Ingibjörg segir aðstandendur gleðjast af heilum hug þegar þeir sjá færni og lífsgæði ástvina sinna aukast, enda mennirnir farnir að sýna meiri áhuga út á við, hafa frá fleiru að segja, eru meiri þátttakendur í lífinu, stoltir af sér og heimili sínu, og geta nú boðið fjölskyldu og vinum í mat eða kaffi.

„Starfið er óhemju gefandi og í því hef ég séð kraftaverk gerast á hverjum degi. Það felst mikil lækning í því að vera tekinn sem einn af hópnum, en áður voru þessir menn aðskildir sem hinir veiku frá hinum sem voru úti í lífinu. Þeir sækja mikið í spjall við okkur starfsfólkið og ég leyfi þeim hiklaust að heyra að stundum er ég sjálf þreytt og nenni ekki í vinnuna á morgnana en druslast samt af stað. Þeim er nefnilega hollt að heyra að við upplifum öll að vakna verulega fúl og nenna ekki út í snjóinn og það er ekkert afbrigðilegt heldur þvert á móti eðlilegt."



Gunnar Gunnarsson, notandi þjónustu Straumhvarfa, flutti erindi á fundi í desember 2010 þegar verkefninu var formlega lokið.

# Búsetuverkefni formlega lokið

Árið 2006 var átaki til eflingar þjónustu við geðfatlað fólk ýtt úr vör. Átakið fékk síðar nafnið Straumhvörf. Markmið þess var að koma 160 geðfötluðum einstaklingum sem dvöldu á stofnunum út í samfélagið og í sjálfstæða búsetu ellegar búsetu með stuðningi. Óhætt er að segja að líf þeirra tók stakkaskiptum í kjölfarið.

Fjölmargir aðilar komu að verkefninu, ný hugmyndafræði ruddi sér til rúms og nær allir þeir sem upphaflega stóð til að þjónusta fengu úrlausn. Umtalsverðum fjármunum var ráðstafað til verkefnisins, eða einum milljarði með beinu ríkisframlagi og hálfum milljarði úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Verkefninu lauk formlega föstudaginn 10. desember 2010 með fundi þeirra sem unnu að verkefninu. Meðfylgjandi myndir voru teknar af því tilefni. Geðhjálp þakkar öllum samvinnuna við þetta verkefni sem mun auðvitað standa miklu lengur.



Jón Ingvi og Eiríkur Ragnar skemmtu gestum með góðu tónlistaratriði.


## Við þökkum stuðninginn

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Akureyri**
Betra brauð veislubakstur — Freyjunesi 8
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf — Fjölnisgötu 2a
Bjarni Fannberg Jónasson ehf, pípulagningarþjónusta — Melateig 31
Blikkrás ehf — Óseyri 16
Dýralæknaþjónusta Eyjafjarðar ehf — Perlugötu 11
Félagsbúið Hallgilsstöðum — Hallgilsstöðum
Friðrik Páll Jónsson, háls, nef og eyrnalæknir — Tryggvabraut 22
Gúmmívinnslan Alorka ehf — Réttarhvammi 1
Hársnyrtistofan Samson — Sunnuhlíð 12
Helgi Bergþórsson — Klettaborg 39
Hlíðarból, leikskóli Hvítasunnukirkjunnar — Skarðshlíð 20
Ísgát ehf — Laufásgötu 9
Kjarnafæði hf — Fjölnisgötu 1b
Lostæti ehf — Naustatanga 1
Myndlistaskólinn á Akureyri — Kaupvangsstræti 16
Orlofsbyggðin Illugastaðir — Fnjóskadal
Rafröst ehf — Gránufélagsgötu 49b
Raftákn ehf — Glerárgötu 34
Samvirkni ehf — Hafnarstræti 97

**Grímsey**
Sigurbjörn ehf, útgerð — Öldutúni 4
Sæbjörg ehf — Öldutúni 3
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf, Grímsey — Hátúni

**Ólafsfjörður**
Árni Helgason ehf — Hlíðarvegi 54
Sjómannafélag Ólafsfjarðar — Brekkugötu 9

**Húsavík**
AS - verk ehf — Ketilbraut 5
Fagranesbúið — Fagranesi
Höfðavélar ehf — Höfða 1
Sorpsamlag Þingeyinga ehf — Víðimóar 2

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum — Laugum Reykjadal
Kvenfélag Reykdæla — Glaumbær
Norðurpóll ehf — Laugabrekku Reykjadal

**Mývatn**
Eldá ehf — Helluhrauni 15
Jarðböðin við Mývatn — Jarðbaðshólum

**Egilsstaðir**
Fljótsdalshérað — Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf — Einhleypingi 1
Skrifstofuþjón Austurlands ehf — Fagradalsbraut 11
Verkfræðistofa Austurlands ehf — Kaupvangi 5

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður — Hafnargötu 44

Akureyri
actavis hagur í heilsu
AGA www.linde-healthcare.is
Landssamtök lífeyrissjóða
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
Alþýðusamband Íslands
Ali
Alcoa Fjarðaál ALCOA

● **MINNINGAR VONNEGUTS** Mark Vonnegut hefur gefið út endurminningar sínar: Just Like Someone Without Mental Illness Only More So: A Memoir. Mark er sonur hins þekkta ameríska rithöfundar Kurt Vonnegut. Hann gaf út bókina The Eden Express árið 1975 sem lýsir baráttu hans við byrjunareinkenni geðveiki sem í byrjun var talin geðklofi en síðar greind sem geðhvörf, en margir af eldri kynslóðinni kannast við þá bók. Sú bók þykir lýsa geðrofum með afar skilmerkilegum hætti. Mark Vonnegut fór síðar í læknisfræðinám og hefur starfað sem barnalæknir í fjölmörg ár. Hann gerðist snemma virkur í baráttu fyrir bættri geðheilbrigðisþjónustu og hefur lagt mikið af mörkum við að upplýsa og eyða fordómum í garð geðsjúkra í Bandaríkjunum.




● **FLOTTIR USB!** Geðhjálp hefur til sölu þessa flottu minnislykla með merki félagsins. Stykkið kostar 4.500 krónur en góður afsláttur er veittur ef keyptir eru þrír eða fleiri. Lyklarnir fást á skrifstofu félagsins á skrifstofutíma hjá Jóhönnu.




● **HEIMUR ÁN CHURCHILLS** Í Bretlandi er í gangi verkefnið „Time to change" sem er ætlað að vinna gegn fordómum í garð geðsjúkra. Athygli vakti bæklingurinn A World Without... sem gerir grein fyrir fimm mikilhæfum einstaklingum. Þetta eru Abraham Lincoln, Winston Churchill og Marie Curie sem þjáðust af þunglyndi, Charles Darwin, sem glímdi við mikil kvíðaköst, og Florence Nightingale, sem sennilega þjáðist af geðhvörfum. Spurt er hvort forfeður okkar og -mæður hafi verið umburðarlyndari en við. Myndir þú t.d. kjósa mann eða konu sem þjáist af þunglyndi á þing? Ríflega 40% atvinnurekenda í Bretlandi segjast tæplega myndu ráða manneskju með geðsjúkdóm til starfa. Er ástandið betra á Íslandi?




# Litli rússíbaninn okkar

**Óskar Ásgeirsson er átta ára drengur með geðhvörf. Móðir hans segir sjúkdóminn rússíbanareið fyrir alla fjölskylduna en nauðsynlegt sé að tala opinskátt um málið.**


Ásgeir Óskarsson og Helga Björg Dagbjartsdóttir með Óskar og Sigrúnu Birtu. MYND/VALLI

Við upphaf skólagöngu Óskars í Laugarnesskóla fór að bera á einkennum í fari hans sem ollu foreldrum hans, Helgu Björg Dagbjartsdóttur og Ásgeiri Óskarssyni, áhyggjum. Hann varð kvíðinn og þungur í lund og hætti að vilja taka þátt í daglegu lífi fjölskyldunnar en einnig mjög örlyndur.

„Hann varð mjög ólíkur sjálfum sér og annað barn þegar hann veiktist," segir Helga Björg. „Við fórum með hann til barnasálfræðings og svo til geðlæknis og í framhaldinu komumst við inn á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans fyrir tæpu ári. Óskar hefur verið þar á dagdeild meira og minna síðasta árið."

Helga segir sjúkdóminn lýsa sér með ofboðslegum kvíða. Einnig sveiflist Óskar í skapi upp í hæstu hæðir, niður í að verða mjög þunglyndur. Ekki er algengt að börn greinist með geðhvörf svona ung og segir Helga það bæði gott og slæmt að Óskar greinist svona ungur. Það sé gott að snemma komi í ljós hvað sé að svo hægt sé að vinna strax að réttum meðferðarúrræðum. Hins vegar geri ungur aldur það að verkum að samtalsmeðferðir henti ekki.

„Það mun hjálpa honum til framtíðar að hafa greinst svona ungur. Þegar hann eldist lærir hann að þekkja sjálfan sig, vita til dæmis hvenær hann er að veikjast og þá getur hann einnig nýtt sér betur samtalsmeðferð. Enn hefur ekki tekist að finna lyf handa honum við hæfi. Þetta er langhlaup og við bíðum eftir að komast í meira jafnvægisástand þegar hann eldist. Þetta hefur áhrif á alla fjölskylduna og heimilislífið og við köllum hann stundum litla rússíbanann okkar," segir Helga brosandi. „Það eru engir tveir dagar eins og það þarf meðvitað að halda í gleðina þegar maður vaknar á morgnana."

**GEÐSJÚKDÓMAR EKKERT TIL AÐ FELA**

Geðsjúkdómar hafa löngum verið feimnismál þeirra sem veikir eru og fjölskyldna þeirra. Helga segir mikilvægt að tala opinskátt um sjúkdóminn og að þau hjónin hafi strax tekið þá ákvörðun að láta fólk vita hvað um væri að ræða.

„Ég veit að margir treysta sér ekki til að ræða þessi mál en við látum alla vita af þessu. Þetta er ekki neitt til að fela og þó Óskar viti sjálfur ekki endilega hvað sjúkdómurinn heitir þá veit hann að hann er með sjúkdóm, sem veldur því að hann missir stjórn á sér. Nágrannar okkar vita þetta því stundum er ástandið þannig að við þurfum að halda Óskari. Þá þarf að vera á hreinu hvað er að gerast, að við séum ekki að misþyrma barninu."

> „Ég veit að margir treysta sér ekki til að ræða þessi mál en við látum alla vita af þessu. Þetta er ekki neitt til að fela."

Helga segir stundum koma á fólk þegar þau láti vita að Óskar sé með geðsjúkdóm en yfirleitt taki fólk því vel. Hreinskilnin auðveldi öll samskipti.

„Foreldrar skólafélaga hans eru til dæmis þakklátir að fá að vita af þessu og hvernig á að tækla Óskar þegar hann er í heimsókn. Þau geta þá útskýrt þetta fyrir sínum börnum og þegar hann fór nokkrar vikur úr skólanum vissu krakkarnir alveg út af hverju og honum var boðið í öll afmæli á þeim tíma eins og öðrum. Öll samskipti við Laugarnesskóla hafa líka verið frábær og við höfum fengið alla þá hjálp sem við höfum beðið um þar."

**LEITA ÞARF UPPI AÐSTOÐ**

Að þessu sögðu bætir Helga því við að foreldrar þurfi að leita eftir liðveislu sjálfir. Ekki liggi alltaf ljóst fyrir hvert eigi að snúa sér og stundum sé erfitt að taka upp símann.

„Það er ekki mikið talað um þessa hluti yfirleitt og maður þarf bara að leita uppi aðstoð. Vegna þess hve Óskar er ungur höfum við hálfpartinn lent á milli en ég veit til þess að hjá Geðhjálp er verið að setja upp foreldrahóp ungra barna með geðsjúkdóma. Við höfum einnig verið í foreldrahópum hjá BUGL og starfsfólkið þar hjálpar okkur mikið. Sjálf höfum við hjónin farið í hjónaviðtöl okkur til stuðnings en þetta er mikið álag á hjónabandið líka. Við reynum líka að gefa okkur tíma til að hreyfa okkur og það hefur mikið að segja. Einnig fer Óskar í stuðningshelgi einu sinni í mánuði til afa síns og ömmu. Þá fáum við andrúm til að hlaða batteríin og litla systir hans, sem er sjö ára, fær tíma út af fyrir sig því auðvitað er þetta álag fyrir hana líka."

Spurð hvort erfitt hafi verið að horfast í augu við að eiga barn með geðsjúkdóm segir Helga það ekki hafa verið tilfellið hjá þeim hjónum og þau horfi björtum augum á framtíðina.

„Það var ekki svo erfitt að viðurkenna vandann, frekar að meðtaka að hann sé til staðar. Ég hef til dæmis enn ekki áttað mig á því að ég á langveikt barn, ég gleymi því stundum," segir hún hlæjandi. „Í grunninn er Óskar yndislegur drengur og í raun félagslega fær, hann á mikið af vinum og það er mjög mikilvægt. Ég er bjartsýnismanneskja að upplagi og horfi bara á þetta sem langhlaup sem muni ganga vel."

# Stuðningur við aðstandendur barna

Sólrún Ósk Lárusdóttir sálfræðingur hóf störf sem ráðgjafi hjá Geðhjálp í september á síðasta ári. Að hennar sögn felst hluti starfsins í því að aðstoða börn og unglinga með geðraskanir og aðstandendur þeirra.

„Geðhjálp hefur oft verið tengd við fullorðna en við sinnum líka ungmennum, foreldrum þeirra og fjölskyldum, systkinum, ömmum og öfum sem þurfa fræðslu og stuðning." Hún segir sömuleiðis reynt að aðstoða foreldra með geðraskanir þar sem hagur allrar fjölskyldunnar er hafður að leiðarljósi.

En hvers konar mál rata inn á borð til hennar? „Oft er þetta fólk sem veit ekki hvar það á að byrja og þá bendum við á viðeigandi úrræði, sem aðilar eins og Sjónarhóll og BUGL veita. Aðrir eru kannski í biðstöðu meðan leitað er meðferðar fyrir krakkana og enn aðrir ósáttir við þá þjónustu sem stendur til boða. Sumir þurfa bara að fá að ræða málin. Við veitum því ráðgjöf og stuðning en ekki meðferð."


„Við sinnum líka ungmennum, foreldrum þeirra og fjölskyldum," segir Sólrún Ósk Lárusdóttir, ráðgjafi hjá Geðhjálp. MYND/VALLI

Sólrún segir starfið hafa gengið vel, þótt betur megi ef duga skal. „Við erum að vinna í því að vera sýnilegri svo fólk viti af þjónustunni og höfum í þeim tilgangi meðal annars flutt fyrirlestra í grunn- og framhaldsskólum þar sem þess er óskað." Þá segir hún í skoðun hvernig hægt sé að aðstoða fólk úti á landi þar sem takmörkuð aðstoð virðist vera fyrir hendi.

Fræðslufundur er svo á döfinni í vor. „Áherslan verður þar á stöðu aðstandenda, þar sem við fáum fagfólk og einstaklinga sem þekkja þessi mál til að miðla af sinni reynslu og þannig skapa umræður og skoða möguleikana sem eru fyrir hendi."

Fyrirspurnir og tímapantanir eru í síma 570-1700 á virkum dögum milli klukkan 9 og 16. Þá er hægt að senda tölvupóst á gedhjalp@gedhjalp.is.



„Auðvitað er sjálfsagt að leiðbeina fólki og við reynum að koma til móts við þarfir allra," segir Jóna Rut. MYND/VALLI

# Viljum auka færni og vald fatlaðra einstaklinga

**Málefni fatlaðra færðust alfarið frá ríki til sveitarfélaga um síðustu áramót. Jóna Rut Guðmundsdóttir stýrir yfirfærslu málefna geðfatlaðra hjá Reykjavíkurborg.**

„Í dag er lögð áhersla á að auka færni og vald fatlaðs fólks á sem flestum sviðum og að þjónusta sé á forsendum einstaklinganna," segir Jóna Rut Guðmundsdóttir verkefnisstjóri borgarinnar. „Fyrrum voru hlutverk oft tekin frá fólkinu sjálfu með of mikilli umönnun. Það var meira að segja verið að raka karlmenn sem gátu alveg gert það sjálfir. Viðhorfin í samfélaginu hafa breyst."

Jóna Rut tekur fram að borgin hafi byrjað þjónustuna þegar árið 2008 með því að veita 44 geðfötluðum einstaklingum, sem fram að því höfðu verið á stofnunum, tækifæri á búsetu í sjö þjónustukjörnum. Nú eru þjónustukjarnarnir fimmtán og dreifðir um borgina. Í hverjum þeirra eru fjórar til sjö einstaklingsíbúðir, staðsettar á einni hæð eða í einum stigagangi. Í sumum kjörnum búa einstaklingar sem þurfa bara minni háttar stuðning en í öðrum þarf vakt allan sólarhringinn. „Jafnframt því að taka við málaflokki fatlaðra vildum við nota tækifærið og þróa breytingar þannig að þjónusta borgarinnar við þá væri skilvirk og í takt við kröfur nútímans," segir hún.

Tvö búsetuendurhæfingarheimili eru meðal þess sem borgin hefur komið upp, að sögn Jónu Rutar. Þau eru fyrir fólk sem hefur dvalið lengi á stofnun og þarf stuðning vegna daglegra athafna. „Endurhæfingarheimili hefur skilað góðum árangri í því að efla getu fólks. Þar er farið eftir þeim áætlunum sem einstaklingarnir setja sér sjálfir og í því felst hvatning," segir Jóna Rut.

Félagsstarf er mikilvægt, bæði fötluðum og öðrum. Jóna Rut segir könnun frá árinu 2008 sýna að einungis 30% fatlaðra tóku einhvern þátt í félagsstarfi, námi eða atvinnu en tveimur árum síðar hafi það hlutfall verið orðið 60%. Hún telur félagsstarf mikilvæga forvörn þegar kemur að andlegri heilsu. „Vegna efnahagsástandsins geta margir verið félagslega vanvirkir. Til þeirra viljum við ná og bjóða upp á fjölbreytt úrræði. Þar erum við í góðu samstarfi við ýmsa aðila, meðal annars Geðhjálp sem hefur reynslu á þessu sviði."

Eftir að borgin tók við málefnum fatlaðra eiga þeir greiðari leið en áður í þjónustumiðstöðvar hverfanna, að sögn Jónu Rutar. Því hefur líka verið komið til leiðar að þeir fái afgreiðslu í bönkum í stað þess að forstöðumaður á stofnun sjái um fjármál þeirra. „Þetta er dæmi um hvernig hægt er að efla vald einstaklinganna," segir hún og bætir við. „En auðvitað er sjálfsagt að leiðbeina fólki og við reynum að koma til móts við þarfir allra."

# Frumkvæðisverðlaun 2010

Frumkvæðisverðlaun 2010 Geðhjálpar voru veitt í annað sinn á afmælisdegi Geðhjálpar laugardaginn 9. október. Velunnarar félagsins voru boðnir til athafnarinnar sem haldin var að húsnæði félagsins við Túngötu. Guðbjartur Hannesson, velferðar- og félagsmálaráðherra, afhenti þeim Önnu Valdimarsdóttur og Páli Matthíassyni verðlaun Geðhjálpar sem þökk félagsins til þeirra fyrir vel unnin störf í þágu geðsjúkra og aðstandenda þeirra.

Anna tilheyrir hópi aðstandenda og hefur með miklu og óeigingjörnu starfi sínu til fjölda ára áunnið margt fyrir þennan samfélagshóp. Páll er framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans og hefur nú þegar að mati Geðhjálpar stuðlað að bættri þjónustu og nýjungum í umgengni við geðsjúka.



Frumkvæðisverðlaunahafar Geðhjálpar 2010 ásamt ráðherra félagsmála. Frá vinstri: Guðbjartur Hannesson ráðherra, Anna Valdimarsdóttir og Páll Matthíasson.



Ljóti kórinn söng ansi fallega.

**● SVIGNANDI BORÐ FYRIR JÓLIN** Geðhjálp hélt sitt árlega jólahlaðborð um miðjan desember og að venju var það stjórn félagsins sem útbjó matinn og bauð hinum fjölmörgum gestum til borðs. Maturinn var auðvitað ekki af verri endanum: hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi. Ljóti kórinn skemmti gestum með fögrum söng og allir héldu mettir út í kuldann sem akkúrat þá réði ríkjum.



Lárus R. Haraldsson og Erna Arngrímsdóttir úr eldhústeyminu smakka til uppstúfinn.



Glaðir gestir ganga eftirvæntingarfullir að borðinu.

**● AUGLÝST EFTIR FÉLÖGUM** Geðhjálp eru félagasamtök sem eru algjörlega háð velvilja almennings, bæði fjárhagslega og félagslega. Félagið er að mestu rekið fyrir félagsgjöldin og skilvísar greiðslur þeirra eru mikilvægar. Rödd hvers einasta félagsmanns skiptir máli því sjónarmið okkar og reynsla geta verið mismunandi. Við hvetjum þá sem áhuga hafa á að styrkja og styðja félagið að gerast félagsmenn. Það kostar aðeins 2.000 krónur á ári og má til dæmis gera með því að hringja í síma 570 1700 eða á heimasíðu félagsins: www.gedhjalp.is.

# Við þökkum stuðninginn

## Reykjavík

Aðalmálun sf Bræðraborgarstíg 13
Aðalvík ehf Ármúla 15
Arctic rafting Þorláksgeisla 46
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns Eyjarslóð 9
Arkitektastofan OG ehf Skúlatúni 2
Athygli ehf Suðurlandsbraut 30
Árbæjarapótek ehf Hraunbæ 115
Árni Reynisson ehf Laugavegi 170
Ásbjörn Ólafsson ehf Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf Krosshömrum 2
Bakkavör Group hf Tjarnargötu 35
Bakkus ehf Héðinsgötu 1
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf Skipholti 35
Barnaverndarstofa Borgartúni 21
Birtingur ehf Sóleyjargötu 5
Bílasmiðurinn hf Bíldshöfða 16
Björnsbakarí ehf v/Skúlagötu Klapparstíg 3
Blaðamannafélag Íslands Síðumúla 23
Bónus Skútuvogi 13
Brauðhúsið ehf Efstalandi 26
BSRB Grettisgötu 89
Danica sjávarafurðir ehf Suðurgötu 10
Drafnarfell ehf Stórhöfða 35
Efling stéttarfélag Sætúni 1
Efnamóttakan hf Gufunesi
Eignamiðlunin ehf Síðumúla 21
Eignaumsjón hf Suðurlandsbraut 30
Einar Jónsson Skipaþjónusta Laufásvegi 2a
Eirberg ehf Stórhöfða 25
Ernst & Young hf Borgartúni 30
Farfuglar Borgartúni 6
Fatabúðin ehf Skólavörðustíg 21a
Faxaflóahafnir Tryggvagata 17
Ferðakompaníið ehf Fiskislóð 20
Félag einstæðra foreldra Vesturgötu 5
Félagsbústaðir hf Hallveigarstíg 1
Fiskafurðir-umboðssala ehf Fiskislóð 5-9
Fiskbúðin Freyjugötu 1
Fiskmarkaðurinn veitingahús Aðalstræti 12
Fjallabak ehf Skólavörðustíg 12
Forum lögmenn ehf Aðalstræti 6
Fótaaðgerðarstofa Reykjav. ehf Háaleitisbraut 58
GB Tjónaviðgerðir ehf Dragháls 6-8
Gjögur hf Kringlunni 7
Glitnir banki ehf, útibú 513 Lækjargötu 12
Grásteinn ehf Grímshaga 3
Guðlaug Guðlaugsdóttir Breiðuvík 33
Guðmundur Jónasson ehf Borgartúni 34
Gull og silfur ehf Laugavegi 52
Gunnar Rósarson - Tanngo ehf Vegmúla 2
Halldór Jónsson ehf Skútuvogi 11
Helga Guðmundsdóttir Sólheimum 28
HGK ehf Laugavegi 13
Höfðakaffi ehf Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf Mörkinni 6
Iceland Congress s: 552 9500 Eskihlíð 3
IcePharma hf Lynghálsi 13
Innréttingar og tæki Ármúla 31
Íslandsbanki hf - útibú 0528 Stórhöfða 17
Íslandsbanki hf., útibú 525 Háaleitisbraut 58-60
Íslandsstofa Borgartúni 35
Íslensk endurskoðun ehf Bogahlíð 4
Íslensk erfðagreining Sturlugötu 8
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf Bíldshöfða 12
Íþróttafélagið Fylkir Fylkisvegi 6
J. S. Gunnarsson hf Fossaleyni 10
Jóhann Þorsteinsson Logafold 130
Jón Ásbjörnsson hf Fiskislóð 34
Kaþólska kirkjan á Íslandi Hávallagötu 14-16
Kemi ehf www.kemi.is Tunguhálsi 10
Knattspyrnusamband Íslands Laugardal
Landsnet hf Gylfaflöt 9
Landssamtökin Þroskahjálp Háaleitisbraut 13
Leikskólinn Vinaminni ehf Asparfelli 10
Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ehf Fákafeni 11
Loftstokkahreinsun.is s: 5670882 og 8933397 Garðhúsum 6
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu Hverfisgötu 115
Lögsýn ehf Skipholti 50b
Löndun ehf Kjalarvogi 21
Menntaskólinn við Hamrahlíð Hamrahlíð 10
Oddgeir Gylfason, tannlæknir Vínlandsleið 16
ORKUVIRKI ehf Tunguhálsi 3
Ó. Johnson & Kaaber ehf Tunguhálsi 1
Ósal ehf Tangarhöfða 4
Ósk Þórðardóttir Tannlæknastofa Borgartúni 29
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf Krókhálsi 14
Prentmet ehf Lynghálsi 1
Rafsvið sf Þorláksgeisla 100
Raftækjaþjónustan sf Lágmúla 8
Ráðgjafar ehf Garðastræti 36
Samhjálp Stangarhyl 3a
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF Nethylur 2 e
Seljakirkja Hagaseli 40
SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu Grettisgötu 89
Sigurjón & Thor ehf Lágmúla 7
SÍBS Síðumúla 6
Sínus ehf Grandagarði 1a
Sjálfstæðisflokkurinn Háaleitisbraut 1
Sjómannadagsráð Reykjavíkur Hrafnistu
Sjómannafélag Íslands Skipholti 50d
Sjóvélar Skútuvogi 12
Sjúkraþjálfunin Heil & sæl ehf Hraunbæ 102c
Skotfélag Reykjavíkur Engjavegi 6
Skóarinn í Kringlunni ehf Kringlunni 4-6
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf Nóatúni 4
SORPA Gufunesi
Starfsgreinasamband Íslands Sætúni 1
Stólpi ehf Klettagörðum 5
Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga Fossaleyni 17
Suzuki bílar hf Skeifunni 17
Svínahraun ehf
Tannlæknastofa Björns Þ Þórhallssonar Háteigsvegi 1
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar Síðumúla 25
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur ehf Laugavegi 163
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar Þangbakka 8
Tannréttingar sf Snorrabraut 29
Tannþing ehf, tannlæknastofa Þingholtsstræti 11
Terra Export ehf Ljósuvík 38
Umslag ehf Lágmúla 5
V.R. Kringlunni 7
Vátryggingafélag Íslands hf Ármúla 3
Veiðiþjónustan Strengir Smárarima 30
Verkfræðistofan VIK ehf Laugavegi 164
Verslunartækni ehf Draghálsi 4
Verslunin Fríða frænka Vesturgötu 3
Vélsmiðjan Altak ehf Ægisgörðum 7
Vélsmiðjan Harka hf Hamarshöfða 7
Vilberg kranaleiga ehf s: 848-0800 Fannafold 139
Þýðingaþjónusta Boga Arnars Engjaseli 43
Ögurvík hf Týsgötu 1

## Seltjarnarnes

About Fish Íslandi ehf Austurströnd 3
Seltjarnarneskirkja Kirkjubraut 2
Tannlæknastofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf Eiðistorgi 15

## Vogar

V.P.vélaverkstæði ehf Iðndal 6

## Kópavogur

Ísfrost ehf Smiðjuvegur 11e
Allianz á Íslandi hf Digranesvegi 1
Arnardalur sf Þingholsbraut 58
Axis-húsgögn ehf Smiðjuvegi 9d
Ásklif ehf Engjaþingi 13
Bifreiðastillingin ehf Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf Akralind 9
Bílamálunin Varmi ehf Auðbrekku 14
Bílaþvottastöðin Löður ehf Bæjarlind 2
Blindrabókasafn Íslands Digranesvegi 5
Debenhams á Íslandi ehf Hagasmára 1
Goddi ehf Auðbrekku 19
Hellur og garðar ehf Kjarrhólma 34
Ison ehf Laufbrekku 22
Íslandsspil sf Smiðjuvegi 11a
Kríunes ehf Kríunesi við Vatnsenda
Léttfeti ehf - Sendibílar Engihjalla 1
Marás ehf Akralind 2
Rafmiðlun hf Ögurhvarfi 8
Reynir bakari Dalvegi 4
Smurstöðin ehf Dalvegi 16a
Strikamerki hf Hlíðasmára 12
Suðurverk hf Hlíðarsmára 11
Söluturninn Smári Dalsvegi 16c
Tónlistarskóli Kópavogs Hamraborg 6
Tölvutækni ehf Hamraborg 14a
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar Nýbýlavegi 32
Vetrarsól ehf Askalind 4
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf Dalvegi 16d

## Garðabær

G.M. Byggir ehf Krókamýri 58
Garðabær Garðatorgi 7
Geislatækni ehf Laser-þjónustan Suðurhrauni 12c
Manus ehf Smiðsbúð 7
Miklatorg hf - IKEA Kauptúni 4
Verslunin 10 - 11 Lyngási 17
Wurth á Íslandi ehf Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Endurskoðun Ómars Kristjánssonar slf Bæjarhrauni 8
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir Reykjavíkurvegi 62
Gullfari ehf Vesturholti 2
Héðinn Schindler lyftur hf Gjótuhrauni 4
Höfn öldrunarmiðstöð Sólvangsvegi 1
Ísrör ehf Hringhellu 12
Krossborg ehf Stekkjarhvammi 12
Kæling ehf Stapahrauni 6
Litla partasalan ehf Trönuhrauni 7
Rafal ehf Hringhellu 9
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf Reykjavíkurvegi 60
Verkalýðsfélagið Hlíf Reykjavíkurvegi 64

## Reykjanesbær

DMM Lausnir ehf Iðavöllum 9b
Grímsnes ehf Steinás 18
ÍAV þjónusta ehf Klettatröð bygging 2314
Íslenska félagið ehf Iðavellir 7a
Kaplavæðing ehf Hólmgarði 2c
Reiknistofa fiskmarkaða hf Iðavöllum 7
Tannlæknast Einars Magnúss ehf Skólavegi 10
Tannlæknastofa Jóns Björns Sigtryggssonar Tjarnargötu 2
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis Krossmóa 4
Verslunarmannafélag Suðurnesja Vatnsnesvegi 14
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum Hafnargötu 90

## Grindavík

Vísir hf Hafnargötu 16
Þorbjörn hf Hafnargötu 12

Sandgerði
Grunnskólinn í Sandgerði Skólastræti
Verk- og tölvuþjónustan ehf Holtsgötu 24
Þensla ehf Strandgata 26

## Mosfellsbær

Kvenfélag Lágafellssóknar
Skálatúnsheimilið
Kjósarhreppur www.kjos.is Ásgarði
Garðyrkjustöðin Gróandi Grásteinum
Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS Reykjalundi

Ísfugl ehf Reykjavegi 36
Rögn ehf rogn@rogn.is Súluhöfða 29

## Akranes

Apótek Vesturlands ehf Smiðjuvöllum 32
Ehf, Álmskógum 1 Álmskógum 1
Elkem, Ísland ehf Grundartanga
GT Tækni ehf Grundartanga
Pípulagningaþjónustan ehf Kalmansvöllum 4a
Smurstöð Akraness sf Smiðjuvöllum 2
Straumnes rafverktakar Krókatúni 22-24
Vignir G. Jónsson hf Smiðjuvöllum 4

## Borgarnes

Blómaborg ehf Borgarbraut 55
Framköllunarþjónustan ehf Brúartorgi 4
Kvenfélag Stafholtstungna
Sæmundur Sigmundsson ehf Brákarey
Vélaverkstæði Kristjáns ehf Brákarbraut 20

## Stykkishólmur

Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf Aðalgötu 20
Narfeyri ehf Ásklifi 10
Þ.B.Borg - Trésmiðja Silfurgötu 36

## Ólafsvík

Tannlæknastofa A.B Heilsugæslust. Engihlíð 28

## Hellissandur

Ingibjörg ehf Hafnargötu 14
KG Fiskverkun ehf Melnesi 1
Nónvarða ehf Bárðarási 6
Skarðsvík ehf Munaðarhóli 10

## Ísafjörður

Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1
Ferðaþjónustan í Heydal s: 456 4824 www.heydalur.is Mjóafjörður
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum Aðalstræti 24
Fræðslumiðstöð Vestfjarða Suðurgötu 12
Hamraborg ehf Hafnarstræti 7
Kjölur ehf Urðarvegi 37
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf Aðalstræti 26

## Bolungarvík

Endurskoðun Vestfjarða ehf Aðalstræti 19
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf Hafnargötu 12
Glaður ehf Traðarstíg 1
Jakob Valgeir ehf Grundarstíg 5
Ráðhús ehf Miðstræti 1
Vélvirkinn sf Hafnargötu 8

## Súðavík

Súðavíkurhreppur Grundarstræti 3
Víkurbúðin ehf Grundarstræti 1-3

## Þingeyri

Svalvogar ehf Aðalstræti 51

## Norðurfjörður

Hótel Djúpavík ehf Árneshreppi

## Blönduós

Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda Húnabraut 13
Húnavatnshreppur Húnavöllum
Stéttarfélagið Samstaða Þverbraut 1

## Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd Túnbraut 1-3
Vélaverkstæði Skagastrandar Strandgata 30

## Sauðárkrókur

Bókhaldsþjónusta KOM ehf Víðihlíð 10
Kaupfélag Skagfirðinga Ártorgi 1
Vörumiðlun ehf Eyrarvegur 21
Útgerðarfélagið Sæfari ehf Hrauni

Akureyri actavis hagur í heilsu Hringsjá AGA LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR Alþýðusamband Íslands Ali Alcoa Fjarðaál ALCOA SJÓVÁ HS ORKA HF Lilly init Arion banki vistor mentis cura ÖSSUR PROMENS

# BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn



HYUNDAI SANTA FE CRDI DIESEL. Árgerð 2008, ekinn 78 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Listaverð 4.400.000.- . Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Verð 3.890.000.-



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árgerð 2006, ekinn 120 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. listaverð 5.030.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Verð 4.580.000.-



Skoðar öll skipti PORSCHE BOXSTER S . Árgerð 2003, ekinn 20 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.500.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



100% Visa/Euro láni í boði NISSAN TERRANO II 7 MANNA . Árgerð 1998, ekinn 187 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 490.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



HYBRID ekinn 17 þkm LEXUS RX400H. Árgerð 2008, ekinn 17 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf



**OFURTILBOÐ 2.490.000.-**
SUBARU LEGACY OUTBACK 3.0 H6 SPEC-B. Árgerð 2007, ekinn 220.þ km,Sjálfskiptur. Verð 4.150.000.Strangt smur og þjónustueftirlit,einn með öllu. Rnr.244137..Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og laugardögum 12-16**
**www.bilalif.is**

100bilar.is bílasala



Ford F150 lariat, árg. 6/2005, ek. 168þús.km, 35" breyttur, Góður, vel búinn bíll í góðu standi, hús á palli+sérsmíðað állok, Fluttur inn nýr og einn eigandi, Ásett verð 2490þús.kr, A.T.H. er á staðnum,



Óskum eftir!!! Okkur vantar á skrá 2008 eða nýrri Range Rover, BMW X3 & X5, M.benz ML & GL og Audi Q7, dísel bíla, akstur í kringum eða minna en 40þús. km, Endilega sendu okkur myndir, bílnúmer oþh á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

bilfang.is S. 567 2000



Suzuki SX4 4X4 09/2006 ek 75 þ.km SJÁLFSKIPTUR, 2. litra 146 HÖ, fer allt í snjó, bilinn er á staðnum verð 1850 þús. (eftir lokun 864-8989)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Kubistar Diesel Árgerð 07/2010, ókeyrður bíll, með skilrúmi og stigalúgu. Bíllinn er á staðnum! Verð 2.250.000kr með VSK. Raðnúmer 131123. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

TOPPBÍLAR bílasala



SUZUKI Swift. Árgerð 2010, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Ný þjónustaður Rnr.284426.



MMC L200 37". Árgerð 2007, ekinn 62 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.332627.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

TOYOTA Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Hilux d/c sr 3.0. Árgerð 2008, ekinn 63 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.980.000. Rnr.121248.



TOYOTA Avensis stw Sol 1.8. Árgerð 2007, ekinn 44 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 2.780.000. Rnr.115739.



TOYOTA Land cruiser 120 GX 8manna, 33", Árgerð 2005, ekinn 120 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Skipti í ódýrari Rnr.115804.



TOYOTA Auris Terra 1.4. Árgerð 2008, ekinn 59 Þ.KM, 5 gírar. Verð 2.090.000. Tilboð 1.850.000. skipti í ódýrari Rnr.121136.



TOYOTA Corolla s/d Sol 1.6. Árgerð 2008, ekinn 40 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 2.580.000. Rnr.120481.



LEXUS Rx400h EXE. Árgerð 2007, ekinn 17 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 6.380.000. Rnr.121149.



BMW X5 4.4. Árgerð 2004, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.800.000. Tilboð 3.190.000. skipti í ódýrari Rnr.115593.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18,**

Bílás Bílasala Akranes



Subaru 1998 ssk. Ek.187,000 verð tilboð 480,000

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

## Bílar til sölu



Til sölu Ford Escape XLT, árg. 2008, ekinn 35 þ.km, sjálfskiptur með dráttarkúlu. Verð kr. 3.590.000. Uppl. veitir Helga í síma 893 1712.





Jeppar, pallbílar, fólksbílar. NÚ FÆRÐU EINNIG VARAHLUTI Á BETRI VERÐUM! Útvegum á betri verð frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. HYBRID umhverfisvænir bílar sem eyða 40% minna eldsneyti. Meira en milljón bílar á söluskrá. Toyota Tacoma sýningarbílar á milljóna afslætti. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



Subaru Forester árg. 2004 ekinn 108.000 Km. Sjálfskiptur, einn eigandi. Þjónustubók frá upphafi. Góður bíll. Verð. 1.490,000 þús. Uppl. í síma 823 6104.



Toyota Avensis árg'04, ek. 103 þús. 5g, dökkgrænn. V. 1350 þús. Uppl. í s. 892 9171



Til sölu Yamaha Nitro MTX 153" árg 2008 ekinn aðeins 1300km.Einn með öllu. Sem nýr S: 898 2811



Arctic Cat M8 Sno Pro árg 2007 ekinn 1600. Sem nýr einn með ÖLLU. S: 898 2811.



Toyota Aygo árg. '06 ek. 81 þús. Rauður. Sumar og vetrard. V. aðeins 790 þús. S. 820 2205.



Til sölu Toyota Corolla árg. '05 ek. 89000 km. Lítur vel út mjög gott eintak. Hann er á góðum nagladekkjum. Ný skoðaður. V. 1.380.000,- Uppl. í s. 892 9288.



Til sölu Nissan Almera árg. '00. 1400 vél. Ek. 145.000. Allt nýtt í bremsum, 1 árs kúpling. Er á góðum nagladekkjum, annar dekkjagangur á felgum. V. 330þ. eða tilboð. Uppl. í s. 892 9288.



Til sölu vw póló árg '99 1,4 beinsk ek. 136 þús. sk. 2012 grá sans, spoilerkitt, topplúga lítið stýri. verð 340 þús. gsm 868 2352.

MITSUBISHI LANCER WAGON GLXI/ STW árg 2000 ek 144 þús. Mjög vel með farinn frúarbíll til sölu, sumardekk á felgum fylgja með. Verð 390 þús upp í 8992024

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS!**
HONDA CIVIC 1500 V-TEC 12/1998 ek.134 þús,5 gíra beinskiptur,ný skoðaður 2012,cd,álfegur,spoiler, verð ásett verð 490 þús TILBOÐ 390 þús! s.691 9374.

**TILBOÐ 130 ÞÚS!**
Peugeot 306 STW. árg. '99 beinssk. með skoðun 2011. Þarfnast smá aðhlynningar. Ásett verð 290þús fæst á 130þús Uppl. s. 841 8955

## 500-999 þús.



**Tilboð 800 þús!**
Puegot 307 árg. 2003. Ek. 130þús, 5 gíra, beinskiptur, 1400 vél. Rafmagn í rúðum aksturstölva o.fl. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í 659 3459.

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**Vantar bíl!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Óska eftir bíl eftir ca. 700þ. stgr. ekk eldri en 03' uppl í s: 866 7734 e. kl 19

## Jeppar



Toyota Land Cruser 120 GX 33" Árg.2006 Ek.81 Þ.Km verð 4.900.000 Einn eigandi.Góður bíll Uppl.í síma 845 5032.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól



Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Til sölu

*Alltaf logn*
**á svölunum**

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux Gmbh.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófíl. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.



SKELIN

Smiðjuvegi 72
200 Kópavogi
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX®

## Bókhald

SKATTFRAMTÖL
Ódýrt eða frítt
Tek að mér skattframtalsgerð fyrir einstaklinga. Margra ára reynsla. Verð pr. framtal er 7.500 krónur en frítt fyrir einstæðar mæður.
Upplýsingar og pantanir í síma 899 2766
GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Framtöl og Fjármál

Framtöl fyrir einstaklinga og einstaklinga með rekstur. Vönduð vinna, verð frá 5000kr. Sími 577-3434.

Einföld skattframtöl kr 3.000. Bókhald og ársreikningar - sanngjarnt verð. Jón s. 892 5784

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

## Fjármál

Er fjármagn þitt að vinna ? Hafðu samband hornsteinn@netland.is

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

### Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

fagmenn.is
5 52 53 54
Málarar - Múrarar
Rafvirkjar - Píparar
Smiðir - Hönnuðir
Parket/Flísalagnir
Húsaviðgerðir



### Handriðaplast

Útvegum og setjum á handriðaplast, margir litir. Uppl. Dúkarinn Óli Már s. 699 4418.

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

Smíðum eftir máli
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • Fax 565 4129
eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 864 5920.

### Óli smiður

Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

## Nudd

Líkamsnudd! Frábær þjónusta! Dúndur tilboð aðeins í dag!! S:661 8272 eða 693 0348.

GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

### ERTU MEÐ SVEPPASKÝKINGU

KOMDU í HEILSUGREININGU. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280

Whole body massage. S. 849 5247.

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

Ertu aum/aumur í baki , hálsi eða höfði, áttu erfitt með að komast fram úr á morgnana, þá er þetta besta stofan fyrir þig. Elsti og reyndasti nuddari bæjarins. Nudd fyrir heilsuna S. 588 2260 & 863 2261.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

## Spádómar

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
Opið alla virka daga

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Sími 512 5407

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

Frábær hádegisverðatilboð
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Bekkjarparty - Afmælis veislur
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 & 861 2319

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

SÓLPALLASMÍÐI Í 18 ÁR
Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu,
Sími: 697-9660. Ólafur / www.betripallar.com

Trúin flytur fjöll
við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

PÚST Hjá Einari
Setjum pústkerfi í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!
Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

[ AIS Fyrir Báta og Skip ]
AIS Class – A
AIS Class – B
AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

Er ferming framundan!
Bjóðum úrvals svínakjöt frá Ormsstöðum í veisluna.
Hamborgarhryggur, hamborgarsteik, bayonneskinka og sykursöltuð grísasteik.
Allar nánari upplýsingar í síma 482 3560 eða á ormsstadir.is
ormsstadir.is

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

## Múrarar

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrverk, viðg. og flísal. Vönduð vinna tilb./tímav. S. 899 4254

## Rafvirkjun

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@simnet.is

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Til sölu

Ísskápar, þvottavélar, Eumenia með þurrkara, uppþvottavélar, þurrkarar, frystikista, stiga stýrissnjóþota, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp, Tölvuflatskjár S. 896 8568.

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00- 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Kauptu blekhylki á Netinu fyrir 5.000 eða meira og þú færð fría heimsendingu eða ljósmyndapappír ef þú sækir!
Prentvörur
www.prentvorur.is




**Fallegar tækifærisgjafir**
Saltkristalslampar, náttúruleg ilmkerti, mortel ofl. Valdar vörur á tilboðsborði í mars á 30% afslætti. Verið velkomin! ditto.is



**Tilboð**
Vandaðir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Tilboðsverð: 4.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.

City Runner



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Örfá stk eftir.

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.**




Klassískur gítar full stærð poki,neglur og kennsludiskur Kr:16.900,- Gitarinn ehf,Stórhöfða 27 Sími:552 2125,www gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Skotvopn

Tilboð nú á .22 LR skotum 50 skot á aðeins kr. 699 pakkinn Tactical.is S:517 8878.

## Til bygginga

Hjóla og veggjapallar




KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

## Verslun

Rósir 490 kr. stk.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120



NÝJAR VÖRUR! Töskur, kjólar, skokkar og fl. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is



Leigjum þessi glæsilegu áklæði ásamt ýmsum öðrum fylgihlutum sem tengjast brúðkaupinu. Mikið úrval af skreytingarvörum og ýmsum öðrum vörum sem tengjast þessum stóra degi. SÓFALIST - s. 692 8022 www.sofalist . is - www.brudarskreytingar. is

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

Kafarar athugið
Slökkvitækjaþjónustan ehf er komin með ný umboð í köfunarvörum.
Northern Diver á mjög góðu verði t.d Divemaster þurrgalli 99.900 kr.-
Apeks lungu, tölvur.
AquaLung og BARE þurrgalla.
Uppl. Slökkvitækjaþjónustan s:564-1433

## Ýmislegt

Til sölu Pappakassar (Mikið magn) Tilvaldir í flutninga og fleira. Tvær Stærðir: Stærri: br.40/hæð.35/ Lengd.60 cm. 100 kr. Stk Minni: br.31/ hæð.35/Lengd.49 cm. 50 kr. Stk Upplýsingar í síma: 412-2100 haffi@ iwh.is

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ORKA/ÚTHALD= vellíðan, prófaðu HERBALIFE , UPPL./RÁÐGJÖF Svavar, gsm 6183909 :)

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www. heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www. dagamunur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www. tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og ólétttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. '07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Antík



Antikklukkur og viðgerðir Sérhæfð viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum. Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari. S. 554 7770 & 691 8327. www.ur.is email ur@ur.is

## Hestamennska




Vatnsþéttir og hlýir reiðskór Ótrúlega þægilegir Hirzlan Smiðsbúð 6 Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## Dýrahald

3 mánaða hreinræktaðri chihuahua tík vantar gott og öruggt heimili vegna flutninga.Fæst gefins að því skildu að verða sótt.Nánari uppl. gefur Henrik í s:5503258 milli kl 9-16 á daginn.

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000.
Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður.
Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ROOM f/RENT W/FURNITURE in 108 RVK NEAR KRINGLA ALSO 109/111 BREIÐHOLT 8973611

4ra herb. Litlakrika Mos. leiga m.hússj. 164þús. 3ja mán trygging. Laus í maí nk. Búseti s. 520 5788.

**VELDU ÖRYGGI!!**
Fáðu fagfólk til að sjá um útleigu á þínu húsnæði. Sem leigjandi gerðu þá ófrávíkjanlega kröfu um að skjalagerð sé í höndum fagfólks www.leiguhus.is aðstoðar þig Sími 562 2554.

2.herb. 71.fm íbúð til leigu í Lindunum Kóp. Laus strax. Uppl. í s. 892 3329 milli kl 18-21.

**Leigjendur, takið eftir!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Útsýnis íbúð**
Ný uppgerð ca. 30fm stúdíó íb. m. húsgögnum til langtímaleigu á góðum stað í miðb. Rvk. laus strax uppl: 8671933 frá. 14 - 21 Reglusemi áskilin v. 85þ. m. raf/hit tryggingu krafist.

## Húsnæði óskast

Par með 4 ára barn óskar eftir 2-4herb í Hfj. Skilvísum greiðslum heitið. Vantar strax, fyrir 1. April. S. 694 6054.

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Vikur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Einstæð móðir með tvær dætur óskar eftir 4 herb. íbúð í Rvk með stórum herbergjum. S. 698 5737.

Óskum eftir 3.herb + íbúð í Rvk. Bílskýli æskilegt, reglusemi og góð umgengi. Uppl. í s. 663 0644.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu iðnaðarhúsnæði fyrir matvælavinnslu, 400 fm.**
**Til leigu 1. flokks matvælavinnsluhúsnæði með fitugildru. Tvær innkeyrsludyr ca. 3,6 m. á hæð. Mjög góð lofthæð í húsnæðinu. Skrifstofurými á milligólfi ca. 20 fm. Kaffistofa og starfsmannaaðstaða. Vinnslusalur með innkeyrsludyrum, rúmir 200fm, . Úr sal eru vörudyr yfir í stóran kæli með innkeyrsludyrum. Frystir ca. 10 fm. Eldhús. Gott pláss fyrir gáma við húsið. Lyftarageymsla. Frekari upplýsingar veitir Magnús hjá Atvinneignum í síma 861-0511 eða magnus@ atvinnueignir.is.**

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Geymsluhúsnæði til leigu á 105 svæðinu, 90fm hægt að fá smærri einingar. S: 897 3386.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði



**Tækifæri**
Aukavinna eða fullt starf. Frjáls vinnutími S. 821 4445.

**Nonnabiti**
**Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára. Íslenska skilyrði. Upplýsingar á Nonnabita Hafnarstræti 9**

Söluturn með grill, ís og videoleigu óskar eftir starfsfólki með reynslu. Aðeins 18 ára og eldri kom til greina. Tölvupóstur: salagrill@salagrill.is

Spjalldömur Rauða Torgið leitar samstarfs við spjalldömur, góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar og skemmtilegar konur. Uppl. á RaudaTorgid.is og PurpleRabbit.eu

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Til sölu Mótorhjólakerra fyrir 2.hjól. Galveneseruð, V. 130 þús. Krómgrind með kösturum, passar á Nissan Navara, Pathfander, Patrol og fleiri jeppa. V. 50 þús. Uppl. í s. 847 7264.

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra farfugla verður haldinn þriðjudaginn 29. mars n.k. kl. 20.00 í **Farfuglaheimilinu í Reykjavík, Sundlaugavegi 34.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

***Stjórnin.***



**BÆJARSTJÓRINN** Svanfríður Jónasdóttir tekur eflaust fullan þátt í marsinum.

# Marsinn stiginn

Svarfdælskur mars er menningarhátíð sem er haldin nú í tíunda sinn. Þar er haldið á lofti „ýmsum sérlegheitum Svarfdælinga“ svo notuð séu orð Hjörleifs Hjartarsonar sem óumdeilanlega tilheyrir þeim þjóðflokki.

Hátíðin hefst með heimsmeistarakeppni í brúsi annað kvöld, 25. mars, klukkan 20.30 í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Brús er spil sem lengi hefur verið spilað í Svarfaðardal og er orðið að lifandi hefð þar sem allar kynslóðir skemmta sér saman.

Málþing um alþýðulistamenn í byggðarlaginu með áherslu á myndlistarmanninn Brimar hefst klukkan 14 í Bergi. Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri, setur þingið, Ragnheiður Þórisdóttir fjallar um sköpunarþörfina, Kristjana Arngrímsdóttir syngur lög eftir Tólfta september og Atli Rafn Kristinsson framhaldsskólakennari fjallar um Brimar, líf hans og list. Sigríður Gunnarsdóttir listfræðingur verður svo með leiðsögn um sýninguna á verkum Brimars en þema hennar er landslag og umhverfi.

Á sunnudaginn verður farið um dalinn og myndlist í kirkjunum skoðuð. Ferðin hefst klukkan 14 í Arngrímsstofu í Gullbringu sem var vinnustofa Arngríms Gíslasonar málara en hún er talin elsta vinnustofa málara hér á landi.

Svarfdælski marsinn verður svo stiginn í Bergi á sunnudagskvöldið og hefst sá viðburður klukkan 21.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Fjölsóttur ferðamannastaður.

# Jarðhitasýning opnuð á ný

Jarðhitasýningin í miðrými Hellisheiðarvirkjunar hefur verið opnuð á ný eftir hlé. Þar geta gestir fylgst með flóknu gangverki jarðgufuvirkjunar og þar er einnig gott kaffihús og verslun með íslenskt handverk.

Fyrirtækið Orkusýn hefur tekið við rekstri sýningarinnar. Forsvarsmenn þess eru tveir fyrrverandi starfsmenn OR, sem stóðu að móttöku ferðafólks og kynningu á möguleikum jarðhitanýtingar hér á landi, þau Auður Björg Sigurjónsdóttir og Helgi Pétursson. Virkjunin hefur verið vinsæll viðkomustaður ferðamanna og einnig fjölsótt af skólafólki íslensku sem útlendu. Erlendir þjóðhöfðingjar hafa líka gjarna haft þar viðkomu í heimsóknum sínum til landsins. Árið 2009 fór gestafjöldi þar yfir 100 þúsund.

Jarðhitasýningin er opin alla daga vikunnar frá 9 til 17. Aðgangseyrir er 700 krónur fyrir fullorðna, ókeypis fyrir börn að 18 ára aldri í fylgd með fullorðnum og hópafsláttur er gefinn ef gestir eru fleiri en tíu saman. **- gun**

# Rýnt í 101 tækifæri á kaffihúsinu Mokka

Í tengslum við HönnunarMars mun standa yfir sýning á Mokkakaffi við Skólavörðustíg í dag frá kl 16 til 19. Þar verður til sýnis bók Torfusamtakanna og Snorra Freys Hilmissonar, 101 tækifæri. Sýningin fjallar í máli og myndum um þau verðmæti sem miðbær Reykjavíkur býr yfir og brugðið verður ljósi á það hvaða tækifæri felast í þessum verðmætum.

Er vel við hæfi að halda slíka sýningu á Mokkakaffi sem óneitanlega er eitt af verðmætum miðborgarinnar og hefur um áratug skeið stutt við menningu og listir miðborgarbúa og annarra borgarbúa. **- fsb**



**MIÐBÆRINN** Fjallað verður um verðmætin í miðbæ Reykjavíkur á Mokka í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Hvaða sparnaður hentar best á ólíkum æviskeiðum?

**Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld** hjá Landsbankanum og nú er að hefjast námskeið sem fjalla um sparnað á ólíkum skeiðum á lífsleiðinni. Fyrsta námskeiðið er í kvöld, 24. mars kl. 20, í útibúinu í Austurstræti 11.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA NBIHF.(LANDSBANKINN),KT.471008-0280



Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans.

**Aðgengileg umfjöllun um sparnað**

Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans, ræðir hvernig best er að haga sparnaði um ævina. Kristinn Tómasson, forstöðumaður fjármálaráðgjafar, ræðir um almennan lífeyrissparnað og Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar, spyr hvort hagfræðin skipti máli í daglegu lífi.

24. mars » Útibúið í Austurstræti 11
31. mars » Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1
7. apríl » Útibúið á Akureyri, Strandgötu 1
14. apríl » Útibúið í Grafarholti, Vínlandsleið

**Námskeiðin hefjast kl. 20. Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Við hlökkum til að sjá þig.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



**DUGLEGIR** Nemendur afhenda afrakstur dagsins.

# Krabbameins-félagið fékk launin

Nemendur í Hársnyrtideild Iðnskólans í Hafnarfirði fóru fimmtudaginn 3. mars í sína árlegu heimsókn í Fjölbrautaskólann á Selfossi. Þar voru Kátir dagar í fullum gangi og kynntu nemendur á 3. önn í hársnyrtideildinni deildina fyrir nemendum á Selfossi með því að mæta á Káta daga og bjóða kennurum og nemendum klippingu á kostnaðarverði. Að vanda vildu margir láta nemendur snyrta á sér kollinn og eftir daginn höfðu safnast í sjóðinn 82.500 krónur. Í tilefni af söfnunarátakinu Mottumars ákváðu nemendur að gefa féð sem safnaðist þennan dag til Krabbameinsfélagsins og kom fulltrúi Krabbameinsfélagsins í heimsókn og tók á móti framlaginu úr hendi nemenda.

**- fsb**

# Fjölbreytni í Toppstöðinni

Á HönnunarMars mun „Toppfólkið“ standa fyrir innsetningum í Toppstöðinni. gömlu varaaflsstöðinni við Rafstöðvarveg 4, og býðst almenningi að kynna sér hönnun þess og hugmyndir. Meðal sýnenda eru Sigga Heimis og Vala Matt og nefnist sýning þeirra Ljós í myrkri. Sigga sýnir heimsþekkta hönnun sína þar sem hún blandar saman ljósmyndun og lampahönnun og gerir tilraunir með íslenskt hráefni. Vala sýnir hvernig hægt er að nota hversdagslega hluti á skemmtilegan hátt í lampahönnun.

Einnig sýnir Lúka Art & Design fatnað, prjónaefni, skart og tískuljósmyndir, Vala Magg verður með sýningu sem nefnist Ólátagarður, vöruþróun fyrir barna- og leikherbergi. Þá fá gestir tækifæri til að spreyta sig á að pússla saman náttúru Íslands í sýningarliðnum Puzzled by Iceland, Anna María Sigurjóns verður með ljósmyndasýningu sem nefnist Heimsþekkt húsgagnahönnun í óvenjulegum aðstæðum, Ari Arnórs varpar fram spurningunni: Hvernig vilt ÞÚ hafa Strætó? Nokkrar hugmyndir verða uppi á vegg til að koma gestum af stað, sem svo geta komið sínum hugmyndum á framfæri og hengt á „Framtíðarstrætóvegginn“, og Sveinbjörg Jónsdóttir sýnir Bóel-værðarvoðir. Opnunartími hússins verður frá klukkan 12 til 18 á föstudag og frá klukkan 12 til 17 á laugardag.

**- fsb**



Toppstöðin í Elliðárdal.

Fjölbreyttar sýningar verða í Toppstöðinni í Elliðaárdal á HönnunarMars um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi I. Elíasson**

fyrrum útibússtjóri Íslandsbanka við Háaleitisbraut,

lést 16. mars síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 25. mars næstkomandi kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Biblíusjóð Gídeonfélagsins reikn: 525-26-103 kt. 510571-0109.

**Finnbogi Helgason** **Elísabeth Snorradóttir**
**Guðbjörg Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og samúð vegna fráfalls okkar ástkæra,*

**Kristins Vignis Helgasonar**

Heiðnabergi 11, Reykjavík,

og heiðruðu minningu hans.

**Jófríður Björnsdóttir**
**Inga Rún Kristinsdóttir**
**Helgi Vignir Kristinsson** **Ásgerður Jófríður Guðbrandsdóttir**
**Þráinn Kristinsson** **Sigurborg Kristjánsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Þórdís Fjeldsted**

Ferjukoti, Borgarhreppi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 26. mars kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi.

**Sigurður Fjeldsted** **Thom Lomain**
**Þorkell Fjeldsted** **Heba Magnúsdóttir**
**Guðrún Fjeldsted** **Guðmundur Finnsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

*Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Sigurðssonar**

hornleikara.

Sérstakar þakkir fá vinir, sem gerðu útför hans svo eftirminnilega með tónlist sinni.

**Guðrún Ó. Jónsdóttir** **Gunnar Tómasson**
**Sigrún I. Jónsdóttir**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Sverrir G. Tómasson** **Christine Tómasson**
**Guðrún G.T. Rubin** **Josh Rubin**
**Rannveig Thoroddsen**
**Solveig Thoroddsen**
**Jón Thoroddsen** **Fjóla Dísa Skúladóttir**
**Guðmundur Thoroddsen** **Arna Óttarsdóttir**
**Stefán, Koby, Lóa, Jack, Zoe, Cassie, Solveig, Dagur, Sigrún, Emil, Kári.**

---



†

*Elsku sonur okkar, bróðir og dóttursonur*

**Kári Þorleifsson**

Drekavogi 16,

verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 25. mars klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Bjöllukórs Tónstofu Valgerðar, 515-14-405790, kt.: 501100-3580, sbr. tonstofa.is.

**Guðný Bjarnadóttir**
**Þorleifur Hauksson**
**Þórunn Þorleifsdóttir**
**Álfdís Þorleifsdóttir**
**Ari Þorleifsson, Mette, Mathilde, Jóhann**
**Sigrún Hermannsdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðbjartur Á. Kristinsson**

múrari,
Dalseli 20,

andaðist 22. mars í Skógarbæ. Útförin verður auglýst síðar.

**Helga Pétursdóttir**
**Guðrún Guðbjartsdóttir** **Guðjón Þ. Sigfússon**
**Kristinn H. Guðbjartsson** **Laufey Ó. Hilmarsdóttir**
**Álfheiður J. Guðbjartsdóttir** **Olaf Sveinsson**
**og barnabörn**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Hákonar Björnssonar**

rafvirkjameistara,
Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða og Lionsklúbbs Akraness.

**Sigursteinn Hákonarson** **Sesselja Hákonardóttir**
**Guðbjörg Hákonardóttir** **Ásgeir H. Magnússon**
**og afabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Áskell V. Bjarnason**

skipasmiður Ránargötu 18, Akureyri,

lést á heimili sínu mánudaginn 21. mars.

**Þórhildur Margrét Ingólfsdóttir**
**Jakobína Elín Áskelsdóttir** **Rúnar Davíðsson**
**Bjarni Áskelsson** **Anna Rósa Magnúsdóttir**
**Ingólfur Áskelsson** **Helga Signý Hannesdóttir**
**Sæmundur Guðmundsson**
**og afabörn**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sveinbjörg Baldvinsdóttir**

Tjarnarlundi 9b, Akureyri,

lést á Öldrunarheimili Akureyrar í Hlíð miðvikudaginn 9. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Öldrunarheimila Akureyrar og heimahjúkrun við Heilsugæslustöðina á Akureyri fyrir umhyggju og góða umönnun.

**Helga Steinunn Ólafsdóttir**
**Benidikt Sigurbjörnsson**
**Herdís Ólafsdóttir** **Torfi Sverrisson**
**Lilja Rósa Ólafsdóttir** **Þorvaldur Benediktsson**
**Magnús Ólafsson** **Anna Þóra Baldursdóttir**
**Aðalheiður Ólafsdóttir** **Erlingur Arason**
**og fjölskyldur**

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




# ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.

Þú færð meira af öllu á Vísi.




**Meiri Vísir.**

vísir

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** viðlag, **6.** samþykki, **8.** að, **9.** tímabil, **11.** komast, **12.** dul, **14.** sannfæringar, **16.** frú, **17.** temja, **18.** umfram, **20.** gangþófi, **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** malað korn, **3.** tveir eins, **4.** gjalddagi, **5.** hamfletta, **7.** áritun, **10.** inngangur, **13.** nudda, **15.** svall, **16.** framkoma, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** já, **8.** til, **9.** öld, **11.** ná, **12.** leynd, **14.** trúar, **16.** fr, **17.** aga, **18.** auk, **20.** il, **21.** snuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** mjöl, **3.** tt, **4.** eindagi, **5.** flá, **7.** áletrun, **10.** dyr, **13.** núa, **15.** rall, **16.** fas, **19.** ku.

Við leitum að
eign í Garðabæ

Óska eftir góðri eign í Garðabæ fyrir ákveðinn kaupanda. Eignin þarf að vera 3ja til 4ra herbergja c.a 120-150 m²

- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðssoní síma 899 1178 eða atli@miklaborg.is.

MIKLABORG
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Skógarhlíð 12 – Reykjavík.**
Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem er skipt niður í ca. 80, 150 og 350 fm. einingar. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., til leigu sem hægt er að skipta niður.



**TIL LEIGU – Borgartún 31 – Reykjavík.**
Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða ca. 250 fm. húsnæði á 3. hæð með eldhúsaðstöða. Lyfta er í húsinu. Húsið er allt í mjög góðu ástandi bæði að innan sem utan. Nánari upplýsingar veita sölumenn Fjárfestingar í síma 562-4250 eða Hilmar í síma 896-8750.

Þú færð Fréttablaðið
á kostnaðarverði á 120 stöðum
um land allt.
Nánari upplýsingar á
visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# Írak verður ekkert mál, strákar

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**



Hvar er góða lífið sem okkur var lofað?“ sagði konan og leit ringluð á mig, í upplituðu tjaldi í vesturhluta Íraks. „Er þetta það?“ bætti hún við og benti út um tjalddyrnar, á lágreistar flóttamannabúðirnar. Sjálf leit ég ráðvillt á túlkinn minn og krotaði eitthvað í stílabókina. Þetta var sex árum upp á dag eftir að Bush setti Saddam Hussein afarkosti. Færi hann ekki frá Írak innan 48 klukkustunda kæmi til stríðsátaka.

**Í ÞESSARI** viku eru átta ár frá því að ráðist var inn. „Við gerum allt sem við getum til að forðast stríð við Írak,“ sagði George W. Bush í aðdraganda stríðsins. Ógnin var máluð upp sem utanaðkomandi og óvænt, sjálfur dró Bush helst upp þá mynd að hann sogaðist þvert gegn eigin vilja í átt að stríðsátökum – sem hann vasklega og einbeittur berðist gegn. En ef algjöra nauðsyn bæri til myndi hann ekki hika og gera innrás! Á sama tíma tíndu hann og aðrir ráðamenn til kokkteil af ástæðum fyrir stríði. Og lögðu áherslu á að þetta væri „fyrirbyggjandi árás“.

**INNRÁSIN** í Írak var gerð án samþykkis öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hernaðaraðgerðirnar áttu að taka stuttan tíma, vera einfaldar og ódýrar. En aðgerðum var auðvitað ekki lokið þegar Saddam var frá – þá voru þær einmitt rétt að byrja. Að álykta annað voru fyrstu mistökin í langri röð dýrkeyptra mistaka í Írak. Það gleymdist að hugsa fyrir hernáminu sjálfu, því sem kæmi á eftir falli stjórnarinnar. Afleiðingarnar urðu meðal annars þær að vorið 2003 féllu bandalagsríkin nánast í allar þær gryfjur sem hugveitur, hjálparsamtök og meira að segja menntastofnanir Bandaríkjahers voru búnar að vara við. Skýrslum hafði verið ýtt til hliðar, ráðamenn voru búnir að ákveða að þetta yrði einfalt.

**EFTIR** fljótfærnislegar yfirlýsingar um að bandalagsríkin hefðu unnið sigur í Írak hófst tímabil þar sem fjölmargir voru tvístígandi. Þar á eftir tók við vandræðagangur yfir því hvort tala ætti um „borgarastyrjöld“ í Írak eða ekki. Humm og ha, hvað var á seyði? Óhæfuverkunum fjölgaði, árin liðu, líkin urðu fleiri, urðu loks of mörg, urðu að tölum í fréttum sem menn hættu á endanum að nenna að lesa.

**„ÉG** hugsa stundum um það hvort fólk viti að við séum hérna,“ sagði flóttakonan við mig í tjaldinu, löngu eftir innrás. Flóttamannabúðirnar voru langt úti í eyðimörk, fjarri byggðu bóli. Konan brosti feimin og bætti síðan hlýlega við: „Ég bið hjartanlega að heilsa fólkinu þínu uppi á Íslandi.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ÞRÁÐLAUST NET
1.5TB WiFi
FULL HD WiFi PLAYER
1TB
FULL HD MEDIA PLAYER
ARGOSY
29.900
Canon
MG5150
FJÖLNOTATÆKI
17.900
22"LED
BENQ FULL HD LED SKJÁR
29.900
USB 3.0
MINIMUS
1TB USB 3.0 FLAKKARI
LACIE
14.900
500GB
12.900
VA LED
24"LED
BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR
49.900
BenQ
24"LCD
34.900
8GB
VIDEO OG MP3
19.900
8GB MINNISLYKILL
4.990
720p
HD VEFMYNDAVÉL
4.990
MS510
3D SKJÁVARPI
89.900
22"LED
FULL HD SKJÁR
26.900
19"LCD
HD LCD SKJÁR
19.900
HD202
HEYRNARTÓL
4.990
Z323
HLJÓÐKERFI
12.900
12MP
MYNDAVÉL
19.900
8"
MYNDARAMMI
16.900
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF
GLÆSILEGUM
TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SONY
TOSHIBA
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÓDÝRAR NÚÐLUR 泡麵 NÍU TEGUNDIR


98 KR.BOXIÐ

YUM YUM NÚÐLUR 70g **98** KR. BOXIÐ


159 KR.SKÁLIN

NÚÐLUSKÁLAR 110g **159** KR.


35 KR. PK

1 NÚÐLUR 85g **35** KR. PAKKINN.

SPILUM SAMAN


10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR.KG

GRÍSAVEISLU **BAJONSKINKA ÚR GRÍSABÓG**
**898** kr.kg


BÓNUS **NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR**
**998** kr.kg


GRÍSAVEISLU FERSKUR **GRÍSABÓGUR**
**495** kr.kg


GRÍSAVEISLU **GRÍSAKÓTILETTUR**
**795** kr.kg


KS **FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**
**1298** kr.kg

**Sérskorið Bónus lambalæri** þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!


BÓNUS FERSKT **ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI**
**1359** kr.kg


SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
**FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET**
Frábært verð: **2998** kr.kg


**1498**
KR. KG

EUROSHOPPER FROSNAR
**KJÚKLINGABRINGUR**


ÚRVALS **FLATKÖKUR FRÁ GÆÐABAKSTRI**
**98** kr. 5stk.

KORNBRAUÐ 1 KG.


BÓNUS **KORNBRAUÐ** 26 SNEIÐAR
**198** KR.


ÞRJÁR ÚRVALS **SLOGGI NÆRBUXUR**
**2998** KR. 3 STK.


Smjörvi
TILBOÐS ASKJAN 300g
KOMINN Í BÓNUS
**198** KR.


PEPSI & PEPSI MAX 4 FL. x 2 LTR
**698** KR.

Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
GÓÐ Á LAMBAKJÖTIÐ
**398** kr.




COCA COLA KIPPUR
**745** KR.
4 flöskur x 2 ltr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÓDÝRUSTU PIZZURNAR GERIR ÞÚ HEIMA !
PIZZA DEIG 400g 198 KR.
SPELT PIZZA DEIG 400g 259 KR.
PIZZA OSTUR 200g 295 KR.
PIZZU SÓSA 420g 259 KR.
PIZZU SKINKA 125g 129 KR.
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSAGÚLLAS
995 KR.KG
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSASNITSEL
995 KR.KG
GRÍSA Veisla FERSK GRÍSALUND
1498 KR.KG
GRÍSAVEISLA FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR
198 KR.4stk.
100% KJÖT: LAMB-NAUT-GRÍS
FERSKT BLANDAÐ HAKK 898 KR.kg
BARILLA SPAGHETTI 1 kg. 259 KR.
CHICAGO TOWN PIZZA
498 KR. 635g TAKE AWAY
EUROSHOPPER
KAFFIPÚÐAR 36 STK
REGULAR KAFFI & DARK ROAST
298 KR. PAKKINN
COFFEE PODS REGULAR
COFFEE PODS DARK ROAST
AÐEINS 8,2 KR. KAFFIBOLLINN
Cow&Gate barnamatur
Sex glös á verði þriggja
398 KR. 6 glös.
Suðrænir ávextir 6 glös x 125g
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
598 KR. PK
6 ELDHÚSRÚLLUR
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6x60 BLÖÐ
360 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
598 KR. PK
18 SALERNISRÚLLUR
BÓNUS WC PAPPIR 18x200 BLÖÐ
3600 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
HVERS DAGSÍS
EMMESS HVERSDAGSÍS 1 LTR. 259 KR.
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**SKRÁMUR MAGNÚSAR** Magnús Jónsson, leikari og tónlistarmaður, hefur opnað málverkasýninguna SKRÁMUR í Gallerí Auga fyrir Auga, Hverfisgötu 35 í Reykjavík. Þetta er fyrsta málverkasýning Magnúsar, sem málar eingöngu á striga. Galleríið er opið fimmtudaga og föstudaga frá klukkan 15 til 17 en frá 14 til 17 laugardaga og sunnudaga. Sýningin stendur til 27. mars.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 24. mars 2011**

### Tónleikar



**21.00** Hljómsveitin Apparat Organ Quartet heldur tvenna tónleika um helgina. Þeir fyrri fara fram í kvöld kl. 21 á Sódóma. Miðasala stendur yfir í 12 Tónum. Aðgangseyrir er 2.000 kr. í forsölu.

### Leiðsögn

**17.30** Borgarbókasafn býður upp á nýja og fjölmenningarlega þjónustu í dag kl. 17.30. Gestum er boðin aðstoð við að leita og lesa fréttir í dagblöðum og vefmiðlum. Starfsmaður mun aðstoða við leit og lestur.

### Fyrirlestrar

**12.00** Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs, og Maurizion Murru, læknir, ræða um stöðu þróunarsamvinnu í Þjóðminjasafninu kl. 12.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**16.03.11 - 22.03.11**




**1** Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir




**2** Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø




**3** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**4** Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson



**5** Ljósa - kilja
Kristín Steinsdóttir




**6** Hinir dauðu - kilja
Vidar Sundstøl




**7** Sjöundi himinn - kilja
James Patterson




**8** Hreinsun - kilja
Sofi Oksanen




**9** Ja, þessi Emil
Astrid Lindgren




**10** Eyjafjallajökull
Ari Trausti/Ragnar TH.

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

## Áttu orð? Textasamkeppni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands

*Þórdís Edda Jóhannesdóttir:*

## „Guðs dýrðar Kanaan"

Birtingarmynd Óseyrar í einræðum sögumannsins er í megindráttum hinn ömurlegi, tilgangslausi staður. Hins vegar ef staðurinn er settur í samhengi íbúa þorpsins kemur fram önnur mynd. Það mætti segja að sögumaðurinn dragi upp mynd yfirborðsins en tilveran undir yfirborðinu endurspeglist í íbúum þorpsins og jafnvel stundum í orðum sögumannsins sem þó hefur verið hvað duglegastur í neikvæðni. Þessi tvíbenta afstaða sögumanns og hin tvöfalda birtingarmynd kemur meðal annars fram í einni af mörgum veðurfarslýsingum þar sem sögumaður segir: „Og himininn var framvegis kakkþykkur einsog ketilbotn, því þetta var svo þýðingarlítill kaupstaður að guði þótti víst ekki taka því að draga frá sólinni fyrir þá á daginn eða fægja fyrir þá stjörnurnar á nóttinni." Þessi mynd breytist um leið og sögumaður heldur áfram því þá segir hann: „En hver ábyrgist að það sé betra í öðrum kaupstöðum? … Mönnum hættir til að leita langt yfir skamt. *Kanski er veruleikinn á Óseyri við Axlarfjörð*, þegar öllu er á botninn hvolft" (leturbreyting mín). Hinn þýðingarlausi kaupstaður er hugsanlega veruleikinn. Er þá veruleikinn þýðingarlaus eða kaupstaðurinn þýðingarmikill? Þessi mótsagnarkenndu orð sögumanns beina sjónum að hinu mannlega. Hvernig getur það hugsast að veruleikinn finnist á stað sem yfirleitt lítur út fyrir að vera tilgangssnauðasti staður í heimi? Jú, getur ekki verið að tilgangurinn sé jafnmikill eða jafnlítill alls staðar? Á Óseyri við Axlarfjörð býr fólk sem er jafnmikið fólk og annars staðar í heiminum. Örlög þess og hversdagslegt líf hefur þrátt fyrir allt þýðingu. Þýðingu fyrir þorpið í heild en einnig fyrir hvern og einn því maðurinn í eðli sínu er ekki tilgangslaus. Markmið einstaklingsins geta verið misháleit en þegar upp er staðið lítur engin persóna verksins á sig sem tilgangslausa veru.

**ÁTTU ORÐ?** Fréttablaðið birtir þrjá texta sem urðu hlutskarpastir í Áttu orð? – textasamkeppni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Tilkynnt var um úrslitin 19. mars. Hugvísindasvið efndi til keppninnar í tilefni af aldarafmæli Háskólans og var nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans boðið að taka þátt. Hátt í 200 textar voru sendir inn. Þriggja manna dómnefnd, skipuð lektor í ritlist og tveimur rithöfundum, valdi úr þeim 25 texta sem voru til sýnis í Kringlunni 11. til 19. mars. Gestir Kringlunnar gátu látið skoðun sína í ljós og hafði dómnefnd atkvæði þeirra til hliðsjónar þegar hún valdi þá þrjá texta sem þóttu skara fram úr.



**3. SÆTI: Þórdís Edda Jóhannesdóttir, meistaranemi í bókmenntafræði.** Þórdís Edda sendi inn úrdrátt úr tveggja ára gamalli ritgerð sinni um Óseyri við Axlarfjörð, söguna Sölku Völku eftir Halldór Laxness. Hún hlaut að launum tvo árganga af Ritinu auk bókarinnar Rúnir, afmælisrits til heiðurs Álfrúnu Gunnlaugsdóttur.

# Góðgerðatónleikar í Kristskirkju

Rússneska kammersveitin Moscow Virtuosi leikur á góðgerðatónleikum kaþólsku kirkjunnar sem haldnir verða annað kvöld.

Sveitin leikur undir stjórn Vladimirs Spivakov, fiðluleikara og stjórnanda kammersveitarinnar. Tónleikarnir, sem hefjast klukkan átta í Kristskirkju, eru til styrktar íslenskum málefnum og munu Dagsetur Hjálpræðishersins, Caritas Íslandi, Rússnesk-orþódoxa samfélagið á Íslandi og Morgunathvarf Systra Móður Teresu í Reykjavík njóta góðs af því fé sem safnast.

Auk Spivakov koma fram landar hans, þau Nastasia Belukova sópransöngkona, Zoya Abolits semballeikari, Eremy Tsukerman fiðluleikari og Dmitry Prokofiev sellóleikari.

Á tónleikunum verða flutt verk eftir Bach, aríur fyrir sópran úr ýmsum kantötum hans og einnig sónata fyrir píanó og fiðlu. Miðar eru seldir á midi.is en aðgangseyrir eru 4.000 krónur.

Þess má geta að Spivakov hefur fengið viðurkenningu fyrir störf sín að tónlistar- og mannúðarmálum. Hann hefur frá árinu 2003 verið tónlistarstjóri og aðalstjórnandi Rússnesku þjóðarfílharmóníunnar.

- sbt



**VLADIMIR SPIVAKOV** Hefur verið tónlistarstjóri og aðalstjórnandi Rússnesku þjóðarfílharmóníunnar síðan 2003.


FYNDIÐ OG FJÖRUGT!
LEIKHÚSGALDUR!
Edda Björg &
Jóhann G
farsæll farsi
ÓNÁÐIÐ EKKI
NÝJAR SÝNINGAR
KOMNAR Í SÖLU
ÓSÓTTAR PANTANIR
SELDAR DAGLEGA
Ölgerðin
Landsbankinn
MIÐASALA Á NETINU: LEIKFELAG.IS
NETFANG: MIDASALA@LEIKFELAG.IS
LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# BÓKAGAGNRÝNI ER RAMMPÓLITÍSK

**Skiptir kyn bókmenntagagnrýnenda máli? Þeirri spurningu leitast Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur við að svara í fyrirlestrinum í Háskóla Íslands í hádeginu dag.**



AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR Setur bókmenntagagnrýni í sögulegt samhengi í fyrirlestri sínum og skoðar skrif fyrstu blaðakvennanna á Íslandi, sem þurftu að stofna eigin miðla til að ná máli en var um leið ýtt til hliðar í umræðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Spurningin sem ég legg upp með er nokkru leyti sprottin út frá minni eigin reynslu, bæði sem bókmenntagagnrýnandi og sem rannsakandi menningarumræðunnar,“ segir Auður Aðalsteinsdóttir, doktorsnemi í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, um fyrirlestur sinn Væmnisverðlaun og kvennasápur, sem hún flytur í dag. Þar veltir Auður fyrir sér spurningunni hvort kyn bókmenntagagnrýnenda skipti máli.

„Ég veit að það skiptir mig máli að kynjahlutfallið sé sem jafnast á þessum vettvangi sem öðrum,“ segir hún, „en ég átti hins vegar erfitt með að útskýra nákvæmlega ástæðuna.“ Í leit að svari byrjaði Auður á því að setja málið í sögulegt samhengi.

„Ég er að kanna skrif fyrstu blaðakvennanna og kvengagnrýnendanna á Íslandi en til þess þurfti ég að byrja á að finna þær, sem var ekki auðvelt. Ég endaði því á því að skrifa heila grein um fyrstu konurnar sem skrifuðu í blöðin á Íslandi, sem mun birtast í næsta tölublaði Spássíunnar. Þá fyrst gat ég stigið næsta skref og fjallað um konur sem skrifuðu um menningu og gagnrýni.“

Uppgötvanir sem Auður gerði svöruðu að vissu leyti spurningu hennar. Fyrstu konurnar sem skrifuðu í blöðin á Íslandi komust ekki að í karlablöðunum, heldur þurftu þær að búa til sinn eigin vettvang, kvennablöðin.

„Þegar þau eru skoðuð sést vel að konurnar sem þar rita eru mjög vel skrifandi og viljugar til þess að láta skoðanir sínar í ljós. Blöðunum berast líka bréf frá öðrum konum sem vilja leggja orð í belg.

Þetta snýst því ekki um skort á hæfileikum eða vilja; konur höfðu einfaldlega ekki tækifæri til að koma skrifum sínum á framfæri fyrr en þær stofnuðu sína eigin miðla. En vegna þess að þær þurftu að skapa sinn eigin vettvang lendir þessi umræða til hliðar. Kvennablöðin verða alltaf hliðargrein af „alvöru“ blöðunum.“

Þar kemur að hinum þræðinum í fyrirlestri Auðar; hvernig áherslan á kynið getur verið tvíeggjað sverð.

„Ef þú býrð til sérstakan flokk fyrir kvennaskrif er hætt við að þau verði „annars flokks“. Ef annað kynið er ráðandi í bókmenntaumræðunni er þessi hætta ávallt til staðar. Ritdómar eru nefnilega ekki hlutlaust svæði pólitískt séð. Þar fer fram fagurfræðileg umræða sem er mjög pólitísk í sjálfu sér, auk þess sem stéttabarátta og kynjabarátta er áberandi líka. Þegar einn hópur stýrir umræðunni, hvort sem það er aðallinn eða karlar, er hættan sú að öðrum hópum verði ýtt til hliðar í umræðunni og við fáum mjög bjagaða mynd af veruleikanum.“

Auður segir hlutdeild kynjanna í menningarumræðunni aðkallandi enn þann dag í dag og bendir á Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, og nýlega umræðu um hlut kvenna í bókaþættinum Kiljunni því til stuðnings.

„Það sem mér finnst mikilvægt í þeirri umræðu er að við spáum í það hvort okkur þyki ekki í raun mikilvægt að konur séu þátttakendur til jafns við karla á þessu sviði sem öðrum. Reynslan sýnir að konur hafa þörf fyrir að taka þátt í samfélagsumræðunni og menningarumræðan er engin undantekning. Höfum við ekki líka áhuga á því sem þær hafa að segja?“

Fyrirlesturinn verður haldinn í Öskju, stofu 132, og hefst klukkan 12. **bergsteinn@frettabladid.is**

TJARNARBÍÓ
SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
Hönnunarmars 24
DAGSKRÁ Á TJARNARBIO.IS
Músíktilraunir 25|26|27|28
NÆSTA VIKA:
Þjóðfundur MARS 29
Darí Darí Dance company/Steinun og Brian
2 íslensk dansvek frumflutt APRÍL 1
Söngleikjastund Margrétar Eir APRÍL 2
Jónas Sig TÓNLEIKAR APRÍL 8
NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS
Miðasalan er opin alla virka daga frá kl.13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík
RADAR

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR VESTURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 31 stöðum á Vesturlandi og 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

Bónus, Akranesi
Krónan, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Akranesi
Samkaup Strax, Akranesi
Bónus, Borgarnesi
Olís, Borgarnesi
Samkaup, Hyrnunni, Borgarnesi
Samkaup Úrval, Borgarnesi
Munaðarnes, Borgarnesi
Samkaup Strax, Bifröst
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Bónus, Stykkishólmi
Olís, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
Samkaup Úrval, Grundarfirði
N1 verslun, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
Samkaup Strax, Búðardal
Bónus, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Samkaup Úrval, Ísafirði
Olís, Bolungarvík
Samkaup Úrval, Bolungarvík
Skeljungur, Bolungarvík
N1 Flateyri
N1 Þingeyri



Allt sem þú þarft...



Tónlist ★★★

**Sinfóníutónleikar í Háskólabíó**
Verk eftir Míaskovskí og Prókofíev

## Langt sóló, lengri sinfónía

Hver var Nikolaj Míaskovskí? Stórbrotin og býsna löng sinfónía var flutt eftir hann á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Míaskovskí var uppi á fyrri hluta aldarinnar sem leið, og samdi hvorki meira né minna en 27 sinfóníur. Þær eru sérkennileg blanda af rómantík og nýklassík, vandvirknislega gerðar og glæsilegar. En kannski ekkert voðalega skemmtilegar.

Afhverju ekki? Sú áttunda, sem leikin var nú, var jú á margan hátt hrífandi. Söguþráðurinn var þéttur, strúktúrinn markviss. En ofsafengin átök, snarpar andstæður og drama voru víðsfjarri. Það gerði lengd verksins fremur pínlega.

Samt var flutningurinn pottþéttur. Gennadíj Rosdestvenskíj stjórnaði af yfirvegun og hljómsveitin spilaði af aðdáunarverðu öryggi. Það var bara ekkert voðalega gaman að hlusta á hana.

Auðvitað er ekki hægt að biðja eingöngu um flugeldasýningar á Sinfóníutónleikum. Pláss verður að vera fyrir það sem er nýtt eða forvitnilegt. Og sinfónían eftir Míaskovskí var a.m.k. áhugaverð, þótt ég sæi einhverja tónleikagesti geispa.

Píanókonsert nr. 2 eftir Prokofíev var líka áhugaverður. Formið er sérkennilegt, ekki endilega vegna þess að kaflarnir eru fleiri en venjulega, heldur vegna kadensunnar (einleikskaflans) í fyrsta þættinum. Kadensan er afar löng, og svo brjálæðisleg að allt sem á eftir kemur er hálfgerður antíklímax. Hún er þungamiðja verksins.

Píanóleikarinn var Viktoría Posnikóva, eiginkona stjórnandans. Leikur hennar var líflegur, hvass þegar við átti, en einnig fallega mjúkur. Því miður heppnaðist kadensan ekki nægilega vel, háskaleg tónahlaup voru stundum ónákvæm og loðin. En það sem á eftir kom var flott, glæsilegt og vel mótað. Kadensan hefði bara þurft að vera magnaðri.

Nokkrir kaflar úr Rómeó og Júlíu eftir Prókofíev ráku lestina. Sú tónlist stendur alltaf fyrir sínu, enda með því flottasta sem tónskáldið samdi. Það var skemmtilegur lokahnykkur á oftast vandaðri, en þungri – og kannski óþarflega langri dagskrá.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Fremur langdregin sinfónía var vel flutt, píanóeinleikur Viktóríu Posnikóvu var yfirleitt glæsilegur.




**Frumsýning 8. apríl**

# MIÐASALA HAFIN

Forsýningar 6. og 7. apríl kl. 20.00
Miðaverð á forsýningu aðeins 2.000 kr.

**Tryggðu þér miða**

**Miðasala Hverfisgötu | 551 1200 | leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




> Í SPILARANUM

The Strokes - Angles
Cage the Elephant - Thank You Happy Birthday
Rise Against - Endgame

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Platan Watch the Throne tilbúin

Upptökustjórinn Guru, sem er að vinna að nýjustu plötu rapparanna Jay-Z og Kanye West, segir að gripurinn sé nánast tilbúinn. Útgáfudagur hefur samt ekki verið ákveðinn. „Ég er að reyna að fá Jay og Kanye til að drífa sig að klára Watch the Throne því heimurinn þarf að hlusta á þessa plötu," sagði hann. „Það þarf að lagfæra nokkur smáatriði en annars er platan tilbúin. Kanye vill bæta við það sem upptökustjórar gera og í því liggur snilligáfa hans."

Fyrsta lagið af plötunni, H.A.M., kom út í janúar. Rapparinn Talib Kweli, vinur þeirra Jay-Z og Kanye, segir það ekki líkjast hinum lögunum á plötunni. „Það var örugglega síðasta lagið sem ég bjóst við að heyra frá Jay og Kanye. Þeir eiga nokkur tromp uppi í erminni. Þeir eiga lög sem eru týpískari fyrir þá. Miðað við það sem ég hef heyrt hafa þeir haft fjölbreytileikann að leiðarljósi," sagði hann.

Kanye West er einnig með nýja sólóplötu í undirbúningi sem er væntanleg í sumar. Hún mun fylgja eftir hinni vel heppnuðu My Beautiful Dark Twisted Fantasy sem kom út í lok síðasta árs.



**PLATAN TILBÚIN** Nýja platan frá Kanye West og Jay-Z er nánast tilbúin.



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

## *Margslungið og marinerað*

Á meðal þeirra aðferða sem tónlistarmenn dagsins í dag nota til að búa til eitthvað nýtt er að hræra saman ólíkum áhrifum úr fortíð og nútíð. Það hefur reyndar tíðkast lengi, en hefur færst í aukana undanfarin ár og nánast orðið að sérstöku tónlistarformi. Einn af þeim sem hvað lengst ganga í þessu er breski tónlistarmaðurinn Stephen Wilkinson sem kallar sig Bibio og gefur út hjá Warp-útgáfunni í Sheffield.



**BIBIO** Enski tónlistarmaðurinn Bibio sendir frá sér sína fyrstu alvöru plötu eftir hina marglofuðu Ambivalence Avenue.

Stephen sem er frá miðhéruðum Englands, nam hljóðalist í Middlesex-háskólanum í London og fór í framhaldinu að búa til tónlist. Hann var í upphafi undir áhrifum frá raftónlistarmönnum eins og Autechre og Aphex Twin annars vegar og gamalli enskri folk-tónlist hins vegar. Fyrstu plöturnar hans komu út hjá bandaríska jaðarútgáfunni Mush Records. Fi kom 2004 og Hand Cracked 2006. Árið 2009 gerði hann samning við Warp-útgáfuna og fyrsta afurð þess samstarfs, Ambivalence Avenue, kom út það ár og vakti mikla athygli, komst m.a. á listann yfir bestu plötur ársins hjá Pitchfork. Á Ambivalence Avenue var Bibio búinn að þróa tónlistina áfram og taka ótal ný áhrif inn í hana.

Ný plata með Bibio Mind Bokeh er svo væntanleg í verslanir eftir nokkra daga. Á henni heldur þróunin áfram. Þar ægir saman tilraunakenndri raftónlist, fönki, jaðarrokki, glysrokki, afrópoppi, soft-rokki, umhverfishljóðum og ýmsu öðru. Talandi um póstmódernisma! Þegar Bibio er spurður út í titil plötunnar þá segir hann að orðið bokeh sé japanskt og notað um ljósmyndir. Það merkir „úr fókus". Flott plata.

# Britney ekki af baki dottin

**Britney Spears er ekki af baki dottin þrátt fyrir vandræði síðustu ára. Nýja platan hennar, Femme Fatale, þykir mjög vel heppnuð enda lagði poppprinsessan hjarta sitt og sál í hana.**



**FEMME FATALE** Britney Spears lagði hjarta sitt og sál í sína sjöunda hljóðversplötu, Femme Fatale.

Sjöunda hljóðversplata Britney Spears, Femme Fatale, kemur út í næstu viku. Aðalupptökustjórar voru Svíinn Max Martin, sem er maðurinn á bak við hin ofurvinsælu Britney-lög ...Baby One More Time og Oops!... I Did It Again, og Dr. Luke sem vann með söngkonunni í þremur lögum á síðustu plötu hennar Circus. Spears naut einnig aðstoðar will.i.am úr poppsveitinni Black Eyed Peas sem samdi fyrir hana og tók upp lagið Big Fat Bass.

Þegar Circus kom út fyrir þremur árum var líf Britney Spears einn stór sirkus. Vegna undarlegrar hegðunar eftir skilnað við eiginmann sinn Kevin Federline missti söngkonan forræði yfir eigin fjármálum og börnum sínum. Hún reif sig engu að síður upp og fór í stóra tónleikaferð til að fylgja Circus eftir sem heppnaðist vel en síðan þá hefur hún haft hægt um sig og safnað kröftum fyrir sína nýjustu afurð.

Femme Fatale er dansvæn plata eins og búast mátti við og miðað við tvö fyrstu smáskífulögin, Hold It Against Me og Till the World Ends, er Spears í hörkuformi og líkleg til áframhaldandi afreka í framtíðinni. Til marks um það fór Hold It Against Me á toppinn í sjö löndum, þar á meðal í Bandaríkjunum og Kanada. Vinsældirnar eru því enn til staðar þrátt fyrir skakkaföllin og ljóst að aðdáendur hennar hafa verið fljótir að fyrirgefa henni hegðunina undanfarin ár. Það er ekki skrítið í ljósi þess að Spears hefur á tólf ára ferli sínum selt að minnsta kosti sjötíu milljónir platna og komið fimm plötum á topp bandaríska Billboard-listans. Sömuleiðis hefur hún náð 24 lögum inn á topp tíu listann hjá Billboard sem er frábær árangur.

Hvort hún nái Lady Gaga í vinsældum dagsins í dag skal ósagt látið en ljóst er að Spears er ekki tilbúin til að gefa henni poppkórónu sína eftir baráttulaust. „Ég held að Femme Fatale-platan segi meira en mörg orð. Mig langaði að gera öfluga dansplötu sem fær mann til að standa upp og hreyfa sig við hvert einasta lag," sagði hún. „Ég hef lagt hjarta mitt og sál í þessa plötu síðustu tvö ár. Hún er fyrir ykkur, aðdáendur mína sem hafa stutt mig og haldið tryggð við mig öll þessi ár."

Femme Fatale hefur fengið góða dóma, til dæmis hjá bandaríska tónlistartímaritinu Rolling Stone sem gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og segir hana hugsanlega hennar bestu til þessa, alla vega þá skrítnustu. Enda er þar blandað saman evrópoppi, dubstep og fleiri stefnum í einn hressilegan hrærigraut.

freyr@frettabladid.is


# Nytjamarkaður

**á Eyjarslóð 7 út á Granda.**

HJÁLPRÆÐISHERINN

Opið alla virka daga og laugardaga kl. 13-18.

Sækjum húsgögnum
Sími 8585908

**Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!**



Bestun Birtingahús

Hot Rope Yoga
Mömmutímar
Zumba Fitnes

World Class ICELAND


## LAGALISTINN

Vikuna 17. - 24. mars 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Sjonni Brink | *Aftur heim* |
| ▲ | 2 | Valdimar Guðm. & Memfismafían | *Okkar eigin Osló* |
| ▼ | 3 | Adele | *Rolling In The Deep* |
| ▼ | 4 | Magni | *Ég trúi á betra líf* |
| ▲ | 5 | Jessie J | *Price Tag* |
| ▼ | 6 | P!nk | *F**kin' Perfect* |
| ▼ | 7 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▼ | 8 | Bruno Mars | *Grenade* |
| ▲ | 9 | Rihanna | *S&M* |
| ▲ | 10 | Hvanndalsbræður | *Koss* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 17. - 24. mars 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Skálmöld | *Baldur* |
| ▲ | 2 | Eagles | *Complete Greatest Hits* |
| ▲ | 3 | Justin Bieber | *My Worlds* |
| ▼ | 4 | Sin Fang | *Summer Echoes* |
| ▼ | 5 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2011* |
| ▲ | 6 | Elly Vilhjálms | *Heyr mína bæn* |
| ▶ | 7 | Björgvin Halldórsson | *Duet II* |
| ▲ | 8 | Páll Rósinkranz | *Ó hvílík elska* |
| ▲ | 9 | Valdimar | *Undraland* |
| ▲ | 10 | Úr leikriti | *Ballið á Bessastöðum* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Nikon

At the heart of the image

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

***Verð 19.995.-***

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.




# I AM YOUR BEST DEAL




## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 129.995.-***

**KAUPAUKI!**
Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-






**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

> LAW Í ÖNNU

**Jude Law** hefur samþykkt að leika í kvikmyndinni Önnu Kareninu ásamt Kick-Ass-stjörnunni Aaron Johnson og Keiru Knightley. Myndin segir frá Önnu, sem er föst í ástlausa hjónabandi og verður hrifin af heillandi hermanni. Stóra spurningin hlýtur að vera sú: hvort verður Jude?



# bíó

bio@frettabladid.is

# Apatow gæti bjargað Megan Fox

Grínleikstjórinn Judd Apatow kann þá list að kitla hláturtaugar hins vestræna heims með kvikmyndum á borð við The 40 Year Old Virgin og Knocked Up. Og nú er leikstjórinn byrjaður á nýrri mynd. Ekkert hefur verið gefið út hver söguþráðurinn er en vefmiðlar hafa gert að því skóna að gifta parið úr Knocked Up, þau Paul Rudd og Leslie Mann, verði í aðalhlutverkum að þessu sinni. Apatow hefur haldið mikilli tryggð við sína leikara en samkvæmt Empire Online gæti hann leitað út fyrir þann hóp því sögusagnir eru á kreiki um að Megan Fox kunni að fá hlutverk í myndinni.

Megan Fox sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Transformers 1 og 2 og virtist ætla að leggja heiminn að fótum sér. Hún lenti síðan upp á kant við leikstjórann Michael Bay og var hent út á götu. Fox taldi sig hafa ýmislegt annað til brunns að bera en að vera sæt í kringum vélmenni og ætlaði að nýta vinsældir sínar með kvikmyndinni Jonah Hex. Henni var slátrað af öllum og ekki berast betri fréttir af næstu kvikmynd hennar, Passion Play, því hún fer víst beint á DVD.

Fox gæti því vel þegið smá hjálp við að endurreisa annars stuttan feril.





**ÞARF EITTHVAÐ GOTT** Megan Fox hefur ekki gert góða hluti á hvíta tjaldinu eftir að hafa verið sparkað út úr Transformers. Hún treystir á Judd Apatow.

# Ný Kleópatra í bígerð í Hollywood

David Fincher er sagður vera í bílstjórasætinu til að hreppa eitt eftirsóknarverðasta hnoss Hollywood um þessar mundir; að fá að leikstýra nýrri útgáfu af Kleópötru. Það er framleiðsludeild Sony sem hefur verkefnið á sínum snærum en James Cameron (hver annar?) var fyrsti valkostur. Hann kaus hins vegar að einbeita sér enn frekar að Avatar-mynd númer tvö og þá kom Paul Greengrass til skjalanna. Hann þótti nokkuð líklegur en gaf verkefnið frá sér fyrir kvikmyndina Memphis, mynd um morðið á Martin Luther King.

Og þá var komið að David Fincher. Hann er nú sagður vera í samningaviðræðum við framleiðandann Scott Rudin en þeir tveir hafa unnið saman að kvikmyndunum The Social Network og Karlar sem hata konur eða The Girl with the Dragon Tattoo. Eins og gefur að skilja er um rándýra framleiðslu að ræða en talað hefur verið um að Angelina Jolie leiki hina duttlungafullu keisaraynju frá Egyptalandi og feti þar með í fótspor Elizabeth Taylor. Það hlýtur því að liggja í augum uppi að Brad Pitt leiki Markús Antoníus sem Richard Burton lék í kvikmyndinni frá árinu 1963.





**STÓRMYND** David Fincher er sagður vera í viðræðum við Sony um að leikstýra endurgerð Kleópötru. Angelina Jolie er sögð eiga að leika Kleópötru og þá hlýtur það að liggja í augum uppi að Brad Pitt leiki Markús Antoníus.

# Skúrkarnir raða sér upp

**Þrátt fyrir að enn sé rúmt ár þangað til 23. myndin um leyniþjónustumanninn James Bond verður frumsýnd eru spekingar og netnirðir farnir að spá í hver fái það bitastæða hlutverk að gera Bond lífið leitt.**

23. myndin um James Bond verður gerð. Fyrir ekki svo margt löngu leit allt út fyrir að Bond væri endanlega úr sögunni, kvikmyndaverið MGM var á leið í gjaldþrot og Bond sömuleiðis. En með fjárhagslegri skipulagningu jakkafataklæddra karla tókst að bjarga skipinu og James sömuleiðis og það verður að teljast jákvætt; Bond-mynd er endalaus uppspretta frétta og vangaveltna enda vilja allir vita hver sé næsta Bond-stelpan og hver skúrkurinn.

Vitað er að Daniel Craig verður á sínum stað enda þykir honum hafa tekist vel upp í bæði Casino Royal og Quantum of Solace. Sam Mendes mun leikstýra myndinni og myndin verður hugsuð sem sjálfstætt framhald af þeim svaðilförum sem Bond hefur þurft að klóra sig út úr í síðustu tveimur myndum. Og þá má auðvitað bæta því við að Judi Dench verður M. Og þetta eru allt staðfestar fréttir.

Hins vegar hefur ekkert verið staðfest hvaða leikkonur hreppa þann eftirsóknarverða titil að verða Bond-stúlka. Það má raunar búast við miklu húllumhæi þegar þær skrifa undir þann ráðningarsamning. Netmiðlar eru lítið farnir að velta möguleikum fyrir sér enda vita þeir kannski sem er að það er til lítils. Nýju Bond-stúlkurnar hafa allar verið fremur óþekktar.

Hins vegar grasserar allt í sögusögnum um hvaða karlleikarar komi til greina í hlutverk þrjótsins. Ein lífseigasta sagan er reyndar um leikkonu en á einhverjum tímapunkti fór sú saga hátt að Rachel Weisz myndi leika aðalskúrkinn. Þeirri hugmynd hefur örugglega verið slátrað fljótlega eftir að framleiðendurnir fréttu að Craig og hún væru nýjasta parið í Hollywood. Nýju nöfnin eru svo sem ekkert slor. Óskarsverðlaunahafinn Javier Bardem hefur í marsmánuði verið stöðugt spyrtur við Bond-hlutverkið. Sem er ekkert skrítið. Þeir sem muna eftir frammistöðu hans í No Country for Old Men geta allir kvittað upp á að Bardem myndi sóma sér vel í hlutverki skúrksins.

Annað nafn hefur einnig skotið upp kollinum og sá er vanur að leika þrjóta og illmenni. Nefnilega Ralph Fiennes, sá og hinn sami og leikur Voldemort, seiðkarlinn sem gerir Harry Potter lífið leitt. Einn vefmiðill gekk meira að segja svo langt að greina frá því Ralph væri byrjaður að undirbúa sig undir hlutverkið og að hann ætti að vera „dæmigerður enskur þrjótur“. Bæði Bardem og Fiennes eru nefndir til sögunnar á imdb.com-síðu Bond-myndarinnar.

Þriðji leikarinn til að vera orðaður við hlutverkið er síðan Anthony Hopkins en á blaðamannafundi fyrir skömmu vísaði hann þeirri hugmynd á bug, hann ætlaði ekki að fara að leika í Bond-mynd. Sem er sorglegt því vissulega hefði verið forvitnilegt að sjá Hannibal Lecter eltast við James Bond.



**VERÐUGIR ANDSTÆÐINGAR**

Óskarsverðlaunahafarnir **Javier Bardem** og **Anthony Hopkins** hafa báðir verið orðaðir við þrjótahlutverkið í næstu James Bond. Og það hefur **Ralph Fiennes** raunar líka verið. Hopkins er sá eini sem hefur neitað þessu af fullri alvöru en sögusagnirnar í kringum Fiennes og Bardem lifa góðu lífi. **Daniel Craig** gæti því fengið ansi verðugan andstæðing í 23. myndinni um leyniþjónustumanninn ráðagóða.




# Jóhanna Margrét Gísladóttir

## er nýjasti liðsmaður fréttateymis Stöðvar 2




– fylgir Fréttablaðinu á morgun


# Sængað hjá vinum og ofurpilla

Fjórar myndir verða frumsýndar í íslenskum kvikmyndahúsum um helgina. Sérstaklega verður að minnast á bresku gamanmyndina Four Lions sem fengið hefur afbragðsgóða dóma en hún er frumsýnd í Bíó Paradís. Myndin segir frá hópi lánlausra hryðjuverkamanna sem undirbúa árás í ensku borginni Sheffield. Leikstjórinn Chris Morris vann til Bafta-verðlauna fyrir þessa frumraun sína og myndin var ein af tíu bestu myndum ársins að mati Time Magazine.

Kvikmyndin Limitless með Bradley Cooper og Robert De Niro verður einnig tekin til sýningar um helgina. Hún segir frá hinum lata Eddie Morra sem varla nennir að draga andann. Hann kemst hins vegar í kynni við dularfullan mann sem gefur honum pillu en hún gerir honum kleift að sjá heiminn upp á nýtt. Myndin hefur fengið ágætis dóma og situr á toppnum í Bandaríkjunum.

Kvikmyndin The Adjustment Bureau skartar Matt Damon og Emily Blunt í aðalhlutverkum en hún segir frá manni sem vill breyta lífi sínu og örlögum. Myndin er byggð á smásögu eftir Philip Dick, þann sama og skrifaði Blade Runner.

Fjórða myndin er síðan No Strings Attached en hún er kannski til marks um ókosti ófrumleika. Myndin segir nefnilega frá vinum sem ákveða að sænga saman án þess að það hafi neinar afleiðingar. Sama söguþráð er hægt að finna í kvikmyndinni Friends with Benefits sem verður frumsýnd á þessu ári. No Strings skartar Ashton Kutcher og Óskarsverðlaunaleikkonunni Natalie Portman í aðalhlutverkum.



**FJÖRUGT** Matt Damon og Bradley Cooper keppa um hylli íslenskra kvikmyndahúsagesta með kvikmyndirnar Limitless og The Adjustment Bureau.

20% afsláttur af kösturum

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

# KASTARADAGAR

7.192
Verð áður 8.990

5.592
Verð áður 6.990

4.392
Verð áður 5.490

7.192
Verð áður 8.990

4.392
Verð áður 5.490

4.392
Verð áður 5.490

2.392
Verð áður 2.990

4.392
Verð áður 5.490

2.796
Verð áður 3.495

1.996
Verð áður 2.495

3.196
Verð áður 3.995

6.392
Verð áður 7.990

3.192
Verð áður 3.990

6.392
Verð áður 7.990

10.352
Verð áður 12.940

4.767
Verð áður 5.959

7.967
Verð áður 9.959

1.196
Verð áður 1.495

1.596
Verð áður 1.995

2.396
Verð áður 2.995

3.996
Verð áður 4.995

1.196
Verð áður 1.495

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Fólk

folk@frettabladid.is



**120 MILLJÓNUM** íslenskra króna hefur Miley Cyrus eytt í föt og annað glingur á árinu, samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs. Þá ku hún hafa keypt lítinn hlut í einkaþotu.

## Bieber hrekkir Smith

Hjartaknúsarinn Justin Bieber er mikill hrekkjalómur og fréttir af uppátækjum hans birtast reglulega.

Bieber ákvað á dögunum að hrekkja ungstirnið Willow Smith, en hún hitar upp fyrir hann á tónleikaferðalaginu My World. Á fyrstu tónleikunum stökk hann á sviðið vopnaður kúabjöllu og trommukjuða þegar hún var að syngja smellinn Whip My Hair. Smith tók gríninu vel og lét Bieber ekki slá sig út af laginu.

Grínið sýndi reyndar líka að Bieber er ekki með mikinn takt í sér.



**FLIPPARI** Justin Bieber er mikill hrekkjalómur en sló Willow Smith ekki út af laginu.











# Kvikmyndastjarna kveður

**Merkilegum kafla í stjörnusögu Hollywood lauk í gær þegar tilkynnt var að Elizabeth Taylor væri látin. Taylor er ein helsta og umdeildasta kvikmyndastjarna draumaborgarinnar fyrr og síðar.**



### MIKIL STJARNA

**Elizabeth Taylor** lést í gær eftir langa baráttu við allskyns sjúkdóma. Kvikmyndaskríbentinn **Sigríður Pétursdóttir** segist vonast til þess að menn dusti rykið af glæsilegum ferli hennar og **Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir** leikkona telur hana hafa verið stórbrotinn persónuleika. **Páll Óskar Hjálmtýsson** bendir á að þegar Rock Hudson hafi dáið úr alnæmi hafi það verið Liz Taylor sem bretti upp ermarnir í stríðinu gegn sjúkdómnum.







Umboðsmaður Elizabeth Taylor greindi frá því í gær að Taylor hefði látist á Cedars-Sinai sjúkrahúsinu í Los Angles. Andlát hennar hefði verið kyrrlátt og hún hefði ekki kvalist. Taylor varð 79 ára að aldri en hún hafði glímt við langvarandi veikindi. Taylor var lögð inn á spítala fyrir sex vikum vegna hjartasláttartruflana en læknum virtist hafa tekist að ná tökum á því vandamáli. „Við bundum því vonir við að Taylor myndi snúa aftur heim innan skamms en það átti augljóslega ekki að verða,“ hefur CNN eftir talsmanni leikkonunnar.

Sigríður Pétursdóttir, umsjónarkona kvikmyndaþáttarins Kvikunnar, segir þetta hafa eingöngu verið tímaspursmál hvenær Taylor hyrfi yfir móðuna miklu. „Ég er búin að vera tilbúin með minningargreinina ofan í skúffu í mörg ár.“ Hún segir kannski sorglegast hversu skrumskæld minning Taylor er, það vilji nefnilega stundum gleymast hversu frábær leikkona hún hafi verið. „Hún var auðvitað fyrirferðarmikil á öðrum sviðum, ástarsambandið við Richard Burton, vinasambandið við Michael Jackson, lygileg sjúkrasaga og allt þar á milli. En hún var líka frábær listamaður.“ Sigríður vonast til þess að fólk snúi sér að kvikmyndum Elizabeth nú þegar hún er farin á vit feðra sinna. „Ef fólk vill rifja upp barnakvikmyndirnar hennar þá ættu þeir að kíkja á Little Women frá 1949 og Lassie. Og svo ætti fólk að horfa á Father of the Bride þar sem Elizabeth er ung kona.“ Sigríður bendir síðan áhugafólki um þungavigtarmyndir á Hver er hræddur við Virginiu Wolf? og Köttur á heitu tinþaki séu hálfpartinn skylduáhorf. „Ég vonast til þess og mælist til þess að fólk kynni sér þessar myndir hennar.“

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikkona, lék Mörtu í uppsetningu Þjóðleikhússins á Hver er hræddur við Virginiu Wolf? árið 2001. Hún segist reyndar ekki hafa horft á myndina fyrr en eftir frumsýningu en Elizabeth Taylor var í miklu uppáhaldi hjá henni sem barni. „Ég átti dúkkulísur með henni, hún var náttúrlega barnastjarna og átti ömurlega æsku sem hún var ekki öfundsverð af. Ég man alltaf eftir því þegar hún byrjaði með grínistanum Eddie Fischer, sem var giftur maður, því þá setti ég Elizabeth-dúkkuna í skammakrókinn. Hún fékk síðan að koma út úr honum þegar hún byrjaði með Burton,“ segir Lilja og hlær en hún lék einnig í Ótemjunni eftir Shakespeare og þá sama hlutverk og Taylor fékk Baftaverðlaunin fyrir. Lilja segir Liz hafa verið stórbrotinn karakter sem hafi sveimað yfir öllu og hún hafi eflaust haft eitthvað með það að gera að hún leiddist útí leiklist. „Mér fannst alltaf fallegt hvernig hún hugsaði um minnimáttar og maður velti því fyrir sér hvað hún hefði orðið stór ef hún hefði ekki verið ofurseld kvikmyndaverunum.“

Taylor beitti sér mjög fyrir réttindabaráttu samkynhneigðra og var einnig lengi vel andlit stríðsins við alnæmi. Páll Óskar Hjálmtýsson segir hana klárlega vera á topp fimm-listanum yfir svokölluð „gay icon“. „Saga hennar er náttúrlega ótrúleg, hún þurfti að berjast svo oft við dauðann en reis alltaf upp. Og svo þróast hún náttúrlega frá því að vera saklaus dúkkulísa yfir í að taka að sér þungavigtarhlutverk.“ Páll segir að þegar Rock Hudson hafi dáið úr alnæmi hafi Taylor brett upp ermarnar og farið að vinna fyrir þann málstað. „Og henni fannst alltaf ógeðslegt hvernig leikarar í Hollywood töluðu um samkynhneigða,“ segir Páll og vitnar í fleyg orð leikkonunnar: „Ef það væru engir hommar, þá væri ekkert Hollywood.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Vegfarendur hundsa Bono

Bono, söngvari írsku hljómsveitarinnar U2, reyndi á dögunum að gefa vegfarendum í New York nokkur eintök af nýju plötunni með REM, Collapse Into Now.

Samkvæmt dagblaðinu New York Post var Bono að fagna fimmtugsafmæli eiginkonu sinnar síðasta laugardag á veitingastaðnum Osteria Morini. Á meðal gesta þeirra hjóna voru fyrirsætan Helena Christensen, The Edge, gítarleikari U2, og Michael Stipe, söngvari REM. Eftir matinn stökk Bono út með nokkur eintök af plötu REM.

Samkvæmt heimildarmönnum New York Post hundsuðu vegfarendur Bono og töldu að þar væri sturlaður maður á ferð. Fjölmargir höfðu neitað að taka við plötu frá Bono þegar ung stúlka þekkti hann og þáði eintak.



**HUNDSAÐUR** Bono reyndi að gefa eintök af nýrri plötu REM í New York. Það gekk ekki vel.



# Robocop og Terminator í Bíó Paradís

„Þetta eru myndir sem rosalega margir hafa séð í sjónvarpi en ekki í kvikmyndahúsi,“ segir Haukur Viðar Alfreðsson, formaður Sci-Fi klúbbsins Zardoz í Bíó Paradís.

Klúbburinn var stofnaður fyrir skömmu og heldur fyrstu sýninguna á morgun. Þá verða sýndar kvikmyndirnar The Terminator frá 1984 og Robocop frá 1987 sem eru að sögn Hauks tvær af helstu Sci-Fi kvikmyndastórvirkjum níunda áratugarins. Hann segir myndirnar tvær höfða til ótrúlega stórs hóps. „Ekki bara til sci-fi ofurnörda,“ segir Haukur. „Mér fannst sterkur leikur að byrja á myndum sem fleiri hefðu mögulega áhuga á að sjá til að kynna klúbbinn fyrir fólki.“

Sci-Fi klúbburinn Zardoz er með mánaðarlegar sýningar í Bíó Paradís og ætlar að sýna alls konar myndir frá ýmsum tímabilum, bæði klassísk stórvirki sem og minna þekktar B-myndir. Sýningarnar eru síðasta föstudag hvers mánaðar. „Við ætlum ekki að horfa á Star Trek allan daginn,“ segir Haukur í léttum dúr. „Sci-Fi myndir eru alls konar. Þær leka oft inn í aðra flokka, eins og hasar og jafnvel hrylling. Ég býst við að þetta verði ekki bara sveittir karlmenn í Nexusbolum þótt ég voni svo sannarlega að það verði eitthvað um þá. Þeir eru hjartanlega velkomnir.“

Miðasala gengur vel að sögn Hauks. Svo vel að sýningin hefur verið færð úr sal tvö í sal eitt. Miðasala fer fram í Bíó Paradís og á Midi.is.



**VÍSINDASKÁLDSKAPUR** Haukur Viðar hyggst kynna klassískar sci-fi myndir fyrir áhugasömum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ROCKY** Boxhanskar úr Rocky-myndunum verða seldir á uppboði í maí.

## Boxhanskar boðnir upp

Boxhanskar sem Sylvester Stallone notaði í Rocky-myndunum og sloppurinn sem Jeff Bridges klæddist í hlutverki sínu sem The Dude í gamanmyndinni The Big Lebowski eru á meðal safngripa sem verða seldir á uppboði í Los Angeles í maí. Jakki sem James Dean klæddist í kvikmyndinni Rebel without a Cause sem kom út 1955 verður einnig til sölu á uppboðinu. Á meðal fleiri muna verður gullkálfur sem var notaður í myndinni The Ten Commandments og handskrifað bréf frá Walt Disney, stofnanda Disney-veldisins.



**MICHAEL STIPE** Söngvari R.E.M. notaði iPhone til að taka upp síðustu plötu.

## Tók upp plötu á iPhone

**Michael Stipe, söngvari R.E.M., segist hafa tekið upp síðustu plötu hljómsveitarinnar á iPhone-símann sinn. Platan Collapse Into Now kom út 7. mars og á meðal gesta á henni eru Eddie Vedder úr Pearl Jam, Patti Smith og Peaches. „iPhone-síminn er skrifblokkin mín. Ég meira að segja tók upp og samdi alla plötuna á símann minn,“ sagði Stipe. „Það er frábært að nota þessa tækni því þá þarf maður ekki að vera með bréfsnepla á víð og dreif.“**

## Týndri plötu lekið á netið

Plötu Davids Bowie, Toy, sem útgáfufyrirtæki hans hætti við að gefa út árið 2002, hefur verið lekið á netið. Á plötunni eru nýjar útgáfur af mörgum af hans eldri lögum, þar á meðal In the Heat of the Morning og Liza Jane, fyrsta smáskífulaginu hans. Platan kom aldrei út á vegum Virgin, meðal annars vegna höfundarréttarmála. Eftir að Bowie stofnaði eigið útgáfufyrirtæki, ISO, hafa fimm lög af plötunni verið gefin út. Bowie hefur ekki gefið út nýja plötu í átta ár. Lítið hefur spurst af honum síðan hann gekkst undir hjartaaðgerð árið 2004.



**DAVID BOWIE** Plötunni Toy hefur verið lekið á netið, níu árum eftir að hún átti að koma út.






**SETUR SIG Í STELLINGAR** María Birta Bjarnadóttir hefur látið ljósu lokkana víkja fyrir bleikum en það er þó ekki í tengslum við hlutverk fíkils og fegurðardrottningar í kvikmyndinni Svartur á leik sem tökur hefjast á í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# SETUR SIG Í SPOR FÍKILS OG FEGURÐARDROTTNINGAR

**Orgíur, fíkniefni og blákaldur veruleiki íslenska undirheimsins eru helstu viðfangsefni kvikmyndarinnar Svartur á leik sem fer í tökur í næsta mánuði í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar. María Birta Bjarnadóttir fer með stærsta kvenhlutverk myndarinnar og býr sig undir krefjandi tökuferli.**

„Leikstjórinn sagði við mig að búa mig undir það að vera drukkin í langan tíma. Það er að segja óbeint, þar sem karakterinn minn er á einhverjum eiturlyfjum eða full nánast alla myndina,“ segir María Birta en hlutverkið sem um ræðir er Dagný, fyrrverandi fegurðardrottning og núverandi fíkill. „Dagný er alveg týnd í tilverunni en algjör töffari og ein af strákunum.

Hún er frökk og brennd á lífinu,“ segir María og viðurkennir að það sé kvíðablandin spenningur hjá henni að takast á við svona krefjandi hlutverk. Hún er þegar byrjuð að vinna rannsóknarvinnu og er að horfa á kvikmyndir á borð við Blow, Boogie Nights og Traffic til að koma sér í rétta gírinn.

Kvikmyndin Svartur á leik er byggð á samnefndri metsölubók Stefáns Mána sem kom út árið 2004 en bókin þykir bregða upp ansi svæsinni en trúverðugri mynd af íslenska glæpaheiminum. María Birta hefur lesið handritið nokkrum sinnum og segir að myndin verði alveg jafn gróf og bókin.

„Ég fékk hálfgert áfall í fyrsta sinn sem ég las handritið og á fyrsta fundinum með Óskari vildi ég mest fá að vita hvernig hann hafði hugsað sér að taka upp kynlífsatriðin en þau eru þónokkur í handritinu. Það skiptir miklu máli hvernig svoleiðis senur eru teknar til að þetta líti vel út,“ segir María Birta en hún vílar ekki fyrir sér að sýna bert hold og vakti fyrst athygli í unglingamyndinni Óróa þar sem hún gerði einmitt slíkt hið sama.

„Ég er búin að undirbúa mig vel fyrir þetta og er umkringd fagmönnum sem vita hvað þeir eru að gera. Ég finn að ég er alveg örugg í þeirra höndum en auðvitað ræð ég sjálf hversu fáklædd ég vil vera og það á bara eftir að koma í ljós.“

Hitt aðalhlutverk myndarinnar er í höndum leikarans Þorvalds Davíðs Kristjánssonar en bæði eru þau að leika sín fyrstu burðarhlutverk í íslenskri kvikmynd.

„Ég þekkti hann ekkert fyrir en við hittumst um daginn á æfingu og okkur kom vel saman. Það er gaman fyrir okkur að fá þetta tækifæri og sýna hvað við getum,“ segir María Birta en fyrir nokkrum mánuðum lét hún hafa það eftir sér í viðtali að hún útilokaði ekki að koma fram í svæsnasta kynlífsatriði íslenskra kvikmyndasögu, gæti það verið raunin í myndinni Svartur á leik? „Þegar ég sagði þetta var ég einmitt nýbúin að lesa þetta handrit og datt alveg í hug að eitthvað í þá áttina gæti verið í bígerð.“

alfrun@frettabladid.is

# Apparat tvisvar á Sódómu

„Við spiluðum oft á stöðum eins gamla Grand rokki þar sem var troðið af fólki og hávaði og stemning,“ segir Úlfur Eldjárn úr hljómsveitinni Apparat Organ Quartet.

Apparatið kemur fram á tónleikum á Sódómu í kvöld og annað kvöld. Hljómsveitin kemur ekki reglulega fram á tónleikum og hefur yfirleitt komið fram á stærri stöðum. „Það er langt síðan við höfum spilað á svona litlum stað,“ segir Úlfur spenntur. „Yfirleitt höfum við spilað á Nasa eða Listasafninu. Það eru mörg, mörg ár síðan við höfum spilað á almennilegum búllutónleikum eins og í den.“



**RÆÐA VIÐ DANSKA ÚTGÁFU** Útgáfan Crunchy Frog hefur áhuga á að gefa út nýjustu plötu Apparat Organ Quartet.

Apparat sendi frá sér plötuna Pólýfónía í fyrra og var hún ofarlega á listum gagnrýnenda yfir plötur ársins. Hljómsveitin á nú í viðræðum við danska útgáfufyrirtækið Crunchy Frog um útgáfu á plötunni í útlöndum. „Það er mjög mikill vilji af beggja hálfu. Við eigum eftir að klára útfærsluna,“ segir Úlfur en ítrekar þó að ekki sé búið að skrifa undir samninga og því ýmislegt sem eigi eftir að útfæra. Ef af samningnum verður býst hann þó við að plötunni verði dreift um Evrópu og þá aðallega í Norðurlöndunum, Þýskalandi og Benelúxríkjunum, þar sem Apparatið á tryggan aðdáendahóp. „Þeir hafa verið duglegir við að bjóða okkur að koma og spila í gegnum tíðina,“ segir Úlfur. „Það er alltaf gott samband á milli smáþjóða.“

- afb


SKANNAÐU SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 8 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 10.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:40 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6:20 | L |
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |

SKANNAÐU SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 – 10.15 | 14 |
| BATTLE LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 10.30 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 6 – 9 | 12 |
| THE ROMANTICS | KL. 10.30 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10 | 16 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| LOVE & OTHER DRUGS | 8 og 10.20 |
| BATTLE: LOS ANGELES | 10.20 |
| RANGO - ENS TAL | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6 |

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ÞÝSKIR DAGAR: RENN, WENN DU KANNST (L) | 20:00 |
| MINI-CINÉ: I FOR INDIA (L) | 20:00 |
| ROKLAND | 20:10, 22:10 |
| THE FIGHTER (14) | 20:10, 22:30 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 22:20 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 22:20 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50 |
| INSIDE JOB | 17:40 |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# ASA fagnar útgáfu

Hljómsveitin ASA Tríó heldur útgáfutónleika í Slippsalnum í kvöld vegna plötunnar ASA Trio Plays the Music of Thelonious Monk sem er nýkominn út. Þar er að finna tónlist eftir bandaríska píanistann og tónskáldið Thelonious Monk sem lést árið 1982. Þetta er fyrsta plata tríósins, sem samanstendur af þeim Andrési Þór Gunnlaugssyni á gítar, Scott McLemore á trommur og Agnari Má Magnússyni á hammond orgel.

Tríóið hefur áður gefið út niðurhal af tvennum tónleikaupptökum á vefsíðu sinni asa-trio.com. Önnur upptakan er með plötunni A Love Supreme með John Coltrane og hin með blandaðri efnisskrá. Útgáfutónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.30 og er aðgangseyrir 1.500 krónur. Nýja platan verður í boði á tilboðsverði.



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Andrés Þór Gunnlaugsson og félagar í ASA Tríói halda útgáfutónleika í kvöld.

# Sviðsljósið eyðilagði hjónabandið

Breska glamúrgellan Katie Price sér ekki eftir hjónabandi sínu með popparanum Peter Andre. Hún hefði engu að síður viljað að sviðsljósið hefði ekki beinst eins mikið að þeim og raun bar vitni.

Price og Andre gengu í hjónaband árið 2005. Þau komu fram í fjölda raunveruleikaþátta í sjónvarpinu og í alls kyns tímaritum. Sonur þeirra Junior sem er fimm ára og hin þriggja ára Princess voru oft með þeim í sviðsljósi fjölmiðlanna. „Á þessum tíma var annað starfslið í kringum mig og allt snerist um myndatökur og sjónvarp,“ sagði hin 32 ára Price. „Núna er ég laus við það en þegar ég horfi aftur hugsa ég: „Var þetta raunverulegt samband þegar allt kemur til alls?“. Ég sé ekki eftir neinu en það er eitthvað rangt við að byggja samband á sjónvarpsþáttum og tímaritum,“ sagði hún.

Price og Andre skildu fyrir tveimur árum en skömmu síðar giftist hún bardagakappanum Alex Reid. Það hjónaband leystist upp í janúar síðastliðnum og síðan þá hefur hún átt í ástarsambandi með argentínsku fyrirsætunni Leandro Penna.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Katie Price og Peter Andre á hjónabandsárunum.



**JÓN MÚLI** Útvarpsmaðurinn og lagahöfundurinn hefði orðið níræður 31. mars.

# Syngja lög Jóns Múla

**Útvarpsmaðurinn og lagahöfundurinn Jón Múli Árnason hefði orðið níræður fimmtudaginn 31. mars næstkomandi. Í tilefni af því verður efnt til tónleika í Salnum í Kópavogi þar sem Ragnar Bjarnason, Ellen Kristjánsdóttir og Sigurður Guðmundsson munu syngja mörg þekktustu lög Jóns Múla við texta Jónasar bróður hans. Að auki má gera ráð fyrir að óvæntir gestir heiðri samkomuna með söng sínum og leik. Hljómsveitina skipa Eyþór Gunnarsson, Óskar Guðjónsson, Scott MacLemore og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.**



**ÓSPENNANDI** Pattinson segist ekki lifa spennandi lífi í frítíma sínum.

# Tölvuleikur í frítímanum

**Leikarinn Robert Pattinson, sem sló í gegn í Twilight-myndunum, segist ekki lifa spennandi lífi í frítíma sínum. „Ég reyni að horfa á kvikmyndir en ég held athyglinni svo stutt að ég horfi bara í tuttugu mínútur og fer þá að spila leik á iPhone-símanum mínum sem heitir Fall Down,“ segir Pattinson. „Það fáránlega er að ég get setið og spilað hann í sextán klukkustundir án þess að reyna nokkru sinni á heilann í mér.“ Þegar Pattinson er ekki að spila tölvuleik er hann að kynna myndina Water for Elephants þar sem hann leikur á móti Reese Witherspoon.**



# sport

sport@frettabladid.is



**BJARNI HÓLM AÐALSTEINSSON** verður ekki áfram með Keflvíkingum í Pepsi-deild karla í fótbolta því hann hefur skrifað undir tveggja ára samning við norska C-deildarfélagið Levanger. Rúnar Páll Sigmundsson, fyrrverandi þjálfari HK. er þjálfari Levanger auk þess sem Hörður Magnússon, fyrrverandi leikmaður HK, er einnig á mála hjá félaginu.

## ÚRSLIT

*Iceland Express deild karla*

**Snæfell - Haukar 87-73 (46-42)**

**Stig Snæfells**: Ryan Amaroso 27/15 fráköst, Sean Burton 14, Jón Ólafur Jónsson 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 13, Zeljko Bojovic 9/8 fráköst, Sveinn Arnar Davíðsson 6, Emil Þór Jóhannsson 4, Atli Rafn Hreinsson 1.

**Stig Hauka**: Gerald Robinson 22/14 fráköst, Semaj Inge 18/8 fráköst, Örn Sigurðarson 16/6 fráköst, Haukur Óskarsson 8, Sævar Ingi Haraldsson 6, Óskar Ingi Magnússon 2, Emil Barja 1.

*Snæfell vann einvígið, 2-1.*

**Keflavík - ÍR 95-90 (41-45, 78-78)**

**Stig Keflavíkur**: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 26, Andrija Ciric 21, Thomas Sanders 15/9 fráköst/6 stolnir, Hörður Axel Vilhjálmsson 11, Magnús Þór Gunnarsson 9, Þröstur Leó Jóhannsson 8, Gunnar Einarsson 3, Jón Nordal Hafsteinsson 2.

**Stig ÍR**: ÍR: Sveinbjörn Claessen 19, Nemanja Sovic 18/7 fráköst, Kelly Biedler 15/13 fráköst, James Bartolotta 14, Eiríkur Önundarson 11, Níels Dungal 11, Hjalti Friðriksson 2.

*Keflavík vann einvígið, 2-1.*

**Grindavík - Stjarnan 66-69 (34-39)**

**Stig Grindavíkur**: Mladen Soskic 16, Páll Axel Vilbergsson 13, Ólafur Ólafsson 10, Ryan Pettinella 9/14 fráköst, Þorleifur Ólafsson 9, Ómar Örn Sævarsson 4/9 fráköst, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Nick Bradford 2.

**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 21/5 fráköst/8 stoðsendingar, Renato Lindmets 18/8 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 11, Fannar Freyr Helgason 8, Jovan Zdravevski 8/8 fráköst, Daníel G. Guðmundsson 3.

*Stjarnan vann einvígið, 2-1.*

**UNDANÚRSLITIN**

**Snæfell - Stjarnan**
**KR - Keflavík**

Undanúrslitin hefjast á sunnudagskvöldið.

*1. deild karla*

**Þór, Akureyri - Valur 74-96 (41-48)**

**Stig Þórs**: Óðinn Ásgeirsson 21/13 fráköst, Dimitar Petrushev 17, Konrad Tota 17/8 fráköst, Ólafur Torfason 12/9 fráköst, Wesley Hsu 3, Hrafn Jóhannesson 2, Benedikt Eggert Pálsson 2.

**Stig Vals**: Calvin Wooten 32/7 stoðsendingar, Philip Perre 24/8 fráköst, Sigmar Egilsson 12, Snorri Páll Sigurðsson 11, Björgvin Rúnar Valentínusson 5, Hörður Helgi Hreiðarsson 4, Birgir Björn Pétursson 3, Alexander Dungal 2, Hörður Nikulásson 2, Pétur Þór Jakobsson 1.

*Þór, Þorlákshöfn og Valur leika í úrvalsdeildinni á næsta ári.*

Valur í úrvalsdeild karla:

## Átta ára bið á enda hjá Val

**KÖRFUBOLTI** Lið Vals er komið aftur upp í úrvalsdeild karla í körfubolta eftir sigur á Þór, Akureyri, í oddaleik í rimmu liðanna um hvort liðið fylgir Þór frá Þorlákshöfn upp úr fyrstu deildinni. Valur vann leikinn í gærkvöldi, 94-76, og einvígið 2-1. Allir leikirnir í rimmunni unnust á útivelli.

Valsmenn léku síðast í úrvalsdeild árið 2003. **- esá**

# Ryan Amoroso vaknaði loks af sínum væra blundi

**Ingi Þór Steinþórsson tók sálfræði „703“ áfanga á Snæfellsliðið fyrir oddaleikinn gegn Haukum. Öruggur 87-73 sigur skilaði meistaraliðinu í undanúrslit. Snæfell mætir Stjörnunni í sinni undanúrslitarimmu í úrslitakeppninni.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég tók sálfræði „703“ á liðið eftir tapleikinn í Hafnarfirði og það var greinilega að skila sér. Menn voru einfaldlega klárir í þetta verkefni og ég er stoltur af strákunum,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Íslandsmeistaraliðs Snæfells eftir 87-73 sigur liðsins gegn nýliðum Hauka í oddaleik í fyrstu umferð úrslitakeppninnar í Iceland Express deildinni í körfuknattleik í gær. Snæfell mætir Stjörnunni í undanúrslitum og er ljóst að það verður áhugaverð rimma.

Það er óhætt að segja að Haukar hafi komið flestum á óvart í fyrstu tveimur leikjunum þar sem hægur sóknarleikur liðsins var helsta vopn þess. Í gær náðu heimamenn að finna svörin við því og mun meiri ákefð var í leik liðsins í vörn – og sókn.

Í stuttu máli má lýsa leiknum í gær með þeim hætti að miðherji Snæfells, Ryan Amoroso, hafi vaknað af værum blundi sem staðið hefur yfir í nokkrar vikur. Hann skoraði alls 27 stig í gær og tók 15 fráköst og það var allt annað að sjá til Snæfellsliðsins með Bandaríkjamanninn í sínu besta ástandi. Sean Burton er einnig að ná sér á strik en hann meiddist á ökkla í fyrsta leiknum gegn Haukum og var langt frá sínu besta í útileiknum. Jón Ólafur Jónsson, eða „Nonni Mæju“, var öflugur í sóknarleiknum líkt og Pálmi Freyr Sigurgeirsson og Zeljko Bojovic.

Staðan var 16-15 fyrir Hauka eftir fyrsta leikhluta en heimamenn náðu fjögurra stiga forskoti fyrir hálfleik, 46-42. Í þriðja leikhluta má segja að Snæfellingar hafi gert út um leikinn með því að skora 10 stig í röð og þeir litu aldrei um öxl eftir það. „Við náðum ekki að halda hraðanum niðri eins og í fyrstu tveimur leikjunum og það varð okkur að falli,“ sagði Sævar Ingi Haraldsson, leikstjórnandi Hauka, eftir leikinn. Sævar er „öldungur“ í hinu kornunga Haukaliði þrátt fyrir að vera aðeins 27 ára gamall og hann er sannfærður um að Haukar eigi eftir að blanda sér í baráttuna um meistaratitilinn á næstu árum. „Liðið er ungt og á framtíðina fyrir sér. Ég kvíði ekki framhaldinu,“ bætti Sævar við.

Það er ljóst að titilvörn Snæfells verður gríðarlega erfið og það er margt sem liðið þarf að laga fyrir rimmuna gegn Stjörnunni. Baráttuandinn sem hefur einkennt liðið var til staðar í gær en ekki í fyrstu tveimur leikjunum. „Ég veit ekki hvort við erum orðnir svona góðir með okkur en við förum vel yfir þetta á æfingum og fundum fyrir oddaleikinn. Ingi þjálfari orðaði það þannig að við værum að vanvirða Snæfellsbúninginn og andstæðingana með þessu hugarfari og við tökum það til okkar,“ sagði „Nonni Mæju“ í leikslok.

**seth@frettabladid.is**



**ÖFLUGUR** Ryan Amoroso skilaði sínu og gott betur fyrir Snæfellinga í gær. Hér er hann í leiknum gegn Haukum. MYND/ÞORSTEINN EYÞÓRSSON



**ÞARF AÐ PÚLA** Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, var búinn að lofa svoköllúðum sjálfsmorðsspretti ef sínir menn ynnu og þarf hann nú að hlaupa fjórtán slíka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BJARNI FRITZSON** Í leik á móti Haukum fyrr í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heil umferð í N1-deild karla:

## Klárar Akureyri titilinn í kvöld?

**HANDBOLTI Heil umferð fer fram í N1-deild karla í kvöld og líkt og í síðustu umferð eiga Akureyringar möguleika á að tryggja sér deildarmeistaratitilinn, sem verður fyrsti titillinn í sögu félagsins.**

**Akureyri, sem er með fimm stiga forskot á FH, fær Hauka í heimsókn en FH tekur á móti Val. Eftir leikinn verða aðeins sex stig eftir í pottinum.**

**Það dugar FH-ingum ekki að ná Akureyri að stigum því norðanmenn eru betri í innbyrðisviðureignum liðanna. Aðrir leikir kvöldsins eru á milli Fram og Selfoss í Safamýri og á milli Aftureldingar og HK að Varmá. Allir leikir hefjast klukkan 19.30 nema leikur Akureyrar og Hauka, sem hefst klukkan 19.00.** **- óój**



**EYJÓLFUR SVERRISSON** Er án margra sterkustu leikmanna sinna í Úkraínu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

U-21 landslið Íslands:

## Vináttuleikur í Úkraínu í dag

**FÓTBOLTI** Undirbúningur U-21 landsliðs Íslands fyrir EM í Danmörku heldur áfram í dag er strákarnir mæta Úkraínu ytra klukkan 17.30. Margir af lykilmönnum liðsins úr undankeppninni eru þó ekki með í dag þar sem þeir voru valdir í A-landsliðið sem mætir Kýpur í undankeppni EM 2012 á laugardaginn.

Liðið heldur svo næst til Englands, þar sem það mætir heimamönnum á mánudagskvöldið. Ekki er útilokað að Eyjólfur muni endurheimta einhverja leikmenn úr A-liðinu fyrir þann leik. **- esá**


SCHMIDT
- vélar



- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is


Keflvíkingar nýttu sér reynsluna er þeir unnu sigur á ÍR í framlengdum leik í Sláturhúsinu í gær:

# Taugarnar brugðust hjá ÍR á ögurstundu

**KÖRFUBOLTI** Það var sannkallaður háspennuleikur í Keflavík í gær þegar heimamenn unnu ÍR-inga, 95-90, í oddaleik átta liða úrslita Iceland Express deildar karla, en framlengja þurfti leikinn. ÍR-ingar höfðu frumkvæðið í venjulegum leiktíma en eftir gríðarlega baráttu náðu Keflvíkingar að jafna leikinn. Keflvíkingar lögðu grunninn að sigrinum á fyrstu mínútum framlengingarinnar þegar þeir skoruðu fyrstu átta stigin og ÍR-ingar virtust fara á taugum. Frábær sigur Keflvíkinga, sem gefur góð fyrirheit fyrir undanúrslitin gegn KR. Sigurður Þorsteinsson, leikmaður Keflvíkinga, var stórkostlegur en hann skoraði 26 stig. Sveinbjörn Claessen var atkvæðamestur hjá gestunum með 19 stig.

„Þetta var virkilega sætt þó svo að sóknarleikur okkar hafi verið skelfilegur,“ sagði Sigurður Þorsteinsson eftir sigurinn í gær.

„Í kvöld náðum við að lagfæra varnarleikinn okkar en hann hefur verð heldur lélegur það sem af er. Við náðum oft að stoppa þá í leiknum í kvöld en nýttum okkar það ekki nægilega vel. Síðan fór sóknarleikurinn okkar að ganga, við náum að jafna leikinn og klárum þá síðan framlenginguni. Það var eins og það vantaði hausinn á okkur á tímabili en við hleyptum þeim aldrei of langt frá okkur. Síðan í lokin vissi ég alltaf að við myndum vinna þennan leik, við erum með þannig lið sem gefst aldrei upp,“ sagði Sigurður.

„Ég var búinn að undirbúa mig fyrir sigur hérna í lokin,“ sagði Gunnar Sverrisson, þjálfari ÍR-inga, eftir tapið í gær.

„Núna getum við nagað á okkur handarbakið eftir að hafa misnotað öll þessi vítaskot í lokin á venjulegum leiktíma. Við fengum marga möguleika til þess að stinga þá af í leiknum en náðum ekki að nýta okkur það og því fór sem fór. Þetta er að vissu leyti frábær endir á ótrúlegum vetri,“ sagði Pétur. **- sáp**



**KOMINN Í UNDANÚRSLIT** Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur.



**GLÖTUÐ TÆKIFÆRI** Gunnar Sverrisson, þjálfari ÍR.

Arion banki

2 SPORT
besta sætið

VERTU Á RÁSPÓL ÞEGAR KEPPNIN HEFST NÆSTU HELGI

# VIÐ RÆSUM FORMÚLUNA Á LAUGARDAGINN

Formula 1

Nú verður Formúla 1 meira spennandi en nokkru sinni fyrr. Fimm heimsmeistarar eru í hópi þeirra sem berjast um titilinn og ýmsar tækninýjungar gera kappaksturinn enn snarpari og æsilegri en áður.

**FÖSTUDAGUR 25/3**
**F1 FÖSTUDAGUR KL 20:30**

**LAUGARDAGUR 26/3**
**TÍMATAKA KL 5:45**
**ENDURSÝNT KL 12:00**

**SUNNUDAGUR 27/3**
**KAPPAKSTUR KL 5:30**
**ENDURSÝNT KL 12:00**
**VIÐ ENDAMARKIÐ KL 8:00**

**TÍMATAKAN OG KAPPAKSTURINN VERÐA Í OPINNI DAGSKRÁ.**



**ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF ÁSKRIFT**

Safnaðu punktum í Stöð 2 Vild sem hægt er að nýta til að greiða niður viðbótaráskrift, vörur og þjónustu hjá samstarfs-fyrirtækjum. Fylgstu með nýjungum á stod2.is í apríl.

Stöð 2 Sport +, hliðarrásir Stöðvar 2 Sport og Golf Channel fylgja áskrift að Stöð 2 Sport.

2 VILD
allt fyrir áskrifendur

ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS

Fyrir **203** krónur færð þú:

0,9 LÍTRA AF BENSÍNI — EÐA — UM 2 KLST. Í STÖÐUMÆLI — EÐA — 1/4 AF BÍÓMIÐA — EÐA — 2 DL AF BJÓR Á BARNUM — EÐA — BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ FORMÚLUNNI OG MARGT FLEIRA

**Stöð 2 Sport kostar aðeins 203 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT, 2 SPORT +, 2 SPORT 3, 2 SPORT 4, 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

José Mourinho:

## Starfa næst í Englandi

**FÓTBOLTI** **José Mourinho, þjálfari Real Madrid, ætlar að þjálfa í ensku úrvalsdeildinni þegar hann hættir með spænska stórliðið. Hann hefur verið á Ítalíu og Spáni síðan hann hætti með Chelsea-liðið árið 2007 eftir að hafa lent upp á kant við eigandann Roman Abramovich.**

**„Ég sakna Englands og næsta starf mitt verður í Englandi,“ sagði José Mourinho í viðtali hjá The Sun. „Ég held líka að England vilji fá mig til baka og þar eyddi ég skemmtilegasta tímanum á mínum ferli,“ sagði Mourinho.** - óój



**HILDIGUNNUR EINARSDÓTTIR** Verður ekkert meira með á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikið áfall fyrir Valskonur:

## Hildigunnur úr leik í vetur

**HANDBOLTI** Deildarmeistarar Vals í N1-deild kvenna urðu fyrir miklu áfalli í vikunni þegar Hildigunnur Einarsdóttir meiddist illa á hné á æfingu. Hún verður af þeim sökum ekkert með Valskonum í úrslitakeppninni sem hefst eftir aðeins eina viku.

„Það eru 99 prósent líkur á að þetta sé krossbandaslit. Hún verður ekkert með í úrslitakeppninni,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari Valsliðsins.

„Það var ein mínúta eftir af æfingunni og hún var að finta. Systir hennar ökklabrotnaði í fyrra þannig að þetta leggst á sömu fjölskylduna,“ sagði Stefán sem segir Hildigunni hafa spilað mjög vel í vetur. „Hún hefði örugglega farið inn í landsliðið í vor og hún stefndi líka á það að fara út þannig að þetta er gríðarlegt áfall. Hún kemur samt örugglega sterkari til baka,“ segir Stefán. Valsliðið fékk aðeins á sig tæplega 19 mörk að meðaltali í deildinni og þar var Hildigunnur vel liðtæk.

„Við þurfum að finna einhverja lausn við brotthvarf hennar því hún er búin að vera lykilmaður í vörninni. Við eigum enn þokkalega möguleika á titlinum en þetta er áfall fyrir okkur.“ - óój



**FÖGNUÐUR** Fannar Freyr Helgason og félagar í Stjörnunni náðu mikilvægum áfanga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjarnan braut loks múrinn

**Eftir að hafa fallið úr keppni í átta liða úrslitum tvö ár í röð tókst Stjörnunni loksins að komast í undanúrslit í gær. Garðabæjarliðið vann þá magnaðan sigur í Grindavík í spennuleik. Stjarnan fær Íslandsmeistara Snæfells í næstu umferð.**

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan er komin í undanúrslit Iceland Express-deildar karla í fyrsta skipti í sögu félagsins eftir svakalegan sigur, 66-69, í oddaleik í Röstinni. Leikurinn var gríðarlega jafn og spennandi og sigurinn hefði getað dottið báðum megin. Taugar Grindvíkinga héldu þó ekki á endanum og Stjarnan fagnaði ógurlega í leikslok.

„Mér fannst þetta æðislegt og það er sérstaklega gaman þegar leikir eru svona rosalega spennandi. Hver einasta sókn var hreinlega eins og gull á lokakaflanum. Það fór verulega í taugarnar á mér þegar þeir tóku öll sóknarfráköst en þetta hafðist sem betur fer,“ sagði brosmildur þjálfari Stjörnunnar, Teitur Örlygsson, eftir leikinn en hann var sérstaklega ánægður með varnarleik sinna manna.

„Við spiluðum hörkuvarnarleik og létum þá taka mikið af lélegum skotum. Það var nóg því við vorum svolítið klaufalegir í sókninni,“ sagði Teitur en liðunum gekk ekkert að skora á lokamínútunum en tröllaþristur frá Kjartani Atla Kjartanssyni sem breytti stöðunni í 64-67 fór langt með að klára leikinn fyrir Stjörnuna.

„Þetta var fullorðins þristur. Í leikhléinu var ég að spá í að setja annan inn fyrir Kjarra en Kjarri er nógu klikkaður til að taka svona skot. Það þarf oft pung í svona skot og létt kæruleysi,“ sagði Teitur.



**BRADFORD HJÁLPAÐI LÍTIÐ** Nick Bradford gerði lítið í fyrri hálfleik og kom ekkert við sögu í þeim síðari. Dvöl hans á Íslandi reyndist stutt því Grindavík er úr leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grindvíkingar fóru talsvert á línuna í kjölfarið en nýttu vítin alls ekki og þar með fór öll þeirra von um sigur í þessum leik og skrautlegu tímabili hjá þeim því lokið. Teitur er aftur á móti kominn með sitt lið í undanúrslit í fyrsta skipti og telur það eiga meira inni.

„Það er búið að vera takmarkið lengi að komast í gegnum þennan helvítis múr og það tókst loksins. Nú þurfum við að fá meira sjálfstraust og gera betur. Ég byrjaði að hamra á því strax inni í klefa eftir leik að við ættum meira inni. Þess vegna er svo sterkt að klára þennan leik og eiga meira inni.“

Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindvíkinga, var að vonum svekktur eftir leik enda skrautlegu tímabili lokið hjá þeim. Helgi og félagar reyndu allt hvað þeir gátu í gær en það féll ekki með þeim að þessu sinni.

„Þetta tímabil er búið að vera eins og í góðri sápuóperu. Við töpum þessum leik á vítalínunni undir lokin. Við eigum að klára svona skot,“ sagði Helgi svekktur. Hann notaði Nick Bradford eiginlega ekki neitt í síðari hálfleik en Bradford fann sig alls ekki með Grindavík eftir að hann kom þangað í slöku formi.

„Ég veit ekki hvort það voru mistök að fá Bradford. Ég tók ákveðna áhættu með því að taka hann inn og hún gekk ekki upp að þessu sinni. Það gekk samt meira á. Ég ætlaði að hjálpa til við leikstjórnandahlutverkið, sem og Þorleifur Ólafsson, en við meiddumst báðir. Mér fannst vanta karakter í liðið og þess vegna tók ég Nick inn. Það gekk ekki upp og þess vegna lítur það illa út núna. Við reyndum samt allt sem við gátum í okkar ógöngum,“ sagði Helgi, sem vill einnig kenna eigin reynsluleysi um að liðið fór ekki lengra í ár.

„Ég er samt svekktur því við vorum með flott lið til þess að gera góða hluti en allar mannabreytingarnar og meiðslin höfðu einnig mikið að segja. Það er mikið búið að ganga á.“ henry@frettabladid.is

Eric Abidal á batavegi:

## Heilsan skiptir mestu máli

**FÓTBOLTI** Eric Abidal er á batavegi eftir að hafa gengist undir aðgerð í síðustu viku þar sem æxli var fjarlægt úr lifur hans. Umboðsmaður hans, David Venditelli, segir að kappinn sé ekki að hugsa um hvenær hann geti byrjað að spila á ný.

„Það eina sem skiptir máli er heilsan hans,“ sagði Venditelli. Abidal er á mála hjá Barcelona, sem hefur reynst honum vel á þessum erfiðu tímum og hefur fullan hug á að framlengja núverandi samning hans sem gildir til 2012. „Stuðningur Barcelona hefur verið ótrúlegur og Eric er ánægður með tillögur félagsins. En við munum fyrst bíða eftir niðurstöðum rannsókna áður en við getum rætt um nýjan samning.“ - esá



**DÝR SKEMMTUN** Miðar á úrslitaleik Meistaradeildarinnar kosta á bilinu 32 til 60 þúsund krónur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslit Meistaradeildarinnar:

## Ódýrasti miðinn á 32 þúsund

**FÓTBOLTI** **Óhætt er að segja að það er ekki fyrir hvern sem er að kaupa sér miða á úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í ár en hann fer nú fram á Wembley-leikvanginum í Lundúnum.**

**Ódýrasti miðinn kostar 176 pund eða um 32 þúsund krónur en þar af eru teknar um fimm þúsund krónur í bókunargjald. Þetta hefur þótt afar umdeilt í Bretlandi og margir sem kvarta undan þessu háa miðaverði. Ekki síst er kvartað undan óskiljanlega háu bókunargjaldi. Dýrari miðar kosta annað hvort 42 eða 55 þúsund krónur auk áðurnefnds bókunargjalds.**

**Michel Platini, forseti Knattspyrnusambands Evrópu sem stendur að keppninni, hefur viðurkennt að verðlagningin sé „ekki skynsamleg“ og að þetta verði skoðað betur á næstu árum. Búist er við um 86 þúsund áhorfendum á leiknum.** - esá




Ágúst Þór Jóhannsson og Einar Jónsson ráðnir til að stýra kvennalandsliðinu:

# Markmiðið að komast á HM

**HANDBOLTI** Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Levanger í Noregi, var í gær ráðinn landsliðsþjálfari kvenna og gildir ráðningin fram á sumar. Hann verður með Einar Jónsson, þjálfara Fram, sér til aðstoðar. Fram undan eru leikir gegn Úkraínu í undankeppni HM sem fer fram í Brasilíu í desember næstkomandi. Ísland mun þó fyrst spila á æfingamóti í Tyrklandi í næsta mánuði.

Ísland komst í fyrsta sinn á stórmót í fyrra þegar liðið keppti á EM í Danmörku. Ágúst segir að óneitanlega sé stefnan sett á að komast einnig á næsta stórmót.

„Við stefnum á það en ég geri mér grein fyrir því að það verður erfitt,“ sagði Ágúst í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við eigum raunhæfa möguleika á því en Úkraína er þó með sterkt og reynslumikið lið. Ég sá liðið spila á EM í Danmörku þar sem það vann til að mynda sterkt lið Þýskalands.“



**ÁGÚST ÞÓR** Tekur við þjálfun kvennalandsliðsins af Júlíusi Jónassyni sem hætti í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann hefur þegar sett sig í samband við Þóri Hergeirsson, landsliðsþjálfara Noregs. „Við munum líklega funda í næstu viku og þá fæ ég efni frá honum. Mikilvægast er þó að að halda einbeitingunni á okkar eigin liði og koma undirbúningsvinnunni í gang,“ sagði Ágúst en leikirnir við Úkraínu fara fram í júní.

Ágúst er búsettur í Noregi en segir það ekki munu koma niður á þjálfun landsliðsins. „Ég hef fylgst vel með boltanum heima og séð nokkra leiki á netinu. Fyrir utan það er ég með góðan aðstoðarmann sem hefur gert það gott í deildinni í heima auk þess sem ég þjálfaði þar sjálfur í mörg ár. Ég þekki flesta leikmennina vel og þjálfaði þá marga í yngri landsliðunum.“

Hann segir síðan óvíst hvað gerist að samningstímanum loknum. „Ég var fenginn til að taka að mér þetta verkefni og mun sinna því eins vel og hægt er. Framhaldið verður svo að koma í ljós.“ - esá

KJARNAFÆÐI

# LIFRARPYLSAN
## FRÁ KJARNAFÆÐI

~ gamaldags og góð!




Ekkert hveiti - ekkert sojaprótein - engin aukaefni

25
ÁRA

Veldu gæði, veldu Kjarnafæði

## > Edward Norton



„Ef þú færð allt of mikið borgað fyrir vinnu sem þú nýtur þín í, hvernig geturðu þá ekki gefið eitthvað til baka?“

***Edward Norton fer með hlutverk vísindamannsins Bruce Banner sem hefur lent í slysi og varð það til þess að hann breyttist í græna risann Hulk í spennumyndinni The Incredible Hulk sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ MEISTARAKOKKUM AÐ STÖRFUM

# *Æsispennandi formkökubakstur*



Formkökur hafa hingað til ekki verið á mínu áhugasviði en snörp breyting varð á því í síðasta Masterchef-þætti á Stöð 2, sem var rafmagnaður af spennu. Þar háðu tveir keppendur, karl og kona, mikið einvígi í slíkum bakstri, hreinlega upp á líf og dauða því sigurvegarinn fékk að halda áfram í keppninni á meðan hinn varð að hverfa á braut. Eins og gefur að skilja fengu keppendurnir takmarkaðan tíma til að ljúka við ætlunarverkið og ætlast var til að þeir myndu baka tvær formkökur hvor. Sú fyrri yrði notuð sem nokkurs konar prufa en sú síðari yrði fullmótuð afurð sem myndi skera úr um hvor stæði uppi sem sigurvegari.

Konan tók sér gríðarlegan tíma í baksturinn, svo mikinn að hún hafði ekki tíma til að gera prufukökuna og varð því að leggja allt sitt traust á eina köku sem hún vissi ekki hvernig bragðaðist. Maðurinn henni við hlið náði á hinn bóginn að gera tvær kökur og virtist því vera í betri stöðu. Annað átti eftir að koma á daginn.

Það sem gerði þetta einvígi eins spennandi og raun bar vitni var hin ameríska nálgun sem boðið var upp á. Allt kapp var lagt á að hafa dramatíkina sem mesta. Gordon Ramsay æsti sig með reglulegu millibili og hinir keppendurnir sem voru komnir áfram settu einnig út á baksturinn. Allt var síðan klippt fram og til baka með bandaríska þulinn í algjöru toppformi. Voru kökurnar of stutt í ofninum? Áttu þær eftir að falla þegar út var komið? Hvernig voru þær á bragðið?

Vissulega hefur þessi dramaformúla verið notuð margoft áður í bandarísku raunveruleikasjónvarpi en í þetta skipti virkaði hún svo vel að ég var, ótrúlegt en satt, farinn að hugsa alvarlega um að skella í eina formköku eftir þáttinn. Slíkur getur máttur góðs raunveruleikasjónvarps verið.

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Bítlabærinn Keflavík** (2:2) (e)
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Magnus og Petski** (11:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (24:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Leitin að norræna bragðinu** (2:2) (Jakten på den nordiske smaken) Í þessum norska matreiðsluþætti eldar kokkurinn Kjartan Skjelde norræna villibráð og fer í berja- og sveppamó.
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**21.25 Krabbinn** (6:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Object of My Affection**
**10.00 When Harry Met Sally**
**12.00 Bride Wars**
**14.00 The Object of My Affection**
**16.00 When Harry Met Sally**
**18.00 Bride Wars**
**20.00 The Incredible Hulk**
**22.00 A Nation Without Women**
**00.00 Silence of the Lambs**
**02.00 The Ruins**
**04.00 A Nation Without Women**
**06.00 Front of the Class**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (12:23)
**11.45 Gilmore Girls** (9:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Sweet Nothing in My Ear**
**14.45 The O.C. 2** (2:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust**
**20.05 Arnar og Ívar á ferð og flugi** (1:5) Arnar og Ívar heimsækja fimm borgir og skoða m.a. matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar, smakka og kryfja vinsælasta skyndibita staðarins og athuga hollustu hans.
**20.35 Masterchef** (12:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi.
**21.20 NCIS** (7:24) Þáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum.
**22.05 Fringe** (7:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.50 Life on Mars** (15:17) Lögregluvarðstjórinn Sam lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
**23.35 Pressa** (1:6)
**00.20 Spaugstofan**
**00.45 Chase** (12:18)
**01.30 Boardwalk Empire** (5:12)
**02.25 The Tudors** (8:8)
**03.15 Sweet Nothing in My Ear**
**04.45 Fringe** (7:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Grindavík - Stjarnan**
**17.30 Grindavík - Stjarnan**
**19.15 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**20.10 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**20.45 Arnold Classic**
**21.30 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.20 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.10 Árni í Cage Contender VII** Synt fra Cage Contender þar sem Islendingar attu sinn fulltrua.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Sunderland - Liverpool** Útsending frá leik Sunderland og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 WBA - Arsenal** Útsending frá leik West Brom og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Maradona 2** Besti knattspyrnumaður fyrr og síðar, Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumaður skoðuð.
**21.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 Blackburn - Blackpool** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Dyngjan** (6:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (3:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Dyngjan** (6:12) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (3:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (22:22) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 HA?** (9:15) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (35:50) (e)
**19.15 Game Tíví** (9:14)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?**
**20.10 Royal Pains** (8:18) Læknirinn Hank snýr aftur í þessari skemmtilegu þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.
**21.00 30 Rock** (16:22) Gamall kærasti snýr aftur og færir Liz stórar fréttir.
**21.25 Makalaus** (4:10) Lilja vaknar á óþekktum stað og drífur sig heim á leið.
**21.55 Law & Order: LA - NÝTT** (1:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Good Wife** (9:23) (e)
**00.15 Rabbit Fall** (6:6) (e)
**00.45 Royal Pains** (8:18) (e)
**01.30 Law & Order: LA** (1:22) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**07.10 Transition Championship** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Transition Championship** (3:4)
**15.35 LPGA Highlights** (3:20)
**16.55 PGA Tour - Highlights** (11:45)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (12:42)
**19.00 Arnold Palmer Invitational** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 The Open Championship Official Film 2010**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.40 The Doctors**
**20.25 Curb Your Enthusiasm** (5:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Hamingjan sanna** (2:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld. Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**22.25 Pretty Little Liars** (18:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
**23.15 Hawthorne** (10:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
**00.00 Ghost Whisperer** (2:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**00.45 Tvímælalaust**
**01.25 Curb Your Enthusiasm** (5:10)
**01.55 The Doctors**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Hvaða segja gamlir harðjaxlar um ástandið?
**21.00 Undir ESB feldi** Evrópumálin. Umsjón Frosti Logason og Heimir Hannesson.
**21.30 Eru þeir að fá'ann?** Það eru bara klukkutímar í vertíð.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00
### Arnar og Ívar á ferð og flugi



Nýr íslenskur ferðaþáttur á léttum nótum með félögunum Arnari Grant og Ívari Guðmundssyni. Þessi þjóðkunnu hreystimenni heimsækja fimm borgir og skoða áhugaverða staði og venjur sem hinn almenni ferðamaður missir gjarnan af.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.29** Útvarpsperlur: Mín er gata gróin sorg **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.55** Keeping Up Appearances **12.25** Keeping Up Appearances **12.55** Whose Line Is It Anyway? **13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** The Office **20.00** The Office **20.30** Moses Jones **21.20** Live at the Apollo

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** Vagn i Japan **12.30** Søren Ryge **13.00** Vores Liv **13.30** Snydt igen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Humf **15.05** Timmy-tid **15.15** Kasper & Lise **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Gintberg på kanten **19.30** Ulandsamatøren **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Prisen på Ikea **22.00** Nordlys

## NRK 1

**12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** FBI **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Kjærlighetshagen **15.40** Filmavisen 1960 **15.50** Fysikk på rorerommet **16.00** NRK nyheter **16.10** Verdensarven **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Nummer 1 **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Fly med oss! **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** Minnenas television **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Fågeldans i Taravika **15.30** Skavlan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Två kockar i samma soppa **22.35** Uppdrag Granskning **23.05** Veckans brott







**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„„Ég er eiginlega alltaf með í eyrunum plötuna hans Helga Hrafns Jónssonar, For the Rest of My Childhood, hún hefur verið í eyrunum á mér frá aðdraganda HönnunarMars.“*

Greipur Gíslason, verkefnisstjóri HönnunarMars.

# Amazon gefur út bækur Viktors Arnars

„Þetta kom mér mjög á óvart,“ segir rithöfundurinn Viktor Arnar Ingólfsson.

Útgáfufyrirtækið Amazon Crossing, sem er í eigu bandaríska netrisans Amazon, hefur keypt útgáfuréttinn á þremur bókum Viktors Arnars. Flateyjargáta kemur út í Bandaríkjunum í haust, Engin spor í apríl á næsta ári og Afturelding í júlí sama ár. Amazon hefur einnig tryggt sér útgáfuréttinn á Galdri, skáldsögu Vilborgar Davíðsdóttur.

„Maður hefur litið þannig á að Bandaríkjamarkaður væri óvinnandi vígi og það tæki því ekki að streða við að komast þangað en þarna er alveg nýr vinkill á útgáfu sem er gaman að skuli vera kominn til,“ segir Viktor Arnar.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að Amazon Crossing ætlaði að gefa út tíu bækur eftir tíu íslenska höfunda bæði í prentuðu og Kindle-rafbókarformi í tilefni af heiðurssessi Íslands á bókamessunni í Frankfurt í haust. Nú er ljóst að bækurnar verða fleiri en tíu og eru það góð tíðindi fyrir íslenskar bókmenntir.

Með því að gera þriggja bóka samning við Viktor sýnir fyrirtækið að það ætlar ekki að tjalda til einnar nætur í samstarfinu við Ísland. Eitt lykilatriðið í vali Amazon á bókum Viktors og Vilborgar eru umsagnir lesenda á heimasíðum þess í mismunandi löndum. Fyrrgreindar bækur þeirra eiga það einmitt sammerkt að hafa hlotið frábærar umsagnir á þýsku Amazon-síðunni en þar í landi hafa bækur Viktors selst í um 150 þúsund eintökum.

Aðspurður segist hann ekki fá fúlgur fjár fyrir samninginn við Amazon Crossing, enda séu rithöfundar yfirleitt láglaunafólk. Heiðurinn sé fyrst og fremst mikill. Hann býst ekki við að ferðast til Bandaríkjanna til að kynna bækurnar en mun ræða þau mál betur við starfsfólk Amazon á bókamessunni í Frankfurt í haust. - fb



**KOM Á ÓVART** Rithöfundurinn Viktor Arnar Ingólfsson segir að áhugi Amazon Crossing hafi komið sér mjög á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslandsmeistaramót í Ólsen ólsen

„Það er kominn tími á að sýna og sanna í eitt skipti fyrir öll hver er bestur,“ segir Davíð Rúnarsson, eða Dabbi Rú, eigandi Gullaldarinnar í Grafarvogi.

Opna Íslandsmeistaramótið í Ólsen ólsen verður haldið á Gullöldinni á laugardaginn. Sigurvegarinn fær glæsilegan bikar í sinn hlut ásamt því að þátttökugjaldið rennur óskipt í verðlaunafé.

Dabbi segir að titillinn sé stór og að ýmislegt fylgi því að vera Íslandsmeistari í þessu aldagamla spili. „Það er ekki bara mikil kvenhylli sem fylgir þessu heldur fylgir mikil athygli fjölmiðla og virðing í undirheimum,“ segir hann. „Þetta er náttúrlega spil spilanna og sýnir klókindi og kænsku.“

Útsláttarfyrirkomulag verður á mótinu og Dabbi segist geta tekið á móti allt að 200 keppendum. Í fyrstu umferðunum er spilað einn á einn og sá sem fyrr vinnur tvö spil fer áfram. Þegar lengra verður komið í mótið þarf að vinna þrjú spil til að komast áfram.

„Það er mjög mikill áhugi fyrir mótinu,“ segir Dabbi, sem er viss um að mætingin verði góð. „Fólk er heitt fyrir þessu. Ég get lofað að það verður alveg pakkað hérna.“

En nú eru ömmur sérstaklega slyngir Ólsen ólsen-spilarar. Eru þær sérstaklega hvattar til að mæta?

„Já. Alveg sérstaklega eins og allir. Það verður nýliðakennsla ef svo ólíklega vill til að einhver kunni ekki reglurnar.“ - afb



**ÓLSEN ÓLSEN!** Dabbi Rú býst við fjölmörgum keppendum á Íslandsmeistaramótið í Ólsen ólsen á laugardaginn.


MIKIÐ ÚRVAL

... af notuðum fötum ...

Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.
Opin alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 2.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Mið 13.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 1.4. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Fim 14.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 26.3. Kl. 19:00 U | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn U |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 27.3. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 14:00 U | Sun 1.5. Kl. 14:00 |
| Sun 27.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 10.4. Kl. 17:00 Ö | Sun 1.5. Kl. 17:00 |
| Sun 3.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 Ö | |
| Sun 3.4. Kl. 17:00 U | Sun 17.4. Kl. 17:00 Ö | |



**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.4. Kl. 20:00 U | Lau 16.4. Kl. 20:00 Ö | Fös 6.5. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 9.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 28.4. Kl. 20:00 Ö | Lau 7.5. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 15.4. Kl. 20:00 Ö | Fös 29.4. Kl. 20:00 U | |



**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. U | Mið 30.3. Kl. 20:00 U | Sun 10.4. Kl. 20:00 |
| Fös 25.3. Kl. 20:00 U | Lau 2.4. Kl. 20:00 U | Lau 16.4. Kl. 20:00 |
| Sun 27.3. Kl. 20:00 Ö | Lau 9.4. Kl. 20:00 | Sun 17.4. Kl. 20:00 Ö |



**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 26.3. Kl. 20:00 Aukas. | Fös 8.4. Kl. 20:00 | Fös 15.4. Kl. 20:00 |



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 27.3. Kl. 13:30 Ö | un 3.4. Kl. 15:00 | Sun 17.4. Kl. 13:30 |
| Sun 27.3. Kl. 15:00 | Sun 10.4. Kl. 13:30 | Sun 17.4. Kl. 15:00 |
| Sun 3.4. Kl. 13:30 | Sun 10.4. Kl. 15:00 | |


**DÓRA DÚNA SIGHVATSDÓTTIR:** INNBLÁSIN AF TWIN PEAKS

# Opnar kaffihús á besta stað í Kaupmannahöfn

„Staðurinn er svona góð blanda af kósí kaffihúsi og menningarlegum vínbar,“ segir Dóra Dúna Sighvatsdóttir en hún opnaði á dögunum kaffihúsið The Log Lady á besta stað í miðbæ Kaupmannahafnar, nánar tiltekið við á Studiestræde, hliðargötu af verslunargötunni frægu, Strikinu. Dóra á og rekur kaffihúsið með vinkonu sinni Henriette og hefur verið mikið að gera síðan þær opnuðu „Við getum alls ekki kvartað yfir viðtökunum og þetta er ótrúlega gaman,“ segir Dóra. Hún er alls ekki ókunn barrekstri en hún opnaði á sínum tíma barinn Jolene með nöfnu sinni Takefusa. Það virðist vera eins konar tískubóla hjá Íslendingum að opna kaffihús eða bar um leið og þeir flytja til Kaupmannahafnar, kann Dóra Dúna einhverja útskýringu á því? „Nei, ætli það sé ekki bara tilviljun. Það er allavega ekki auðveldara ferli hér en heima. Allt tekur miklu lengri tíma hérna enda Danir ekki þekktir fyrir að flýta sér og öll leyfi renna mjög hægt í gegnum kerfið. Mér finnst samt mjög gaman að standa í þessu.“

Í fyrra seldi hún sinn hlut í Jolene-barnum, sem henni fannst hafa misst sjarmann, og hóf þá að leggja drög að kaffihúsinu. „Mig langaði að opna stað sem var meira fullorðins og menningarlegri. Við ætlum til dæmis að bjóða upp á ljóðaupplestur, fræðandi fyrirlestra og sérstök spákonukvöld,“ segir hún en nafn staðarins, The Log Lady, er komið frá sjónvarpsþáttunum vinsælu Twin Peaks sem eru í sérstöku uppáhaldi hjá henni. „Ég elska þessa þætti og karakterinn sem gengur undir nafninu The Log Lady er svona spákona sem er sjúk í tré og við reyndum að taka mið af því þegar við hönnuðum staðinn, sem er kannski smá eins og notalegur sumarbústaður.“





**GÓÐ STEMMING FYRIR ÖLLU** Dóra Dúna lýsir kaffihúsinu sínu, The Log Lady, sem góðri blöndu af kósí kaffihúsi og menningarlegum vínbar með heimilislegu yfirbragði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANIKALORI

Dóra Dúna fékk einmitt hugmynd að hönnuninni frá plötusnúðnum og klipparanum Jóni Atla Helgasyni en hann er nýfluttur til Kaupmannahafnar og ætlar eitthvað að þeyta skífum fyrir gesti staðarins í framtíðinni. „Hann er svo skemmtilegur og kom með margar frábærar hugmyndir. Við erum til dæmis með einn vegg sem heitir fermingarveggurinn og báðum alla vini okkar að koma með fermingarmyndir af sér og hengja upp á vegg. Það er mjög fyndið þar sem flestir geta nú verið sammála um að maður er ekki á sínu fallegasta skeiði í kringum fermingaraldurinn. Þessi veggur fær mann allavega til að brosa.“

Dóra Dúna hefur nú búið í Danmörku í fjögur ár og líkar vel. Hún er búin að koma sér vel fyrir í borginni þar sem hún býr ásamt kærustu sinni Djunu Barnes, sem er einn af frægustu plötusnúðum Danmerkur. „Ég er komin til að vera og held að ég geti hiklaust sagt að ég muni aldrei flytja aftur til Íslands. Tækifærin leynast frekar hér en heima,“ segir Dóra Dúna áður en hún snýr sér aftur að kaffiþyrstum gestunum. alfrun@frettabladid.is

# Booka Shade vill íslenskt nammi

Þýska tvíeykið Booka Shade vill fá íslenskt sælgæti og nóg af því í búningsherbergi sitt í Laugardalshöll.

Booka Shade kemur fram á aðdáendahátíð íslenska EVE Online, í Laugardalshöll á laugardaginn, en hátíðin hefst í dag. Þeir Walter Merziger og Arno Kammermeier, sem skipa tvíeykið, hafa áður komið til landsins og kynntust þá greinilega lystisemdum íslenska sælgætisins. Þeir biðja sérstaklega um súkkulaði-, lakkrís og marsípanslæluna Tromp en taka fram á kröfulistanum að það verði að vera nóg af öðrum tegundum.

Félagarnir eru augljóslega miklir matmenn því þeir vilja pitsur, hamborgara og kjúklingavængi eftir tónleikana ásamt nógu af áfengi; viskíi, vodka, kampavíni og orkudrykknum Red Bull. Þá vilja þeir gott úrval af íslenskum snafsi og því má búast við að skipuleggjendur bjóði þeim upp á Brennivín, en fáir útlendingar sleppa úr landinu án þess að smakka það.

Booka Shade drengirnir báðu sérstaklega um að fá aðgang til að spila EVE Online, en óvíst er hvort þeir hafi prófað leikinn. Loks óskuðu þeir eftir að eftirpartí yrði haldið þeim til heiðurs í kjallara skemmtistaðarins Rex. Hann er ekki til lengur og ekki heldur Jacobsen, sem var opnaður síðar í sama húsnæði. Kaffihúsið Laundromat er núna í húsnæðinu og var þeim því tjáð að kjallarinn væri í dag sérstaklega ætlaður börnum. Eftirpartíið verður því á Kaffibarnum. - afb



**ÞÝSKIR NAMMIGRÍSIR** Booka Shade vill nóg af íslensku nammi í búningsherbergi sitt í Laugardalshöll.







**VPCEA4S1E**

14" fartölva sem tekið er eftir
i3 örgjörvi, 320GB HD og 4GB minni
ATI Mobility Radeon myndvinnsla
Windows7 Home Premium 64Bit
Playstation 3 Samhæfing:
Remote Keyboard og Remote Play
Úrval lita

Verð: 179.990



**VPCEB4E1E**

Flott 15,5" fartölva á góðu verði
Intel Pentium P6200
320GB HD og 4GB minni
Windows7 Home Premium 64Bit
HDMI tengi og minniskortalesari
Playstation 3 Samhæfing:
Remote Keyboard og Remote Play

Verð: 139.900



**VPCEC4L1E**

Hágæða 17,3" LED skjár
i3 örgjörvi, 500GB HD og 4GB minni
ATI Mobility Radeon HD
Windows7 Home Premium 64Bit
Quick Web Access: 30 sek startími á interneti með einni snertingu
Playstation 3 Samhæfing

Verð: 189.900



**VPCYB1S1E**

Létt 11,6" LED skjár
Aðeins 1,5 kg
AMD Dual core E-350
320GB HD & 2GB minni
AMD Radeon™ HD 6310
Windows® 7 Home Premium
HDMI útgangur

Verð: 109.900

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.
NOVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vel skipulagðir

**Hreimur Örn Heimisson** og félagar í Vinum Sjonna hafa fengið yfirlit yfir dagskrána sína í Düsseldorf sem Jónatan Garðarsson skipuleggur. Hreimi, sem hefur aldrei tekið þátt í þessari keppni, kom það víst á óvart hversu mikið og nákvæmt skipulag Jónatan hafði á hlutunum því hver einasta mínúta, frá brottferðarstaðnum í Efstaleiti, er skipulögð. Og er þá verið að meina í bókstaflegri merkingu. Hreimur og Matthías Matthíasson eru hins vegar nokkuð bjartsýnir á að þeim takist að finna glufur til að leika átján holur af golfi.



### Málin leyst...

Launamunur kynjanna er eitt af stærstu réttlætismálum nútímaþjóðfélags og hafa fjölmargir einstaklingar og stofnanir unnið að úrbótum um árabil, með aðeins takmörkuðum árangri. Nú hillir undir lausn þessa vanda þar sem Stefán Einar Stefánsson, frambjóðandi til formanns VR, er kominn með svarið. Í framsögum sínum hefur hann sagst ætla að fara og hitta stjórnendur fyrirtækja og semja við þá um að útrýma kynbundnum launamun. Varla vilji stjórnendur að formaður VR segi þá standa í vegi fyrir jafnrétti, „síst af öllu ef hann er að kenna viðskiptasiðfræði í háskólanum". Af hverju datt engum þetta í hug áður?



- þj, fgg

### Mest lesið VÍSIR

1. Innkalla hrásalat og kartöflusalat
2. Elizabeth Taylor er látin
3. Reyndi rán með sprautunál en sætti sig við pylsu og...
4. Eyjafjarðarsveit hættir viðskiptum við Arion vegna...
5. Draugaborgin Detroit

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




